














# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Helgarútgáfa
**16. október 2010**
243. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000



## Með stjörnum í London

*Ian McKellen steig á svið með Vesturporti.*

**fólk** 70

## Við eigum ekki að niðurgreiða drasl

*Dragan Klaic um framtíð opinberrar menningar.*

**menning** 32



## Lærðum að spara

*Pétur H. Blöndal fer sínar eigin leiðir í stjórnmálum.*

**stjórnmál** 22

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Heimili&hönnun | Allt atvinna | Allt






**SUNGIÐ OG SVAMLAÐ** Söngfuglinn Lay Low tók lagið fyrir baðgesti og aðra viðstadda í Vesturbæjarlauginni í gærkvöldi. Uppákoman var hluti af tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves, sem nú stendur sem hæst. **Sjá síðu 56**

FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

# Ekki hægt að hjálpa öllum

**Forsætisráðherra útilokar flata niðurfellingu lána hjá öllum. Þeim verði hjálpað sem þurfi hjálp. Hún vonar að fólk sýni skilning á stöðunni. Sérfræðingar reikna út kostnað við tillögur um leiðir um helgina.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnvöld og fjármálastofnanir einbeita sér nú að því að leysa úr skuldavanda þeirra sem nauðsynlega þurfa á því að halda.

Að loknum stífum fundahöldum alla vikuna eru hugmyndir um flata niðurfellingu lána hjá öllum komnar út af borðinu. Þær mættu víðtækri andstöðu banka, lífeyrissjóða og aðila vinnumarkaðarins.

„Það er ekki hægt að hjálpa öllum. Við höfum ekki efni á að gera það og það myndi skapa fleiri vandamál en það leysir,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

Hún hefur sett á fót starfshóp undir forystu Sigurðar Snævarr, efnahagsráðgjafa forsætisráðherra, sem á að reikna út og meta níu tillögur og hugmyndir að aðgerðum fyrir skuldsett heimili. Starfshópurinn hefur þegar hafið störf.

Jóhanna segir lagt upp með að grípa til aðgerða sem beinist markvisst að tilteknum hópum. „Við erum helst að skoða þá sem keyptu fasteign á síðastliðnum þremur til fjórum árum og fólk á aldrinum 25 til 40 ára sem er með mikið yfirveðsettar eignir.“ Markmiðið sé að ná til þeirra sem að öðrum kosti færu með skuldaklafa og gríðarlega greiðslubyrði langt inn í framtíðina. Fyrir hrun voru sextán þúsund manns í verulegum vanskilum. Sá hópur telur nú 22 þúsund manns.

Það er ein af niðurstöðum fundahalda vikunnar að hvorki ríkissjóður né fjármálastofnanir myndu ráða við átján prósenta niðurfellingu lána hjá öllum. Slíkur yrði kostnaðurinn.

Jóhanna vonast til að almenningur sýni því skilning. „Sú leið er allt of kostnaðarsöm. Það má ekki gera þetta þannig að við ógnum efnahags- og fjármálastöðugleika landsins.“

Þá er í bígerð einföldun margvíslegra úrræða sem þegar eru í boði en fólk hefur veigrað sér við að nýta vegna flækju eða af öðrum ástæðum.

**- bþs**









Þúsundasti þátttakandinn á Þjóðfundi um stjórnarskrána hefur staðfest þátttöku:

# Þjóðfundurinn fullmannaður

**SAMFÉLAGSMÁL** Þjóðfundur um stjórnarskrá Íslands, sem fram fer 6. nóvember næstkomandi, er fullmannaður en þúsundasti þátttakandinn staðfesti komu sína á fundinn í gær.

Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar, segir það ánægjulegt að þegar hafi tekist að manna Þjóðfundinn, þótt enn séu þrjár vikur til stefnu. Fjöldi fólks hafi einnig þegar ákveðið að bjóða sig fram til stjórnlagaþingsins. „Við finnum að áhugi og skilningur á þessu merka verkefni vex óðum,“ segir Guðrún.



**VIÐ STJÓRNARRÁÐIÐ** Stjórnarskráin sem Kristján IX. færði þjóðinni á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar hefur lítið breyst. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þátttakendur voru valdir af handahófi úr þjóðskrá þar sem gætt var að skiptingu þeirra eftir búsetu og kyni. Á næstu dögum munu allir þátttakendur fá sent bréf ásamt stjórnarskrá lýðveldisins.

Jafnmargar konur eru skráðar á fundinn og karlar. Elsti þátttakandi á Þjóðfundi er fæddur 1921, en fjórtán eru fæddir fyrir árið 1930. Yngstu gestirnir eru fæddir 1992 og verða þeir 22 talsins.

Fundurinn er undanfari stjórnlagaþings, en kosningar til þess fara fram 27. nóvember. Framboðsfrestur rennur út á hádegi næstkomandi mánudag. - shá

## SPURNING DAGSINS



*Anna, voru kysstir margir franskir kossar í Sóltúni?*

Já, það var mikið um kossa og gleði í hjörtum og franskur andi sveif yfir vötnum.

Anna Birna Jensdóttir er hjúkrunarforstjóri á Sóltúni þar sem haldnir voru Franskir dagar í vikunni með rauðvínsdrykkju, franskri tónlist og öllu tilheyrandi.

Samið um uppgjör Byrs:

# Byr fær fimm milljarða lán

**VIÐSKIPTI** Byr hf. fær fimm milljarða víkjandi lán úr ríkissjóði sem ráðgert er að Byr greiði upp á fimm árum. Þetta er hluti af samkomulagi um stofnun hins nýja Byrs á rústum þess gamla. Slitastjórn sparisjóðsins, fjármálaráðuneytið og Byr hf. sömdu um þetta 14. október síðastliðinn.

Hlutur ríkisins í Byr hf. verður 5,2 prósent en afgangurinn verður í eigu Byrs sparisjóðs, sem er í slitameðferð, en í vörslu og umsjón fjármálaráðuneytisins næstu tvö ár. - sh

# Hálfáttræður fastur í starfi sem húsvörður

**Þótt Ásmundur Þórhallsson hafi sagt upp sem húsvörður á Eiðum um síðustu áramót getur hann ekki hætt því eigandinn ræður ekki eftirmann eins og lofað var. Ásmundur er hálfáttræður og vill nú fara að gera eitthvað fyrir sig sjálfan.**

**FÓLK** „Það er margt annað sem maður hefur áhuga á að gera áður en maður verður alveg ónýtur til alls. Fyrir mann sjálfan bara,“ segir Ásmundur Þórhallsson, sem verið hefur húsvörður á Eiðum á Héraði um árabil og lengur en hann kærir sig um.

Sveitarfélagið Austur-Hérað (Fljótsdalshérað í dag) seldi Sigurjóni Sighvatssyni og Sigurði Gísla Pálmasyni húsakostinn þar sem héraðsskóli var á Eiðum í umdeildum viðskiptum á árinu 2001. Edduhótel er rekið á Eiðum á sumrin en notkunin á veturna er mjög stopul og oftast er þar þá alls enginn maður.



**SIGURJÓN SIGHVATSSON**



**SIGURÐUR GÍSLI PÁLMASON**

Ásmundur, sem býr á Ormsstöðum skammt frá Eiðum, hefur verið þar húsvörður og sinnt bæði viðhaldi og eftirliti. Hann sagði upp um síðustu áramót en gengur illa að fá sig lausan.

„Ég lofaði Sigurjóni þegar ég hætti að ég skyldi kíkja á þetta þangað til það yrði búið að ráða annan mann. Hann ætlaði að vera búinn að því áður en vorið kæmi en það er nú ekki komið enn. Það er sennilega vetur ennþá,“ segir Ásmundur og hlær. „En ég er hræddur um að það sé vegna þess að það vantar aura eins og víða,“ bætir hann við.



**EIÐAR** Héraðsskólinn komst í eigu einkaaðila árið 2001 og hafa byggingarnar verið í lágmarksviðhaldi allar götur síðan þá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Hann ætlaði að vera búinn að því áður en vorið kæmi en það er nú ekki komið enn. Það er sennilega vetur enn þá.
>
> ÁSMUNDUR ÞÓRHALLSSON HÚSVÖRÐUR Á EIÐUM.

Síðan sumarvertíðinni lauk hjá Hótel Eddu kveðst Ásmundur nú fara annan hvern dag til að líta eftir á Eiðum. „Ég hef farið og kíkt upp á það hvort allt sé í lagi. Það er ekki hægt annað því þetta liggur bara undir eyðileggingu ef enginn lítur eftir,“ segir hann.

Margir heimamenn hafa áhyggjur af því að byggingunum á Eiðum hnigni ört. Að sögn Ásmundar liggur húsakosturinn þó ekki beint undir skemmdum. Þótt hann sjálfur sé hættur að sinna viðhaldi bygginganna séu verktakar fengnir í það sem sé bráðnauðsynlegt, þá fyrst og fremst tengt hótelrekstrinum.

„En það er ómögulegt að hafa ekki mann þarna til að líta eftir, því það eru svo mikil verðmæti í húfi. Ef rafmagn og hiti fer af og það frýs er þarna orðið milljónatjón. Það getur alltaf eitthvað klikkað,“ minnir húsvörðurinn nauðugi á. „Ég er kominn á aldur og meira en það, varð hálfáttræður í haust, þannig að það er kominn tími á það að ég fái að hætta.“

Ekki náðist í Sigurjón Sighvatsson í gær. gar@frettabladid.is



**ÁNÆGÐIR LESENDUR** Nokkur fjöldi fólks beið í anddyri Austurbæjarbíós þegar miðasalan var opnuð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fréttablaðið gaf leikhúsmiða:

# Miðar á Dísu ljósálf ruku út

**SKEMMTUN** Tvö hundruð gjafamiðar á fjölskyldusöngleikinn Dísu ljósálf ruku út á fimmtán mínútum í Austurbæjarbíói í gær þegar Fréttablaðið gaf áhugasömum lesendum miða á sýninguna.

Söngleikurinn er í leikstjórn Páls Baldvins Baldvinssonar og verður frumsýndur eftir viku. Í aðalhlutverkum eru Álfrún Helga Örnólfsdóttir og Steinn Ármann Magnússon. Gunnar Þórðarson sér um tónlistarstjórn. - mþl

Samið um varnarsamstarf:

# Kanadaher æfir sig á Íslandi

**STJÓRNMÁL Ísland og Kanada hafa samið um samstarf í varnarmálum. Í því felst meðal annars að Kanadaher mun stunda æfingar á Íslandi. Að auki nær það til aukins samráðs, upplýsingasamskipta og menntunar og starfsþjálfunar, að því er fram kemur í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu.**

**Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Peter G. MacKay, varnarmálaráðherra Kanada, undirrituðu samkomulagið í Brussel þar sem ráðherrar aðildarríkja NATÓ funduðu fyrir helgi.**

**Áður hefur Ísland samið um samstarf í varnar- og öryggismálum við Dani, Norðmenn, Breta og Bandaríkjamenn. - bþs**



**SÍÐASTI SPÖLURINN** Fagnaðarlæti brutust út í göngunum þegar borað var í gegnum síðasta haftið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Boruðu heila 57 kílómetra:

# Lengstu göng heims tilbúin

**SVISS, AP Borun lauk í gær á göngum undir Gotthard Massif-fjallgarðinn í Ölpunum sem eru frá og með deginum í gær lengstu göng í heimi.**

**Göngin sem nefnast Gotthard Base-göngin eru alls 57 kílómetrar að lengd og taka því metið frá hinum japönsku Seikan-göngum sem eru 53 kílómetrar.**

**Háhraðajárnbraut mun liggja í gegnum göngin sem verða aðallega notuð til að flytja vörur í gegnum Alpana. - mþl**

Nóg að gera hjá FME:

# Rannsaka tugi innherjasvika

**VIÐSKIPTI** Tugir einstaklinga eru til rannsóknar hjá Fjármálaeftirlitinu vegna gruns um að þeir hafi nýtt sér upplýsingar um stöðu bankanna í aðdraganda hrunsins til að hagnast á hlutabréfasölu. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gærkvöldi.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins sagði í fréttatímanum að erfitt væri að sanna sök í málum af þessu tagi. Sum hafi verið felld niður en önnur séu enn í rannsókn. Hann býst þó við að einhver málanna endi með ákæru. - sh






Dagur hvíta stafsins var í gær og gafst fólki færi á að prófa sjónhermigleraugu:

# Upplifðu reynsluheim blindra

**FÉLAGSMÁL** Dagur hvíta stafsins, alþjóðlegur baráttudagur blindra og sjónskertra, var í gær og stóð Blindrafélagið fyrir margvíslegri dagskrá í tilefni dagsins.

Blindrafélagið veitti Alþingi Samfélagslampa félagsins sem veittur hefur verið á deginum undanfarin ár. Var hann veittur Alþingi í tilefni af gildistöku laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Þá sendi Umferðarstofa frá sér áminningu til ökumanna um að taka tillit til þess að blindir og sjónskertir eru virkir þátttakendur í umferðinni eins og aðrir. Það á ekki síst við þegar ökumenn leggja bílum sínum en þá þarf að gæta þess að þeim sé ekki lagt þannig að þeir hindri för gangandi vegfarenda eða skapi óþarfa hættu. - mþl



**BLINDIR GANGA** Fólki gafst tækifæri til að upplifa reynsluheim blindra með því að setja upp sjónhermigleraugu í göngu Blindrafélagsins í gær. Meðal þeirra sem prófuðu gleraugun voru Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, og Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Kringlan
«fimmtudag til þriðjudags»
nýtt kortatímabil
NÝJAR VÖRUR
20-50%
afsláttur
Kringlukast
Kl. 15 í dag
Zumba fitness
sýning frá Nordica Spa
Nýjasta fitubrennsluæðið í dag
Þú gætir unnið frítt námskeið!
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000
Komdu í heimsókn
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 15.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 110,34 | 110,86 |
| Sterlingspund | 177,19 | 178,05 |
| Evra | 155,27 | 156,13 |
| Dönsk króna | 20,821 | 20,943 |
| Norsk króna | 19,183 | 19,295 |
| Sænsk króna | 16,808 | 16,906 |
| Japanskt jen | 1,3573 | 1,3653 |
| SDR | 174,3 | 175,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,6864

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Traust landsmanna á stjórnarandstöðunni eykst en færri treysta ríkisstjórninni samkvæmt könnun MMR:

# Aðeins 7,5% landsmanna treysta Alþingi

**KÖNNUN** Aðeins 7,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnun markaðsrannsóknafyrirtækisins MMR sögðust bera frekar mikið eða mjög mikið traust til Alþingis. Hins vegar sögðu 75,2 prósent bera frekar eða mjög lítið traust til þingsins.

Traustið hefur hrunið af þinginu, þó að ekki hafi verið úr sérlega háum söðli að falla. Í sambærilegri könnun MMR sem gerð var í maí sögðust 10,5 prósent treysta Alþingi, og átján prósent um miðjan september í fyrra.

Mun fleiri bera traust til stjórnarandstöðunnar en ríkisstjórnarinnar, þó að traust á báðum mælist lágt. Alls sögðust 17,8 prósent treysta stjórnarandstöðunni, sem er tæplega fjögurra prósentustiga aukning frá því í maí. Hins vegar sögðust 10,9 prósent treysta ríkisstjórninni, og hefur traustið dregist saman um ríflega átta prósentustig síðan í könnuninni í maí.

Lögreglan nýtur sem fyrr mikils trausts. Alls sögðust 80,9 prósent treysta lögreglunni.

Ríflega helmingur, 52,1 prósent, sagðist treysta Ríkisútvarpinu. Það er nokkru meira traust en fjölmiðlar almennt njóta, sem er aðeins um 14,8 prósent.

Um var að ræða netkönnun sem gerð var dagana 5. til 8. október. Þátttakendur voru 830, valdir úr hópi álitsgjafa MMR. **- bj**



**TRAUST** Stór hópur mótmælti við Alþingi nýlega. Fólk treystir lögreglunni sem stóð vörð við þinghúsið mun betur en þingmönnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tólf mánaða fangelsi:

## Stakk fyrrum unnusta ítrekað

**DÓMSMÁL** Kona hefur verið dæmd í tólf mánaða fangelsi, þar af níu á skilorði, fyrir að stinga fyrrverandi unnusta sinn ítrekað með hnífi, þar sem hann lá undir sæng á heimili sínu í Reykjavík.

Atvikið átti sér stað á nýársdag 2010. Konan játaði sök sína greiðlega fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Dómurinn leit til þess, svo og hins að áverkar mannsins voru ekki miklir.

Konan hafði ekki áður gerst sek um ofbeldisbrot. Samkvæmt sakavottorði hafði hún verið sektuð fimm sinnum fyrir brot gegn umferðar-, fíkniefna- og hegningarlögum, síðast árið 2004. **- jss**

## LEIÐRÉTT

Ranghermt var í blaði gærdagsins að eigandi íbúðar við Marbakkabraut hefði gengist við kannabisræktun í íbúðinni. Hið rétta er að það var leigjandi í íbúðinni sem það gerði.

Fréttablaðið birti 24. september síðastliðinn frétt af dómi yfir Sveinbirni Tryggvasyni, sem Hæstiréttur dæmdi til tveggja ára fangelsisvistar fyrir að hafa tælt unglingsstúlku til að hafa við sig kynferðismök nánast daglega í fjögur ár, með gjöfum og með því að nýta sér yfirburði sína gagnvart henni vegna aldurs- og þroskamunar. Í fréttinni sagði: „Síðan fór hann að beita hana ýmiss konar hrottalegri kynferðislegri misneytingu og kúgun, meðal annars með því að læsa hana inni í herbergi í fjóra klukkutíma þegar hann var ósáttur við hana.“ Þessi málsgrein var byggð á frásögn stúlkunnar eins og hún var rakin í dómi Héraðsdóms, en ekki niðurstöðum dómsins eins og ætla mátti af samhengi fréttarinnar. Ekki verður ráðið af dómnum að Sveinbjörn hafi verið sakfelldur fyrir þessi atriði. Beðist er afsökunar á missögninni.

# Útlit fyrir töluverða fækkun í bændastétt

**Ólíklegt er að meðalbú standi undir fjármagnskostnaði á næstu árum verði afkoma svipuð og síðustu ár. Bændum hefur fækkað um helming í Finnlandi á tíu árum, meira í Noregi og svipað hér. Þróunin virðist svipuð í öllum sýslum.**

**EFNAHAGSMÁL** Horfur eru á að bændum fækki mikið á næstunni, að því er segir í efnahagstímaritinu Vísbendingu. Fækkunin er sögð afleiðing breyttra aðstæðna í búrekstri og viðbragða bændastéttarinnar við þeim.

„Eitt af því sem veldur því að íslenskir bændur eiga erfitt uppdráttar er minnkandi neysla á mörgum landbúnaðarafurðum,“ segir í Vísbendingu. Bændur eru sagðir hafa brugðist við breyttum aðstæðum með því að stækka bú sín, kaupa vélar og bæta húsakost. Bent er á að sé horft til sauðfjárog kúabúa saman komi í ljós að stór bú framleiði að jafnaði þrjátíu sinnum meira en þau litlu. Frá þeim fimmtungi búanna sem minnst framleiði komi aðeins 1,8 prósent heildarafurða, en stærsti fimmtungurinn framleiði 54 prósent heildarafurða.

„Líklegt er að á minnstu býlunum verði hefðbundnum landbúnaði fyrst hætt og því muni bændum fækka mikið á næstunni,“ segir í umfjöllun Vísbendingar.

Þá er sagt áhyggjuefni hversu erfiður reksturinn hafi verið bændum undanfarið og mikið tap bæði í sauðfjár- og nautgriparækt árið 2008. „Í báðum tilvikum er skýringa að leita í miklum fjármagnskostnaði, en skuldir bænda stórhækkuðu það ár vegna gengisfalls krónunnar.“ Ólíklegt er talið að meðalbú standi undir fjármagnskostnaði á næstu árum miðað við að afkoma fyrir fjármagnsliði verði svipuð á næstu árum og árið 2008.



**RÉTTIR Í REYKJAHLÍÐ** Í nýrri grein í Vísbendingu er bent á að þótt framleiðni í íslenskum landbúnaði sé minni en í heitari löndum ráði ekki loftslagið eitt. Norskar kýr gefi til dæmis af sér meiri nytjar en íslenskar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Líklegt er að á minnstu býlunum verði hefðbundnum landbúnaði fyrst hætt og því muni bændum fækka mikið á næstunni.
>
> **ÚR UMFJÖLLUN VÍSBENDINGAR**

Í greininni er allítarlega farið yfir þróun landbúnaðar hér á landi frá upphafi 20. aldar. „Í Bændablaðinu mátti nýlega sjá þær upplýsingar að finnskum bændum hefði fækkað um helming frá því að landið gekk inn í Evrópusambandið. Ekki er ástæða til þess að efa að þær upplýsingar séu réttar,“ segir í Vísbendingu en um leið er bent á að á sama tíma muni norskum bændum hafa fækkað heldur meira. Þá virðist þróunin hafa verið svipuð hér á landi.

Fækkun starfa í hefðbundnum landbúnaði er sögð langtímaþróun í öllum vestrænum löndum og ólíklegt til að stöðvast, hvort sem Íslendingar verði utan eða innan ESB. Þá er vísað í tölur Bændasamtakanna um hækkandi meðalaldur búfjáreigenda, sem sé nú 54 ár, en hafi verið 52 ár fyrir nokkrum árum. „Þróunin virðist vera svipuð í öllum sýslum landsins.“ **olikr@frettabladid.is**



**EITUREÐJAN HREINSUÐ** Búið er að reisa vegg við Kolontar sem vernda á bæinn fyrir frekari eðjuflóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hreinsunarstarfi miðar áfram:

## Íbúar snúa heim eftir eðjuflóð

**UNGVERJALAND, AP** Íbúar ungverska bæjarins Kolontar eru á leið heim aftur eftir að eðjuflóð skall á bænum í síðustu viku. Stífla við úrgangslón álverksmiðju í nágrenninu brast og rauð eitureðja flæddi um nærliggjandi sveitir.

Íbúarnir hafa hafst við í íþróttahúsi í nágrannabænum Ajka síðan flóðið reið yfir. Níu létust í flóðinu og um fimmtíu eru enn á sjúkrahúsi.

Umhverfisverndarsamtökin Greenpeace vöruðu við því að of snemmt gæti verið fyrir íbúa að snúa aftur, ekki hefði verið gengið nægilega vel úr skugga um að svæðið væri öruggt. **- mþl**

Úðað á skrifstofu ræðismanns:

## Stuðningur við nímenninga

**SVISS Skemmdir voru unnar á hurð ræðismannsskrifstofu Íslands í Bern í Sviss aðfaranótt fimmtudags. Orðin „free rvk9“ voru úðuð með málningu á hurðina og lásinn límdur aftur.**

**Ljóst þykir að skemmdarverkin hafi verið unnin í mótmælaskyni við ákærur á hendur nímenningunum sem sakaðir eru um árás á Alþingi í árslok 2008. Ekki varð mikið tjón. - sv**




**Málverkasýning**
**Eddu Guðmundsdóttur**
**Árstíðir**
**Stendur yfir á Geysi Bistro, Aðalstræti 2**
**Til loka nóvember**


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNANDI**
Á morgun fer veður kólnandi þegar vindur snýst til norðlægrar áttar og á mánudag má búast við að hiti verði rétt við frostmark um landið norðanvert. Þá lítur út fyrir snjókomu eða slyddu norðan- og austanlands á mánudag.



**Á MORGUN**
Strekkingur með NV- og SA-strönd annars hægari.

**MÁNUDAGUR**
Allhvasst með A-strönd annars hægari vindur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 13° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 14° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 7° |
| París | 15° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


ALLAR
POTTAPLÖNTUR
30%
AFSLÁTTUR
ORKIDEA
1499kr
Rýmingarsala
- rýmum fyrir jólum
3 stk
ERIKUR OG
CALLUNUR
879kr
veljið sjálf!
HAUSTLAUKAR
40%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SMÁPAKKNINGUM
150 GERÐIR
ALLAR
POTTAHLÍFAR
30%
AFSLÁTTUR
Magn-
pakkningar
HAUSTLAUKAR
1499kr
Ís
á 50kr
í Skútuvogi
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

KJÖRKASSINN



*Hefur þú keypt þér nýtt raftæki á þessu ári?*

| | |
|---|---|
| Já | 46% |
| Nei | 54% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Sækir þú einhverja tónleika á Airwaves í ár?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Félagið Ísland-Palestína stofnar Maríusjóðinn, félag til styrktar konum og börnum á Gaza:

# Afhenti hálfrar milljóna króna framlag

**GAZA** Styrktarsjóður var stofnaður á Gaza í gær sem ber heitið Maríusjóðurinn. Fjármagn sjóðsins rennur til Aisha, félags til verndar konum og börnum á Gaza-svæðinu.

Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og formaður félagsins Ísland-Palestína, er staddur á Gaza og afhenti í gær fyrsta framlagið til Maríusjóðsins, 5.000 Bandaríkjadali sem samsvara rúmlega hálfri milljón íslenskra króna. Maríusjóðurinn er nefndur í höfuðið á Maríu M. Magnúsdóttur hjúkrunarfræðingi, sem starfaði í hálfa öld í Lundúnum, meðal annars á stríðsárunum.

Félagið Aisha rekur sambærilega starfsemi á Gaza og Stígamót gera hér á landi og er starfsþjálfun og endurhæfing fyrir konur einnig undir sama þaki. Sveinn Rúnar segir að starfsemi félagsins sé til fyrirmyndar og hafi í fimmtán ár verið rekin undir hinum þekktu Geðhjálparsamtökum á Gaza, en muni frá næstu áramótum starfa sjálfstætt.

Sveinn Rúnar segir að stefnt sé að því að safna áskrifendum sem vilji styðja konur og börn á Gaza, sem orðið hafi fyrir kynferðislegu eða heimilisofbeldi, með föstu mánaðarlegu framlagi.

Lagt er til að framlagið verði á bilinu 2.400 til 12.000 krónur mánaðarlega, en er þó frjálst. Stefnt er að því að leggja inn í sjóðinn 5.000 Bandaríkjadali mánaðarlega í þrjú ár til að byrja með. **- sv**



**FRAMLAGIÐ AFHENT** Sveinn Rúnar Hauksson, formaður FÍP, afhendir Naimu Rawagh forstöðukonu fyrsta framlagið í Maríusjóðinn, 5.000 Bandaríkjadali.

Vilja selja Orkuveituhlut:

## Borga ekki fyrir pólitísk afglöp

**BORGARBYGGÐ Þrír fulltrúar minnihlutans í sveitarstjórn Borgarbyggðar vilja að sveitarfélagið selji hlut sinn í Orkuveitu Reykjavíkur. Ljóst sé að Borgarbyggð geti ekki lagt fram það fjármagn sem þurfi til að tryggja rekstur fyrirtækisins.**

**„Það er engum blöðum um það að fletta að sveitarstjórn Borgarbyggðar er ekki ábyrg fyrir þeim pólitísku ákvörðunum sem hafa orðið til þess að staða OR er eins og hún er. Því er ótækt að ætlast til þess að sameignafé íbúa Borgarbyggðar sé notað til að greiða fyrir þau afglöp sem pólitískir stjórnendur OR undanfarin ár, hafa unnið á undanförnum árum," segir í bókun fulltrúa Samfylkingar og Framsóknarflokks. - gar**



**GENGIÐ TIL VERKA** Húsakynnin fengu andlitslyftingu í sumarblíðu.

MYND/ALCOA Á ÍSLANDI

Samfélagssjóður Alcoa:

## Tíu í tíu löndum fengu 10 þúsund

**SAMFÉLAGSMÁL** Samfélagssjóður Alcoa færði tíu félagasamtökum í tíu löndum tíu þúsund Bandaríkjadala í styrk sunnudaginn 10. október. Það er um 1,2 milljónir íslenskra króna. Björgunarsveitin Ársól á Reyðarfirði varð fyrir valinu á Íslandi.

Sveitin fékk styrkinn afhentan þegar starfsmenn Alcoa, ásamt fleira fólki, unnu að svokölluðu ACTION-verkefni, sem er sjálfboðaliðaverkefni sem starfsmenn Alcoa standa fyrir. Það fólst meðal annars í því að mála húsakynni björgunarsveitarinnar að innan, klæða eldri hluta hússins að utan og helluleggja stétt við húsið. **- shá**

**SJÁVARÚTVEGUR**

### 15.000 tonna síldarkvóti

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur tekið ákvörðun um að úthluta 15.000 lesta afla í sumargotssíld fyrir fiskveiðiárið 2010/2011. Er það upphafsúthlutun í sumargotssíld fyrir fiskveiðiárið en ákvörðun um endanlega úthlutun heildarafla liggur ekki fyrir.

# Lífeyrissjóðir setji á fót íbúðaleigufélög

**Mun minna framboð er af leiguhúsnæði en eftirspurn. Á sama tíma er lítið vitað um leigumarkaðinn hérlendis. Formaður Félags löggiltra leigumiðlara vill að bankar og Íbúðalánasjóður taki sig saman og setji á fót þróað leigufélag.**

**FRÉTTASKÝRING**

Þarf að breyta leigumarkaðnum?

„Bankar og Íbúðalánasjóður verða að taka sig saman og búa til félag sem kaupir fasteignir og setur á laggirnar þróað leigufélag. Það gæti verið í eigu lífeyrissjóða, verkalýðsfélaga eða fjárfesta," segir Svanur Guðmundsson, formaður Félags löggiltra leigumiðlara og framkvæmdastjóri leigumiðlunarinnar Húsaleiga.is.

Fréttablaðið sagði í vikunni teikn á lofti um að íbúðafélög að norrænni fyrirmynd, sem keypti fasteignir og leigði þær áfram, væru í mótun.

Svanur tekur undir að þörfin sé mikil á þróuðu íbúðaleigukerfi; fram til þessa hafi það verið bundið félagslegu leiguhúsnæði sveitarfélaga og Búsetakerfi auk leiguíbúða háskólanema. Nú hafi almenni leigumarkaðurinn eflst mikið. Þeir sem hafi misst íbúðarhúsnæði sitt í hendur bankanna síðustu mánuði þurfi á leiguhúsnæði að halda. Þá kjósi margir að leigja fremur en að kaupa fasteignir. Bankarnir hafi ekki komið til móts við þörfina; þeir virðist fremur vilja eiga tómar íbúðir en bjóða þær til leigu.

Svanur segir að samtímis því sem eftirspurn eftir leiguhúsnæði hafi aukist umfram framboð skorti mikilvægar upplýsingar um hana. „Ég barðist fyrir því heillengi að láta taka saman upplýsingar um fjölda leigusamninga," segir Svanur. Af því varð ekki og því liggur ekkert fyrir um stöðu leigumarkaðarins.

Svanur segir að þegar íbúðaverð hafi tekið að rjúka upp fyrir nokkrum árum hafi verið nauðsynlegt að stíga fyrstu skrefin í átt að breyttu íbúðaleigukerfi. Það hafi ekki verið gert. Afleiðingin varð sú að fólk sem kom sér upp þaki yfir höfuðið með fasteignakaupum sökk í skuldafen. Í raun hafi verið hagstæðara að leigja í stað þess að kaupa fasteign.

„Umræðan um leigumarkað hér hefur verið þröngsýn. Það er út af því að mikill hluti þeirra sem hafa verið í leiguhúsnæði hefur verið í félagslega kerfinu. Fólk hefur fram til þessa talið íbúðaleigu jafngilda því að kasta peningum á glæ. En hrunið hefur fengið fólk til að hugsa öðruvísi," segir hann.

jonab@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Hvað kostar að leigja?

Meðalleiguverð á 50 til 60 fermetra íbúð í Reykjavík hljóðar upp á um 2.000 krónur á fermetrann. Það jafngildir allt frá 100 til 150 þúsund króna á íbúð. Allt fer þetta eftir staðsetningu. Fermetraverðið er í kringum 1.000 krónur í stærri eignum í úthverfum höfuðborgarinnar eða utan hennar. Við leiguverðið bætist gjarnan gjald í hússjóð og kostnaður við hita og rafmagn. Allt fer það þó eftir samkomulagi.

### Leigja til margra ára ára í senn



„Við töldum þetta vera næsta skref, að fólk myndi leigja til langs tíma. Við ákváðum því að koma til móts við markaðinn og bjóða leigusamninga, lengri uppsagnarfrest og aukið öryggi," segir Teitur Jónasson, framkvæmdastjóri Meira-leiguhúsnæðis. Félagið er í eigu bandaríska fjárfestisins Michaels Jenkins, sem keypti fasteignir í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi af verktakafyrirtækjum fyrir nokkru. Íbúðirnar eru með þremur til fjórum herbergjum og geta leigjendur gert breytingar á þeim, svo til eftir eigin höfði.



**JANUS PETERSEN** Bankastjóri Bank Nordik hefur tekið við sem formaður Vinnuveitendasambands Færeyja.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Færeyingar hafa sætaskipti:

## Nýr formaður vinnuveitenda

**FÆREYJAR** Janus Petersen, bankastjóri Bank Nordik, áður Föroya Bank, hefur tekið við sem formaður Vinnuveitendasambands Færeyja.

Portalurinn, fréttavefur færeyska ríkisútvarpsins, segir Petersen taka við af Marner Jacobsen, fyrrverandi bankastjóra Eik bank, sem stóð upp úr formannssætinu á nefndarfundi sambandsins í síðustu viku í kjölfar alvarlegra fjárhagsvandræða bankans. Jacobsen var látinn taka poka sinn hjá bankanum, sem nú er í höndum dönsku bankasýslunnar. **- jab**

Sex innbrot í Búðardal:

## Leitað að grunsamlegum bíl

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Búðardal leitaði í gær bifreiðar sem var talin geta tengst innbrotum í sex fyrirtæki á staðnum í fyrrinótt. Óþekkt bifreið sást lónandi í bænum sömu nótt.**

**Jóhannes B. Björgvinsson lögreglumaður sagði að fyrirtækin væru öll við sömu götuna í Búðardal. Innbrotin eru talin hafa átt sér stað frá klukkan tvö aðfaranótt föstudags til sex um morguninn. Talsverðu var stolið af peningum. Þá létu þjófarnir greipar sópa þar sem þeir komust í tölvubúnað og verkfæri.**

**Lögregla biður þá sem hafa orðið varir við grunsamlegar mannaferðir á þessu tímabili að láta vita í síma 433-7620. - jss**

Friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna í uppnámi:

# Landnemabyggðir rísa á ný

**JERÚSALEM, AP** Ísraelsk yfirvöld hafa bundið enda á óformlegt bann við byggingu landnemabyggða í austurhluta Jerúsalem. Framkvæmdir á svæðinu höfðu legið niðri undanfarna mánuði en þær eru horn í síðu Palestínumanna, sem hefur fundist þrengt að sér í palestínska hluta borgarinnar.

Friðarviðræður þjóðanna hófust aftur í september fyrir tilstilli Bandaríkjamanna en hafa að mestu legið niðri undanfarnar vikur. Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísrael, hefur neitað að verða við kröfu Palestínumanna um framlengingu á banni við byggingu landnemabyggða sem rann út í september. Palestínumenn neita að setjast við samningaborðið fyrr en Ísraelar verða við þeirri kröfu.

Yfirvöld í Ísrael hafa ekki tjáð sig um málið en Saeb Erekat, yfirsamningamaður Palestínumanna, sagði ákvörðunina vera skýrt merki þess að Netanjahú veldi landnemabyggðir umfram frið.

Palestínumenn eru stærstur hluti íbúa í austurhluta Jerúsalem en um 180 þúsund Ísraelar hafa flutt á svæðið síðan Ísrael náði yfirráðum þar af Jórdaníu árið 1967. Palestínumenn vilja að Austur-Jerúsalem verði höfuðborg palestínsks ríkis í framtíðinni en Ísraelar vilja halda yfirráðum yfir sínum byggðum. Hefur deilan um þessar byggðir verið einn helsti ásteytingarsteinn friðarviðræðnanna undanfarin ár. **- mþl**



**FRAMKVÆMDIR HAFNAR** Framkvæmdirnar hafa enn aukið spennu milli Ísraela og Palestínumanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Framboð til stjórnlagaþings**

**Baldur Óskarsson**



Halldóra Guðrún Hinriksdóttir

Elías Blöndal Guðjónsson

Halla Björg Evans

**Inga Lind Karlsdóttir**



Sigþrúður Þorfinnsdóttir

Guðjón Sigurðsson

Þeir sem vilja láta framboðs síns getið í Fréttablaðinu geta sent tilkynningu ásamt mynd á ritstjórn blaðsins.




# TAX FREE DAGAR

## *Fatnaður á alla fjölskylduna!*

Dagana 14. - 17. október afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 17. október 2010.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## Nefnd um vist- og meðferðarheimili

**Viðtöl við einstaklinga sem dvöldu á Upptökuheimili ríkisins 1945-1978 og Unglingaheimili ríkisins 1978-1994**

Með erindisbréfi, dags. 2. apríl 2007, skipaði forsætisráðherra nefnd á grundvelli laga nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn (vistheimilanefnd). Hlutverk hennar er að kanna hver tildrög þess hafi verið að börn voru þar vistuð, hvernig opinberu eftirliti hafi verið háttað með starfsemi viðkomandi stofnunar og hvort börn sem þar voru vistuð hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvöl þeirra stóð.

Um þessar mundir er vistheimilanefnd að kanna starfsemi Upptökuheimilis ríkisins 1945-1978 og Unglingaheimilis ríkisins 1978-1994.

Á starfstíma Upptökuheimilis ríkisins fór starfsemi þess fram að Elliðahvammi í Kópavogi, í starfsmannabústað við Kópavogshæli og á Kópavogsbraut 17 og Kópavogsbraut 9 í Kópavogi. Á starfstíma Unglingaheimilis ríkisins fór starfsemi þess fram að Kópavogsbraut 17 og Kópavogsbraut 9 í Kópavogi, Sólheimum 7, Sólheimum 17 og Efstasundi 86 í Reykjavík, Smáratúni í Fljótshlíð og Torfastöðum í Biskupstungum. Auk þess var starfrækt á vegum Unglingaheimilis ríkisins meðferðarstöð fyrir unga vímuefnaneytendur á Tindum á Kjalarnesi.

Vistheimilanefnd óskar vinsamlegast eftir því að þeir sem dvöldu sem börn eða unglingar á ofangreindum stofnunum á einhverjum tíma á árunum 1945-1994, og hafa áhuga á því að veita nefndinni viðtal og upplýsa hana um reynslu sína af dvölinni, hafi samband við nefndina fyrir 1. desember n.k. í síma 563 7016 eða á netfangið vistheimili@for.stjr.is.



FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

Til leigu



## Turninn á Lækjartorgi

### opinn fyrir nýjum hugmyndum

Óskað er eftir hugmyndum að starfsemi og tilboðum í leigu turnsins á Lækjartorgi. Við val á væntanlegum leigutaka verður horft til þess að starfsemin bæti við framboð í miðborginni og gæði hana þannig meira lífi.

Vakin er athygli á að ekki getur verið um hefðbundna matsölu að ræða þar sem turninn uppfyllir ekki heilbrigðiskröfur um slíka starfsemi.

Nánari upplýsingar um eignina er að finna á vefsíðu Framkvæmda- og eignasviðs, www.reykjavik.is/fer. Turninn verður til sýnis í samráði við Framkvæmda- og eignasvið, sími 411 1111.

Tilboðum ásamt upplýsingum um fyrirhugaða starfsemi skal skila í upplýsingaþjónustuna í Ráðhúsi Reykjavíkur fyrir kl. 16.15, 29. október 2010.

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Þjónustuver 411 1111 | www.reykjavik.is/fer







Marel ræðir við erlenda banka um hagkvæmari fjármögnun:

# Uppgreiðsla lána rædd

**VIÐSKIPTI** Marel á í formlegum viðræðum við takmarkaðan fjölda alþjóðlegra banka um hagkvæmari fjármögnun fyrirtækisins til lengri tíma litið. Í tengslum við fyrirhugaða fjármögnun mun Marel hefja viðræður við eigendur skuldabréfa um hugsanlega uppgreiðslu lána, að því er fram kemur í tilkynningu.

Greiningarfyrirtækið IFS segir viðræðurnar jákvætt skref. Núverandi fjármögnun sé þung þar sem skuldir séu enn umtalsverðar þrátt fyrir að hafa lækkað síðustu misseri. **- jab**



**KJÚKLINGASLÁTRUN** Marel framleiðir meðal annars vélar til vinnslu á kjúklingakjöti. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKA



**TEBOÐSHREYFINGIN** Mótmæli hinnar svokölluðu teboðshreyfingar hafa sett mikinn svip á kosningabaráttuna. Telur hreyfingin Barack Obama vera róttækan sósíalista og vill vinda ofan af þeim breytingum sem Obama hefur gert frá því að hann var kjörinn forseti. NORDICPHOTOS/AFP

# Kosningar í skugga kreppu

**Kosið er til þings í Bandaríkjunum á næstunni. Demókratar eiga undir högg að sækja og munu líklega tapa meirihluta sínum í fulltrúadeild þingsins en halda yfirráðum í öldungadeildinni naumlega.**

**STJÓRNMÁL** Þingkosningar fara fram í Bandaríkjunum 2. nóvember og er kosningabaráttan vestanhafs í fullum klíðum. Kosið verður um öll 435 sætin í fulltrúadeild þingsins og 37 af 100 sætum í öldungadeildinni. Demókratar hafa haft meirihluta í báðum deildum frá árinu 2006 en útlit er fyrir að kjósendum hugnist repúblikanar betur í þetta skiptið.

Þegar síðast var kosið fyrir um tveimur árum unnu demókratar stórsigur og juku við meirihluta sinn í báðum deildum þingsins auk þess sem Barack Obama var kjörinn forseti Bandaríkjanna með nokkrum yfirburðum. Virtust Bandaríkjamenn vera orðnir þreyttir á Repúblikanaflokknum eftir átta ára veru George W. Bush í Hvíta húsinu auk þess sem alþjóðlega fjármálakrísan sem þá var í algleymingi hafði verulega dregið úr trúverðugleika flokksins í efnahagsmálum. Obama og demókratar buðu fram með slagorðum um breytingar og von og fengu skýrt umboð frá kjósendum. Nú tveimur árum seinna hafa vinsældir flokksins dvínað mikið. Margir telja Obama ekki hafa tekist upp sem skyldi í baráttunni við kreppuna en atvinnuleysi er 9,6 prósent og hefur lítið lækkað undanfarið ár. Breytingar Obama á bandaríska heilbrigðiskerfinu hafa auk þess farið illa í marga.

Kannanir benda til þess að demókratar muni því missa meirihlutann í fulltrúadeildinni þó þeir haldi sennilega yfirráðum í öldungadeildinni með naumindum.

Nái repúblikanar meirihluta í fulltrúadeildinni mun það gera Obama erfiðara fyrir en áður að koma stefnumálum sínum í gegnum þingið og óttast margir að samskipti þingsins og Hvíta hússins verði eins og um miðbik tíunda áratugsins þegar eins konar kalt stríð geisaði milli þingsins, undir stjórn repúblikana, og Hvíta húss Bill Clinton.

Frambjóðendur sem kenna sig við hina svokölluðu teboðshreyfinguna hafa að ýmsu leyti stolið senunni í aðdraganda kosninganna. Um er að ræða andófshreyfingu innan Repúblikanaflokksins sem spratt upp í kjölfar kjörs Obama. Fulltrúar hreyfingarinnar unnu sigra í mörgum af prófkjörum flokksins í vor en þeir þykja róttækari en gengur og gerist í bandarískum stjórnmálum. Eru þeir taldir njóta góðs af því að demókratar og hófsamir repúblikanar hafa margir hverjir lítinn áhuga á kosningunum í nóvember.

Þrátt fyrir að nokkuð ljóst þyki hvernig meirihlutar í deildum þingsins muni verða að loknum kosningunum fer því fjarri að engin spenna sé í þeim. Í Bandaríkjunum eru einmenningskjördæmi og má vart á milli frambjóðenda sjá í óvenjustórum hluta þeirra. **magnusl@frettabladid.is**



**20-40%**
**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM OG DÝNUM!**

# AÐEINS ÓDÝRARI!

**TILBOÐIN GILDA 16.10-17.10**



**40% AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR: 499,-

**299,-**

**BASIC flísteppi**
Einlitt, mjúkt flísteppi.
Stærð: 130 x 160 sm.



**33% AFSLÁTTUR**

SÆNG OG KODDI ÁÐUR: 11.990,-

**7.990,-**

**KRONBORG LUX andadúnssæng**
Gæðasæng fyllt með andadúni og smáfiðri. Bómullaráklæði og snúrukantur. Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C.
Sæng: 135 x 200 sm. **8.995,-** Koddi: 50 x 70 sm. **2.995,-**



**ÖLL RÚMTEPPI 20% AFSLÁTTUR**



**U.Þ.B. 40% AFSLÁTTUR**

7 PÖR ÁÐUR: 1.295,-

**795,-**

**Vikudagssokkar**
Flottir sokkar fyrir hvern dag vikunnar.
Stærðir: 23-38. Magn: 7 pör í pakka.



**ÖLL GÆLUDÝRAVARA 20% AFSLÁTTUR**



**GÓÐ KAUP**

50 GR. DOKKA

**309,-**

**MERINO BLEND DK ullargarn**
Einstaklega mjúkt og þægilegt ullargarn. Fáanlegt í mörgum fallegum litum. Superwash. 50 gr. dokka.



**20% AFSLÁTTUR**

VERÐ ÁÐUR: 2.495,-

**1.995,-**

**NORA vegghillur**
Stærð: B60 x H4 x D26 sm. Áður: 2.495,- Nú: **1.995,-**
Stærð: B80 x H4 x D26 sm. Áður: 2.995,- Nú: **2.295,-**
Stærð: B100 x H4 x D26 sm. Áður: 3.295,- Nú: **2.495,-**
Stærð: B120 x H4 x D26 sm. Áður: 3.495,- Nú: **2.695,-**

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**www.rumfatalagerinn.is**



**GÓÐ KAUP**

VERÐ AÐEINS

**1.995,-**

**AKSEL skóhilla**
Skóhilla úr áli.
Stærð: B93 x H38 x D35 sm.




**LISTAVERK Á SÝNINGU** Sjálfsagt sýnist hverjum sitt um þennan uppstoppaða hund, sem sjá má á listsýningu í London, með skilti sem á stendur: „Ég er dauður.“ NORDICPHOTOS/AFP

Meirihluti mannréttindaráðs leggur til ályktun um samskipti trúfélaga og skóla:

# Vilja banna trúboð í skólum

**MENNTAMÁL** Meirihluti fulltrúa í mannréttindaráði Reykjavíkurborgar hefur lagt fram drög að ályktun um samskipti leik- og grunnskóla við trúfélög. Í drögunum er meðal annars gert ráð fyrir að fermingarfræðsla skuli fara fram utan skólatíma. Auk þess verða heimsóknir starfsmanna trúar- og lífsskoðunarfélaga á frístundaheimili í leik og grunnskóla óheimilar.

Mannréttindaráði hafa á liðnum árum borist fjöldi kvartana frá foreldrum barna vegna aðkomu trúar- og lífsskoðunarfélaga að skólastarfi. Starfsmenn leik- og grunnskóla hafa einnig óskað sérstaklega eftir skýrum leiðbeiningum frá borginni í þessum efnum.



**LOSNA ÞAU VIÐ TRÚBOÐIÐ?** Verði ályktunin samþykkt mun trúboð í leik- og grunnskólum heyra sögunni til. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

Margrét Sverrisdóttir, formaður mannréttindaráðs, segir að nú sé reynt að koma til móts við þær óskir sem og skerpa reglur til samræmis við mannréttindastefnu borgarinnar.

Í skýrslu leikskóla- og menntasviðs Reykjavíkurborgar frá 2007 segir meðal annars að í uppeldis- og tómstundastarfi sé mikilvægt að ganga ekki út frá því að allir aðhyllist sömu trú þó svo hefðbundnar trúarhátíðir lútersku kirkjunnar séu haldnar hátíðlegar, svo sem jól og páskar. - eh

Ríkisendurskoðun um Isavia:

# Fjárhagsleg áhrif vanmetin

**VIÐSKIPTI Ríkisendurskoðun telur að sameining hlutafélaganna Keflavíkurflugvöllur ohf. og Flugstoðir ohf. í Isavia ohf. hafi verið góð ákvörðun og markmið sameiningar hafi verið skýr.**

**Ríkisendurskoðun telur að fjárhagsleg áhrif sameiningarinnar hafi ekki verið metin á heildstæðan hátt, né heldur kostnaður af henni. Þá hafi vegna óvissu í rekstrarumhverfi ekki verið gengið frá langtímaáætlun fyrir Isavia áður en það tók til starfa.** - sv

Umboðsmaður fagnar:

# Greiðslur frestast við umsókn

**EFNAHAGSMÁL** Umboðsmaður skuldara, Ásta Sigrún Helgadóttir, fagnar þeim breytingum sem Alþingi samþykkti í fyrradag um greiðsluaðlögun einstaklinga. Þær séu mikilvægar.



ÁSTA SIGRÚN HELGADÓTTIR

Í breytingunni felst að tímabundin frestun greiðslna hefjist þegar umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið móttekin hjá umboðsmanni skuldara, en ekki þegar umsóknin er samþykkt eins og áður var. Breytingin er afturvirk og mun ná til allra umsókna sem umboðsmaður hefur þegar tekið við. - sh

Bæjaryfirvöld í Borgarbyggð gefa leyfi fyrir rannsóknargöngum í Langjökli:

# Jákvæð fyrir ísgangaverkefni

**NÁTTÚRA** Bæjaryfirvöld í Borgarbyggð hafa ekki tekið ákvörðun um hvort komið verði með beinum hætti að stofnun undirbúningsfélags fyrir ferðaþjónustuverkefni í Langjökli. Þau taka hins vegar vel í hugmyndirnar og hafa veitt leyfi til rannsókna á jöklinum.

Eins og Fréttablaðið hefur þegar greint frá hafa ýmis ferðaþjónustufyrirtæki, ásamt verkfræðistofunni Eflu, kynnt hugmyndir sínar um að gera ísgöng og hella í Langjökli til að höfða til ferðamanna.

Páll S. Brynjarsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, segir í samtali við Fréttablaðið að sveitarstjórn hafi tekið jákvætt í hugmyndina eftir að framkvæmdaaðilar kynntu verkefnið og því hafi verið samþykkt að veita rannsóknarleyfi með fyrirvara um deiliskipulagsskyldu.



**ÍSHELLIR** Ferðaþjónustuaðilar hafa fengið jákvæð viðbrögð við hugmyndum um gerð ísganga í Langjökli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkvæmt kynningu með verkefninu er gert ráð fyrir að grafa rannsóknargöng um 150 til 200 metra inn í ísinn, til að skera úr um framtíðarmöguleika ganganna.

„Þetta eru afar áhugaverðar hugmyndir og menn sjá mörg tækifæri varðandi uppbygginguna á ferðaþjónustu,“ segir Páll.

„En við erum að skoða það hvort sveitarfélagið vilji eiga beina aðkomu með því að taka þátt í undirbúningsfélaginu.“ - þj

**MANNFJÖLDI**

### Íslendingar um 320 þúsund

Um 318.000 manns bjuggu hérlendis í lok þriðja ársfjórðungs þessa árs. Engin fjölgun var frá fyrri ársfjórðungi. Erlendir ríkisborgarar eru 21.500. Á höfuðborgarsvæðinu búa 201.900 manns, eða 65 prósent þjóðarinnar.

**HAPPDRÆTTI**

### Happdrætti Blindrafélagsins

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, fjármagnar starfsemi sína að miklu leyti með fé úr happdrætti sínu. Allir landsmenn á aldrinum 30 til 88 ára munu á næstu dögum fá miða í heimabankann sinn.

**MENNTAMÁL**

### Styrkir til náms í Japan

Watanabe-styrktarsjóðurinn við Háskóla Íslands veitir styrki til háskólanáms í Japan. Byrjað er að taka við umsóknum um fyrstu styrkina. Sjóðurinn var stofnaður í september 2008 með tæplega 300 milljóna króna framlagi.


» Iceland Express leitar að flugliðum

Komdu um borð!

Næsta sumar lítur vel út. Við verðum bókstaflega út um alla Evrópu og gerum víðreist um Ameríku með flugi til **Chicago, Boston, New York og Winnipeg**. Það verður því nóg að gera hjá starfsfólki Iceland Express á næstunni. **Vilt þú taka þátt í ævintýrinu?**

Fíton/SÍA




Viltu vinna í háloftunum?

Framundan eru spennandi tímar hjá Iceland Express og því leitum við að duglegu, skemmtilegu og samviskusömu fólki í **störf flugliða**. Ef þú hefur stúdentspróf eða sambærilega menntun, talar ensku eins og innfæddur, Norðurlandamál kinnroðalaust og getur bjargað þér á þriðja tungumálinu, þá hvetjum við þig til að sækja um.

**Flugliðar Iceland Express fást við fjölbreytt og skemmtileg verkefni í líflegu starfsumhverfi. Gæti það verið rétta starfið fyrir þig?**

Umsóknarfrestur rennur út **25. október**. Kynntu þér málið betur á **www.icelandexpress.is/jobs**

Okkur bráðvantar flugliða!

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is



Eivør ❄ Stefán Hilmarsson ❄ Friðrik Ómar ❄ Regína Ósk ❄ Jóhann Friðgeir
Margrét Eir ❄ Ragnheiður Gröndal ❄ Garðar Thór Cortes ❄ Hera Björk
Stórhljómsveit Frostrósa, Karlakór Fóstbræðra, Karlakór Akureyrar - Geysir, Vox feminae, Íslenski gospelkórinn, Barnakór Frostrósa, Skólakór Hrafnagilsskóla & Stúlknakór Reykjavíkur ❄ Tónlistarstjóri: Karl O. Olgeirsson - Hljómsveitarstjóri: Árni Harðarson
2010
Frostrósir
...færa þér jólin
Laugardalshöll
11. desember
Hof Akureyri
17. desember
Vinsælasti tónlistarviðburður á Íslandi
Miðasala hefst á miðvikudag kl. 10:00 á midi.is
Sérstök forsala fyrir þá sem skráðir eru á póstlistann á frostrosir.is og vini Frostrósa á Facebook verður 19. október og hefst stundvíslega kl. 10:00. Skráðu þig og vertu með...
Um landið 2010
1. des. Ólafsvík
2. des. Ísafjörður
3. des. Selfoss
4. des. Egilsstaðir
5. des. Eskifjörður
7. des. Vestmannaeyjar
8. des. Akranes
9. des. Reykjanesbær
14. des. Varmahlíð
15. des. Húsavík
Hera Björk, Friðrik Ómar, Jóhann Friðgeir, Regína Ósk, Ragnheiður Gröndal og Garðar Thór Cortes ásamt Hrynsveit Frostrósa, strengja-kvartett og barnakór.
Nánar á frostrosir.is
Kringlan
Nóa Konfekt
Flugfélag Íslands

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umræðan um skuldavanda snýst um afleiðingar gjaldeyriskreppu, ekki bankakreppu.

## Tvær kreppur

Bankakreppan sem reið yfir 2008 var ekki séríslenzkt fyrirbæri, þótt hún yrði dýpri hér en víða annars staðar. Hún hefur leitt af sér eignarýrnun, skattahækkanir, niðurskurð opinberrar þjónustu og aukið atvinnuleysi.

Fjármálakreppan hefur komið illa við mörg vestræn ríki en flest eru þau laus við gjaldmiðilskreppuna sem Íslendingar eiga við að etja. Írar, Grikkir og Spánverjar glíma við niðurskurð, skattahækkanir og atvinnuleysi, rétt eins og Íslendingar. Hjá þeim hefur verðbólgan hins vegar ekki ætt af stað eins og gerðist hér þegar krónan hrundi, með tilheyrandi afleiðingum fyrir kaupmátt fólks. Almenningur í evruríkjunum hefur heldur ekki mátt horfa upp á skuldirnar sínar vaxa um tugi prósenta eins og íslenzk heimili hafa gert. Hér hafa skuldirnar rokið upp, annaðhvort vegna þess að þær eru tengdar við verðbólguna sem tók kipp þegar krónan hrundi eða vegna þess að þær voru tengdar við erlenda gjaldmiðla. Við búum sömuleiðis við gjaldeyrishöft og hærri vexti en önnur lönd sem hafa lent í fjármálakreppu, en hvort tveggja er nauðsynlegt til að gengi krónunnar falli ekki enn meira. Að þessu leyti er hlutskipti almennings á Íslandi tvöfalt verra en í ríkjum sem glíma eingöngu við fjármálakreppu.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Skuldavandinn sem stjórnvöld einblína nú á er fyrst og fremst afleiðing gjaldeyriskreppunnar. Umræðan snýst um hvernig hægt sé að bjarga þeim sem eru verst settir vegna þess að skuldabyrðin snarjókst. Minna fer fyrir tillögum um hvernig megi koma í veg fyrir aðra gjaldeyriskreppu og búa íslenzkum almenningi svipuð lánskjör og tíðkast í nágrannalöndum okkar.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa krafizt þess að „lánskjör í íslenskum krónum verði samkeppnishæf við þau lönd sem Íslendingar hafa gjarnan borið sig saman við,“ eins og talsmaður samtakanna orðaði það hér í blaðinu í síðustu viku. Þetta er því miður óframkvæmanlegt án þess að skipta um gjaldmiðil. Kjör á lánum í krónum verða aldrei sambærileg við lánskjör þar sem gjaldmiðlar eru stöðugri. Áhættunnar vegna mun enginn lána íslenzkar krónur nema með einhvers konar verðtryggingu. Af sömu ástæðu verða vextir hér að vera hærri en í nágrannalöndum til að tryggja sparnað; enginn vill eiga krónur nema fá álag á vextina.

Augu þeirra sem eru áhugasamir um eignadreifingu í samfélaginu ættu raunar að beinast sérstaklega að vaxtastiginu, því að hár vextir stuðla að stórfelldri eignatilfærslu frá skuldurum til fjármagnseigenda, jafnframt því sem innlendir og erlendir gjaldeyrisbraskarar geta hagnazt á vaxtamuninum, á kostnað lífsgæða almennings.

Það er algeng klisja að leggja eigi aðildarviðræður við Evrópusambandið til hliðar á meðan fengizt sé við „brýnni verkefni“. Eru mörg verkefni brýnni en að koma okkur út úr gjaldmiðilskreppunni með upptöku evrunnar og tryggja íslenzkum heimilum evrópsk lánskjör? Það mun vissulega taka nokkur ár. Þeim mun meiri ástæða er til að byrja strax.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Snoturt hjartalag án ábyrgðar

Forsætisráðherra kúventi stefnu sinni varðandi skuldavanda heimilanna og tók stöðu með þeim sem krefjast almennrar niðurfellingar skulda. Fyrri stefna hafði að vísu um sumt mistekist í framkvæmd. Hún byggði hins vegar á ábyrgri hugsun.

Dómsmálaráðherra hefur gengið enn lengra í loforðum. Fjármálaráðherrann hefur á hinn bóginn reynt að sýna meiri ábyrgð.

Á fjölda funda hefur forsætisráðherra kallaði eftir samstöðu um almenna skuldaniðurfellingu. Til andsvara hafa verið forstöðumenn stofnana í eigu ríkisins eins og Landsbankans og Íbúðalánasjóðs. Með þessu er verið að færa pólitíska ábyrgð ráðherra yfir á undirmenn. Enginn fjölmiðill fjallar um þá þverstæðu málsins.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Þá er forstöðumönnum lífeyrissjóðanna stillt upp við vegg. Forsætisráðherra fer fram á að þeir taki ákvarðanir um að skerða lífeyri sjóðsfélaga niður svo að færa megi fjármuni frá skuldlausum eigendum sjóðanna til hinna sem skulda. Trúlega væri það refsivert athæfi. Enginn fjölmiðill varpar ljósi á þessa hlið uppákomunnar.

Forsætisráðherra virðist hvorki upplifa þetta sem skrípaleik né stefnubreytingu. Á áratugalöngum stjórnmálaferli hefur það fremur verið háttur Jóhönnu Sigurðardóttur að setja fram kröfur fyrir aðra til að leysa en að taka sjálf þátt í lausn mála og verja málstað.

Þessi þröngi reynsluheimur er eina rökræna skýringin á fundahringekju síðustu daga. Nú er forsætisráðherrann farinn að draga í land eftir kröftug og ábyrg andmæli forseta ASÍ. Mun dómsmálaráðherrann hringsnúast með sama hætti?

Stefnukúvendingin hefur aðeins staðið í rúma viku. Engu er líkara en tilgangurinn með henni hafi helst verið sá að fá aðra til að segja nei. Eru það stjórnmál nýs tíma? Segja má að þessi æfing öll lýsi snotru hjartalagi án ábyrgðar.

## Ábyrgðin og lífeyririnn

Umræðan um skuldavanda heimilanna og fjárlagafrumvarpið er prófsteinn á hugmyndir manna um ábyrga fjármálastjórn. Hann veit bæði að ríkisstjórninni og stjórnarandstöðunni.

Lífeyrissjóðirnir eru eina kjölfestan sem eftir er í fjármálakerfi landsins. Forsætisráðherra þekkti stöðu þeirra fyrir rétt eins og Íbúðalánasjóðs og Landsbankans. Margvíslegar spurningar vakna því þegar forsætisráðherra setur jafn gífurlegar kröfur á lífeyrissjóðina sem raun ber vitni. Er skynsamlegt að veikja þessa kjölfestu meir en orðið er? Hvaða áhrif hefur það á aðra þætti efnahagsstarfseminnar? Telur forsætisráðherra sig ekki þurfa að verja framtíðarhagsmuni lífeyrisþega?

Hvers vegna vill forsætisráðherra að lífeyrissjóðirnir axli samfélagsábyrgð á skuldavanda heimilanna en ekki ríkissjóður? Er það af því að ríkisstjórnin treystir sér ekki til að verja meiri skattahækkanir? Eða vill hún heldur að þeir sem lægstar tekjur hafa og eru jafnvel undir skattleysismörkum borgi hlutfallslega til jafns við hina í gegnum skerðingar á lífeyrisgreiðslum?

Ríkisstjórnin talar jafnan í nafni réttlætisins. Hvernig telur hún að það rími við réttlætishugtakið að krefjast þess að skerðingar á ellilífeyri verði notaðar til að lækka skuldir þeirra sem vel ráða við þær?

Þetta eru aðeins örfáar af þeim spurningum sem lúta að ábyrgri fjármálastjórn og réttlæti sem eðlilegt er að ríkisstjórnin svari. Það gerir hún ekki að eigin frumkvæði. Fjölmiðlar hafa ekki spurt. En hvers vegna hefur stjórnarandstaðan ekki spurt?

## Ábyrgðin og heilbrigðiskerfið

Ríkisstjórnin hefur fram til þessa fylgt þeim aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum sem mælt er fyrir um í efnahagsáætlun AGS og fyrri ríkisstjórn samdi um. Teikn eru á lofti um að samstaðan um þá ábyrgu stefnu sé að bresta.

Þannig þótti það efni í fyrstu frétt á einhverri útvarpsstöð að fjármálaráðherra hefði tekið til varna fyrir fjárlagafrumvarpið. Þetta fréttamat segir meira en mörg orð um það hvernig þingmenn stjórnarflokkanna líta á ábyrgð sína þegar kemur að ríkisfjármálunum.

Svo virðist sem ríkisstjórnin hafi ekki hugsað skipulagsbreytingar í heilbrigðiskerfinu í botn og því síður rætt þær til þrautar áður en fjárlagafrumvarpið var lagt fram. Niðurskurður er því óhjákvæmilegur.

Nýja Landspítalabyggingin gleymist svo í þessari umræðu. Lífeyrissjóðirnir lána til þeirra framkvæmda. Þeir fjármunir sjást þó ekki í ríkisbókhaldinu. Hagræðing í rekstri spítalans á síðan að standa undir leigugreiðslum til lífeyrissjóðanna.

Þetta sýnist vera fullkomlega ábyrgðarlaust í tvennum skilningi. Annars vegar er verið að fara í kringum ríkisbókhaldið með svipuðum aðferðum og komu ríkissjóði Grikklands í þrot. Hins vegar er óraunhæft að byggingarkostnaðurinn verði greiddur með lækkun launakostnaðar á spítalanum ofan í þann niðurskurð sem nú á sér stað. Hvernig á til að mynda að mæta kostnaði við nýja tækni og þekkingu?

Hér þarf skýrari svör.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# NÝ BENSÍNSTÖÐ ATLANTSOLÍU VIÐ GLERÁRTORG

## Fjölskylduhátíð í dag - allir velkomnir á torgið. Frábær skemmtun á milli klukkan 12:00 og 16:00.




Skúffukaka, Svali & blöðrur, hoppukastali, andlitsmálun.
Skralli trúður kemur í heimsókn og leikur við börnin.

**13:00** Dýrin í Hálsaskógi – Lilli klifurmús og bakaradrengurinn.



**13:30** Töfrabrögð – Einar Einstaki.

**14:00** Fiðluhópur frá Tónlistarskólanum á Akureyri leikur tvö þjóðlög.

**14:10** Tríó Hjalta, Eyþórs og Láru Sóleyjar leika létt lög fyrir alla aldurshópa.



**15:00** Hljómsveitin Marimbína - eitthvað sem kemur verulega á óvart.

**15:20** Skralli trúður leikur við börnin.



**16:00** Dagskrárlok.



**Skemmtunin verður staðsett á torginu við hliðina á Rúmfatalagernum.**

ÍSLENSKA/SIA.IS/AOL 51873 10/10

Atlantsolía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is

ATLANTSOLIA


Ljósakúla
50%
Verð áður ..................... 3.999
Kringlukast .................. 1.999
Þú sparar...................... 2.000
50%
Kjöthitamælir
Verð áður ....................... 1.499
Kringlukast ...................... 749
Þú sparar............................ 750
Mortel
marmari
25%
Verð áður ...................... 3.918
Kringlukast ................... 2.939
Þú sparar............................ 979
Smoothie
Boost-maker
Verð áður .................. 10.999
Kringlukast .................. 8.799
Þú sparar...................... 2.200
Bodum
Pressukanna & froðu-
snakkur
30%
Verð áður ..................... 9.999
Kringlukast .................. 6.999
Þú sparar...................... 3.000
Síðustu forvöð
að gera reyfarakaup á Kringlukasti
Saeco
Kaffikerfi
Giro Plus
Verð áður ... 114..990
Kringlukast ... 99.990
Þú sparar ...... 15.000
XSmall Plus
Verð áður ...... 79.990
Kringlukast ... 69.990
Þú sparar ...... 10.000
Odea Giro
Verð áður .... 119.990
Kringlukast . 107.991
Þú sparar ...... 11.999
• Ketill úr ryðfríu stáli
• Kvörn úr keramik
• Þrýstingur : 15 bör
• Panarello flóunarstútur
• Baunahólf : 170 gr.
• Vatnstankur : 1 lítri
• Korgskúffa : 8 bollar
• 1500 wött
Syntia Nero
Verð áður .... 139.990
Kringlukast . 125.910
Þú sparar ...... 14.080
Valdar
bökunarvörur
35%
afsláttur
Nafnakanna
Adam
Eve
50%
Verð áður ...................... 1.499
Kringlukast ......................... 749
Þú sparar............................ 750
iRobot
Vélmennin vinsælu
5 gerðir
SPARNAÐUR ALLT AÐ 27.105
RYKSUGUVÉLMENNI
SKÚRINGARVÉLMENNI
HEIMILISTÆKI Á
LÆGSTA VERÐI
ALLAR VÖRUR Á 2.990
HEIMILISTÆKJAMARKAÐUR
BYGGT OG BÚIÐ
Exquisit
Stór tæki ...
Stór 206 lítra
frystikista A+
82,3x94,7x56 cm.
Verð áður .................. 84.900
Kringlukast ................ 69.900
Þú sparar.................... 15.000
Millistór 165 lítra
frystiskápur
143x55x58 cm
Verð áður .................. 84.900
Kringlukast ................ 59.900
Þú sparar.................... 25.000
Saltkristal-
lampi
25%
Verð áður ..................... 3.999
Kringlukast .................. 2.999
Þú sparar...................... 1.000
... á litlu verði
Þurrkari með
6 kg hleðslugetu
og fullkomnum
rakaskynjara
Verð áður .................. 74.900
Kringlukast ................ 64.900
Þú sparar.................... 10.000
Þvottavél
með 1000 sn.
vinduhraða,
skjá og 5 kg
hleðslugetu
Verð áður .................. 79.900
Kringlukast ................ 59.900
Þú sparar.................... 20.000
Allar
grillyfirbreiðslur
Og grillið endist
veturinn
35%
afsláttur
Öll pókersett
20%
afsláttur

# Nýkomnar seríur
Kauptu tvær og fáðu þá ódýrari á 50% afslætti

## Schou blandari
1.5 l glerskál
500W
25%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 9.999 |
| Kringlukast | 7.499 |
| Þú sparar | 2.500 |

## Tristar baðvog
Örþunn 100 gr/nk
50%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 5.990 |
| Kringlukast | 2.995 |
| Þú sparar | 2.995 |

## Domo mínútugrill
2000W
41%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 16.499 |
| Kringlukast | 13.499 |
| Þú sparar | 3.000 |

**facebook**
Vertu með okkur á Facebook. Þú gætir unnið Garmin leiðsögutæki.
facebook.com/byggt.og.buid
Dregið 15. nóvember 2010

# byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid

## KitchenAid
Hrærivél
+ grænmetiskvörn
+ matreiðslubók
+ svunta

25% afsláttur

## Tristar
Salt & Piparkvarnir
20%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 5.990 |
| Kringlukast | 4.792 |
| Þú sparar | 1.198 |

## Tvöfalt kleinujárn
Loksins komið aftur
25%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 3.997 |
| Kringlukast | 2.998 |
| Þú sparar | 999 |

## Stálskafa & Saxari
35%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 1.999 |
| Kringlukast | 1.299 |
| Þú sparar | 700 |

## Tristar rakatæki
Ultrasonic
20%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 12.990 |
| Kringlukast | 10.392 |
| Þú sparar | 2.598 |

## Garmin útivistar & leiðsögutæki
SÉRSTAKUR KYNNINGARAFSLÁTTUR
20%

## Pönnukökupanna
Non-Stick
50%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 3.990 |
| Kringlukast | 1.995 |
| Þú sparar | 1.995 |

## Bosch töfrasproti
600W
20%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 13.497 |
| Kringlukast | 10.798 |
| Þú sparar | 2.699 |

## Severin
Poppkornsvél
Loftvél - engin olía
Allt fyrir heilsuna
33%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 5.990 |
| Kringlukast | 3.990 |
| Þú sparar | 2.000 |

## Cuisinart
Vinsælasta merkið í USA

| | |
|---|---|
| Verð áður | 12.990 |
| Kringlukast | 9.990 |
| Þú sparar | 3.000 |

| | |
|---|---|
| Verð áður | 19.999 |
| Kringlukast | 15.999 |
| Þú sparar | 4.000 |

## Bodum
Pressuferðabolli
Frábær nýjung

| | |
|---|---|
| Verð áður | 2.497 |
| Kringlukast | 1.873 |
| Þú sparar | 624 |

## Tertudiskur
30%

| | |
|---|---|
| Verð áður | 6.997 |
| Kringlukast | 4.898 |
| Þú sparar | 2.099 |

Loksins komið aftur

| | |
|---|---|
| Verð áður | 9.990 |
| Kringlukast | 7.992 |
| Þú sparar | 1.998 |

| | |
|---|---|
| Verð áður | 16.990 |
| Kringlukast | 13.592 |
| Þú sparar | 3.398 |

## Eldri jólavörur
50% afsláttur

# Breytingar á reiknilíkani

Menntamál

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 2011 er ný útgáfa af reiknilíkani háskóla lögð til grundvallar áætluðum fjárveitingum til kennslu samkvæmt frumvarpinu og er þessi nýja útgáfa gerð að umtalsefni í grein sem birtist hér í Fréttablaðinu þann 14. október sl. eftir Gunnar Guðna Tómasson og Sigurð Magnús Garðarsson. Í nýju reiknilíkani eru gerðar ýmsar breytingar en þó þannig að þær hafi ekki áhrif á heildarfjárveitingar til hvers skóla fyrir sig. Reiknilíkanið er fyrst og fremst vinnutæki sem ætlað er að leiðbeina um hvernig fjárveitingum er skipt milli háskóla en skólunum er svo í sjálfvald sett hvernig þeir deila fjármagninu innan sinna raða.

Reiknilíkan háskóla var tekið í notkun árið 1999 og hefur vinna við endurskoðun á reiknilíkani átt sér langan aðdraganda. Hún hefur verið unnin góðu samstarfi við forsvarsmenn háskólanna. Þær breytingar sem nú eru gerðar eru einungis þær fyrstu – einstakir þættir líkansins verða áfram til skoðunar á komandi árum.

Ódýrasti reikniflokkurinn, reikniflokkur 1, þ.e. nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði, lögfræði og annað sambærilegt nám, hefur lengi verið talinn vanmetinn í líkaninu. Tæplega helmingur alls háskólanáms fellur undir þann reikniflokk og var við endurskoðun á líkaninu lögð áhersla á að hækka reikniflokk 1 en þar með lækka aðrir reikniflokkar á móti.

Vegna hagræðingarkröfu í frumvarpi til fjárlaga 2011 voru bein framlög til háskóla lækkuð um 8% í tilfelli opinberra háskóla en 9% í tilfelli einkarekinna háskóla en þar að auki er 5% niðurskurðarkrafa á Listaháskóla Íslands sökum sérstöðu hans. Þessi niðurskurður endurspeglast síðan í reiknilíkani háskóla og leiðir til þess að reikniflokkur 1 stendur nánast í stað á meðan aðrir reikniflokkar lækka um 7-12%. Undanþágan frá þessu er þó að reikniflokkur 4 , nám í hjúkrunarfræði, hækkar um 1,6% á milli ára enda höfðu stjórnendur skólanna sótt um breytingu á þessum reikniflokki í mörg ár. Auk fjárveitinga samkvæmt framangreindum reikniflokkum er nú innbyggður hvati til að brautskrá nemendur með framlagi sem veitt er vegna brautskráninga nemenda. Heildarfjárveiting vegna brautskráninga nemur ríflega 450 milljónum króna og bætist sú fjárveiting við þá fjárveitingu sem myndast við að margfalda verð og fjölda ársnema í hverjum reikniflokki. Við þetta er því að bæta að hlutverk reiknilíkans háskóla er að skipta fjárveitingum á milli skóla en það er alveg ljóst að það nær ekki að áætla framlag sem stendur undir kostnaði við einstaka námsbrautir, enda ræðst sá kostnaður af mörgum þáttum eins og innra skipulagi skólanna.

Við framangreint má bæta að í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir 4% fjölgun í reikniflokki 5 sem vegur á móti lækkuðu verði á reikniflokkinum. Þetta er gert þó að í forsendum frumvarpsins sé gert ráð fyrir óverulegri fjölgun ársnema á milli ára, eða rétt um 0,5%. Þá er má bæta því við að verð í reikniflokki 5 er tvöfalt hærra en í reikniflokki 1. Við höfum jafnframt boðað það að næstu skref við endurskoðun reiknilíkansins munu m.a. fela í sér könnun á því hvort hækka þurfi framlög til „þyngri“ raungreina þ.e. raungreina þar sem sannarlega þarf dýra rannsóknaraðstöðu og efniskaup eru mikil. Að lokum vil ég ítreka að endurskoðun á reiknilíkani hefur áhrif á vægi einstakra reikniflokka en ekki áhrif á heildarframlög til kennslu í hverjum skóla fyrir sig. Skólarnir ráða því hvernig þeim framlögum er skipt milli deilda og námsgreina og gera nú þegar hver með sínum hætti.




# Mig langar að vera með

Stjórnlagaþing

Illugi Jökulsson
rithöfundur og blaðamaður



Ég ætla að bjóða mig fram til stjórnlagaþingsins sem haldið verður á næsta ári. Ástæðan fyrir framboðinu er fyrst og fremst sú að mig langar ekki að standa afsíðis þegar ráðum verður ráðið um skipan samfélags okkar á 21. öldinni.

Mig langar að taka þátt í að skapa samfélaginu umgjörð sem getur komið í veg fyrir að það verði framar leiksoppur spillingarafla í stjórnmálum og/eða viðskiptalífi.

Mig langar að taka þátt í að semja leikreglur sem efla lýðræði í landinu og auka möguleika fólks á að hafa eftirlit með stjórnarathöfnum, stórum sem smáum. Sú leyndarhyggja sem alltof lengi hefur ráðið ferðinni í íslenskri stjórnsýslu átti sinn þátt í hruninu, og hún verður að hverfa. Ný stjórnarskrá getur orðið öflugt vopn til að berja niður leyndarhyggjuna, klíkuskapinn og duttlungaræðið sem hefur orðið okkur svo dýrt.

Mig langar að taka þátt í að semja þann texta þar sem íslenska þjóðin sjálf setur fram það sem hún telur mikilvægast í samfélaginu í framtíðinni. Sjálfur mun ég beita mér fyrir því að þar verði öflug og afdráttarlaus ákvæði sem heimili aldrei að gengið verði á rétt fólk til jafnréttis, tjáningarfrelsis og mannsæmandi lífs. Frelsi, jafnrétti og bræðralag voru kjörorð frönsku byltingarinnar, og þau geta enn gagnast okkur, en í viðbót eiga að koma skilningur, velferð og gegnsæi.

Mig langar að taka þátt í að koma því á hreint í eitt skipti fyrir öll að sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar eigi líka að vera í sameiginlegri eigu hennar, og hún eigi því öll að njóta arðsins af þeim.

> Mig langar að vera með í að semja þann texta sem vonandi getur orðið íslenskri þjóð innblástur og von um betra líf, en ekki einungis leiksoppur lagatækna.

Mig langar að verða fulltrúi á þingi þar sem fulltrúar þjóðarinnar koma saman til að semja framtíð sína – en fulltrúum hagsmunaaðila og feyskinna stjórnmálaafla verði haldið úti.

Mig langar að vera með í að semja þann texta sem vonandi getur orðið íslenskri þjóð innblástur og von um betra líf, en ekki einungis leiksoppur lagatækna. Texta sem er skýr og greinilegur og vonandi fallegur, og hefur – umfram allt – raunverulega merkingu í eyrum almennings.

# Að gera illt verra

Efnahagsmál

Þórólfur Matthíasson
prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands



Stjórn samtaka sem kenna sig við hagsmuni heimilanna hefur tekið sér umboð til að krefjast flatrar niðurfærslu húsnæðislánanna. Rökin eru að lagfæra þurfi laskaða efnahagsreikninga heimilanna í landinu.

Þetta gerist á sama tíma og nokkur hluti heimila á í svo miklum og illleysanlegum greiðsluvanda.

Tvennt er við framgöngu þessara talsmanna heimilanna að athuga. Í fyrsta lagi myndi sú aðgerð sem þeir leggja til duga þeim skammt sem eru í mestum vanda. Því fólki verður að mæta með sértækum úrræðum, afskriftum lána eða öðrum róttækum lausnum hvað svo sem líður almennri niðurfærslu lána.

Í öðru lagi eru meiri líkur en minni á að aðgerðin skaði efnahagsreikninga heimilanna. Hafa ber í huga að efnahagsreikningur heimilis er mun óræðari stærð en efnahagsreikningur fyrirtækis.

Forráðamenn heimilanna sjá mjög ófullkomna útgáfu af efnahagsreikningi þess þegar þau ganga frá skattaskýrslunni þess. Á eignahlið kemur fram verðmæti efnislegra eigna á borð við húsnæði og bifreiðar, sumarbústaði og annað fastafé.

Á skuldahlið kemur fram verðmæti þeirra krafna sem fjármálastofnanir eiga á viðkomandi. Einnig kröfur Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Upplýsingarnar um eignirnar eru mjög ófullkomnar. Verðmat eignanna er afar ónákvæmt eins og hver einasti bifreiðareigandi veit. En verra er þó að tveir langstærstu eignarliðir hvers einstaklings og hverrar fjölskyldu eru ekki tilgreindir á skattaskýrslunni. Þetta eru tekjuöflunargeta einstaklingsins (hreinn mannauður) eða fjölskyldunnar annars vegar og lífeyrisréttur hins vegar. Verðmæti mannauðsins hleypur líklega á bilinu 25 til 75 milljónir króna á mann!

Sú aðgerð sem hin svokölluðu hagsmunasamtök heimilanna hafa farið fram á felur í sér lækkun á skuldum heimilanna. Afleiðing niðurfærslunnar kæmi fram sem lækkun á eignum lífeyrissjóðanna sem aftur kæmi fram sem lækkun á lífeyrisskuldbindingum. Jafnframt myndi staða Íbúðalánasjóðs versna og ríkissjóður yrði að leggja honum til aukið fjármagn.

Hugsanlega myndu eigendur Íslandsbanka og Arion banka einnig gera kröfu á ríkissjóð. Þessum fjárkröfum myndi ríkissjóður mæta með því að hækka skatta eða draga úr umsvifum. Ef bankarnir fá ekki bætur úr ríkissjóði þurfa þeir að auka vaxtamun. Hvaða leið sem yrði farin af hálfu ríkissjóðs og fjármálastofnana yrði ekki komist hjá neikvæðum áhrifum á ráðstöfunartekjur þeirra einstaklinga sem upprunalega átti að bæta. Sagt með öðrum orðum: Tekjuöflunarmöguleikar heimilanna og mannauður þeirra myndi minnka.

Flöt niðurfærsla húsnæðislána myndi því ekki aðeins lækka skuldir heimilanna, hún myndi einnig hafa mikil neikvæð áhrif á eignahliðinni. Efalítið yrði staða sumra heimila örlítið skárri eftir niðurfærslu en var áður. En fyrir mörg önnur heimili yrði niðurstaðan neikvæð. Flöt niðurfærsla húsnæðislána er því ekki fallin til að bæta stöðu heimilanna í landinu, þvert á móti. Og eftir stæði að vandi þeirra heimila sem ekki geta greitt af skuldum sínum nú væri enn óleystur.



BOSS HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
Van Gils
HUGO HUGO BOSS
gardeur
CANALI
POLO RALPH LAUREN
PAL ZILERI
FINUCCI collezione
bugatti
MABRUN
BELLINI
LLOYD
Troðfull verslun af merkjavöru!
Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur
40% 50% 60%
afsláttur
af öllum vörum
mikið úrval
af kvenvöru frá
BOSS HUGO BOSS
HUGO HUGO BOSS
SAND
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA FRÁ KL. 13 TIL 17
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )

# Alþjóðlegur baráttudagur gegn fátækt

Velferðarmál



Guðbjartur Hannesson
heilbrigðis-, félags- og tryggingamálaráðherra

Frá árinu 1987 hefur 17. október verið helgaður baráttu gegn fátækt á veraldarvísu. Dagurinn er þörf áminning og til þess fallinn að auka vitund fólks um orsakir og afleiðingar fátæktar. Fátækt er veruleiki fólks um allan heim, ekki aðeins meðal fátækra þjóða í fjarlægum löndum, heldur einnig í hinum velmegandi samfélögum vestrænna ríkja. Ísland er engin undantekning.

Birtingarmyndir fátæktar eru margvíslegar og afleiðingarnar víðtækar. Augljósust er sú örbirgð sem blasir við, sérstaklega í mörgum ríkjum Afríku, þar sem fjöldi barna og fullorðinna þjáist af matarskorti og vannæringu, á sér ekki húsaskjól, hefur ekki aðgang að heilbrigðisþjónustu og nýtur ekki þeirra lágmarksgæða sem á Vesturlöndum eru talin til mannréttinda. Önnur andlit fátæktar felast í margvíslegri efnahagslegri mismunun sem meinar fólki aðgang að mikilvægri þjónustu, menntun, menningu og tómstundalífi og útilokar það á ýmsan hátt frá þátttöku í samfélaginu.

Evrópusambandið helgaði árið 2010 baráttu gegn fátækt og félagslegri einangrun og taka öll ríki sambandsins þátt, auk Íslands og Noregs. Fátækt er vandamál um alla Evrópu en talið er að um 80 milljónir Evrópubúa, eða 17 prósent, lifi undir lágtekjumörkum. Tíundi hver býr á heimili þar sem enginn hefur atvinnu, um 8 prósent hafa atvinnu en ná ekki endum saman og búa við fátæktarmörk. Talið er að 19 prósent barna í Evrópu búi við fátækt.

Ýmsum aðferðum er beitt til að skilgreina fátækt. Algengt er að miða við afstæð fátæktarmörk. Evrópusambandið beitir þessari skilgreiningu og miðast lágtekjumörk við tekjur sem eru lægri en 60 prósent af miðgildi ráðstöfunartekna viðmiðunarhópsins. Einnig er tekið tillit til fjölskyldustærðar.

> Ísland er í flestum skilningi auðugt land. Við megum því ekki láta fátækt viðgangast í samfélaginu og verðum að berjast gegn henni með oddi og egg.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar voru árið 2009 um 10 prósent Íslendinga undir lágtekjumörkum. Í evrópskum samanburði er staða Norðurlandaþjóðanna áberandi betri en flestra annarra þjóða, sem rakið er til öflugrar atvinnustefnu, stuðnings velferðarkerfisins við vinnandi foreldra og tekjutilfærslna almannatryggingakerfisins og skattkerfisins.

Hvað sem öllum samanburði líður getum við ekki sem þjóð sætt okkur við að 10 prósent landsmanna búi við afkomu undir lágtekjumörkum. Efnahagsástandið í heiminum er slæmt og margar þjóðir eiga í miklum þrengingum. Hér á landi varð efnahagshrun sem mun auka fátækt ef ekkert er að gert, með alvarlegum afleiðingum fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Þekktir fylgifiskar fátæktar eru félagsleg einangrun, þunglyndi, atvinnuleysi, missir heimilis, hnignun menntunar, aukin vímuefnanotkun og fjölgun glæpa.

Fátækt er ekki náttúrulögmál sem enginn fær breytt. Vissulega getur fátækt átt sér ákveðnar náttúrulegar og landfræðilegar skýringar sem tengjast veðurfari, auðlindum, gróðurfari og náttúruhamförum. Meginorsakirnar eru þó jafnan misskipting auðs, misskipting valds og misnotkun valds milli þjóða og landsvæða og innbyrðis í samfélögum þar sem gjá er milli ríkra og fátækra og margvíslegur ójöfnuður og mismunun fær að líðast.

Ísland er í flestum skilningi auðugt land. Við megum því ekki láta fátækt viðgangast í samfélaginu og verðum að berjast gegn henni með oddi og egg. Við höfum öll tæki til þess en þurfum að beita þeim rétt þannig að landið standi undir nafni sem velferðarríki. Baráttan gegn fátækt er ekki verkefni stjórnvalda einna. Við eigum að skilgreina fátækt sem mannréttindabrot. Við eigum að viðurkenna vandann og fást við hann á breiðum vettvangi þar sem ríki og sveitarfélög, atvinnurekendur og stéttarfélög, hagsmunasamtök, félagasamtök og almenningur taka höndum saman með það að markmiði að útrýma fátækt úr samfélaginu.

Alþjóðlegur baráttudagur gegn fátækt er 17. október. Við skulum öll minnast þess og nota daginn til að hugleiða hvað við getum lagt af mörkum í baráttunni. Til áminningar um þetta verður öllum kirkjuklukkum landsins hringt lengur en venja er til. Við skulum hlýða á hljóm þeirra sem fyrirheit um árangursríka baráttu.

# Fátækt er valdaleysi

Velferðarmál



Ragnheiður Sverrisdóttir
djákni og verkefnisstjóri á Biskupsstofu

Fyrir nokkrum árum fullyrti þáverandi forsætisráðherra að hér væri engin fátækt og spurði um leið: „Hver mundi ekki vilja fá ókeypis mat ef það stæði til boða?“ Svona segir enginn eftir hrun. Nú er augljóst að margir eru efnalitlir og á leið í fátækt.

Fólk sem þekkir hjálparstarf bæði fyrir og eftir hrun veit að það var til fátækt áður en bankarnir hrundu. Það var gjá á milli ríkra og fátækra sem óx ört í góðærinu. Sú gjá hefur ekki lokast. Það er tvenns konar fátækt í samfélaginu í dag, ný fátækt og gömul viðvarandi fátækt. Það sorglega er að jafnvel í góðærinu var ekki reynt að útrýma viðvarandi fátækt.

Fátækt er alltaf afstæð en er yfirleitt miðuð við þær aðstæður sem ríkja í nærumhverfi fólks. Það þarf að vera til lágmarks framfærsluviðmið en það er ekki til hér á landi. Á Evrópuári gegn fátækt og félagslegri útskúfun eru það væntingar Þjóðkirkjunnar að sett verði slíkt viðmið. Þar er átt við viðmið sem gefur fólki tækifæri til sómasamlegs lífs, ekki viðmið sem miðar að því að halda rétt lífi í fólki.

Peningar skapa vald en fátækt skapar valdaleysi. Í áratugi hafa mótmæli, undirskriftalistar og fundir verið baráttutæki samtaka sem berjast gegn viðvarandi fátækt. En nú hefur nýfátækt fólk slegist í hópinn. Það varð hrun, það er kreppa, það eru versnandi lífskjör og þau sem lenda verst í þessum vanda sjá fram á viðvarandi fátækt. Fátækt er valdaleysi, útskúfun og niðurbrot.

Atvinnuleysi er ein birting valdaleysis. Að missa atvinnu er ekki bara fjárhagslegt áfall heldur einnig andlegt áfall. Kirkjan hefur veitt neyðaraðstoð og sálgæslu til að mæta fólki í þessum erfiðu aðstæðum. Neyðarhjálp er þó aldrei lausn til frambúðar.

Allt hefur sinn tíma. Það hefur reiði, vonleysi og depurð einnig. En þar megum við ekki festast heldur vinna að uppbyggingu og krefjast þess að sá andi sundurlyndis sem hér ríkir hjá ráðamönnum verði rofinn.

Engin ein leið er best og ekkert verður gert í einu stóru skrefi. Markmiðið verður að vera að hægt sé að búa áfram í þessu landi og hafa allt sem heitir daglegt brauð, fæði, húsnæði og framfærslumöguleika. Við biðjum: Gef oss í dag vort daglegt brauð!

# Er betra heima setið en af stað farið?

Efnahagsmál



Kjartan Broddi Bragason
hagfræðingur

Heitar umræður eru í samfélaginu um almenna niðurfærslu skulda heimilanna. Þeir sem því eru hlynntir segja að forsendubrestur við fall fjármálakerfisins hafi valdið því að endurskoða þurfi til lækkunar stökkbreyttan höfuðstól lána. Hver hagfræðingurinn á fætur öðrum varar við slíkri aðgerð.

Meginröksemd þeirra aðila er að ekki sé forsvaranlegt að gera þetta með almennum hætti þar sem fjöldi skuldugra heimila sem ekki hefur þörf á slíkri lækkun fái þá happdrættisvinning. Þá sé verið að umbuna þeim sem síst skyldi og sem hagað hafa fjármálum sínum með ógætilegum hætti.

Ég hef skrifað dálítið um þessi mál á umliðnum tveimur árum og kynnt mér þau þokkalega. Á einhverjum tímapunkti lagði ég til að fara ætti í almenna niðurfærslu að einhverju marki og láta síðan fjármálastofnanir taka á þeim vandamálum sem krefjast sértækra aðgerða. Sú skoðun mín hefur ekki breyst.

Í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við er stærsti hluti lána óverðtryggður. Við óvænt verðbólguskot gerist það að raunvextir á útistandandi lánum lækka. Raunvaxtatala útlánsins verður ekki ljós fyrr en í lok lánstímans og fjármagnseigendur og skuldarar standa báðir frammi fyrir ákveðinni áhættu – þeirri óvissu sem komandi verðlag hefur á raunvexti lánsins og sem fyrst verða ljósir í lok lánstímans. Það er þetta sanngirnissjónarmið sem verið er að kalla eftir að fjármagnseigendur taki tillit til vegna mikillar hækkunar á vísitölu neysluverðs á umliðnum 2-3 árum. Er það svo ósanngjörn krafa? Fjármagnseigendur í öðrum löndum hefðu þurft að bera þessar byrðar með skuldurum – en vegna okkar sérstöku verðtryggingar lenda allar búsifjarnar á lántakendum. Er það ekki ósanngjarnt?

Þá er alveg ljóst í mínum huga að þessar afskriftir munu koma fram – það er bara spurning með hvaða hætti það verður og á hve löngum tíma. Núna gefst okkur tækifæri til að kortleggja vandamálið og í framhaldinu (vonandi) stýra þeirri þróun sem óhjákvæmilega er í kortunum.

En hvað er óhjákvæmilegt? Miklar líkur eru á að heimili landsins muni ekki standa undir heildarskuldum heimilanna eins og þær birtast okkur í opinberum tölum. Það þarf ekkert að kunna mjög mikið í reikningi til að komast að þeirri niðurstöðu. Eins og fram kemur í gögnum Seðlabankans eru tekjulægri heimili að bera allt of stóra byrði af heildarskuldum heimilanna og það eru engin teikn á lofti um að ráðstöfunartekjur þeirra séu að vaxa það hratt að þetta vandamál leysist af sjálfu sér – eins skemmtilegt og það myndi vera.

> Miklar líkur eru á að heimili landsins muni ekki standa undir heildarskuldum heimilanna eins og þær birtast okkur í opinberum tölum.

Athafnaleysi mun að mínu áliti kosta samfélag okkar meira til lengri tíma litið en ef við sammælumst um að taka „völdin“ í okkar hendur – gefa þessi spil upp á nýtt að einhverju marki og setja sterkari fjárhagslegan grunn undir heimili landsins. Það mun skila samfélaginu – og líka fjármagnseigendum, fyrirtækjaeigendum og lífeyrissjóðum – langtum meiri ávinningi en að láta allt reka á reiðanum og sitja með hendur í skauti og þora ekki að taka á því óhjákvæmilega.

SKATTAMÁL

Breytingar á skattkerfinu

Morgunverðarfundur 19. október

Fjallað verður um fyrstu tillögur starfshóps fjármálaráðherra um breytingar og umbætur á skattkerfinu og hvernig þær birtast í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011.

Bornar verða saman tillögur starfshópsins og tillögur Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands í skattamálum sem settar voru fram í ritinu *Skattkerfi atvinnulífsins.*

Fyrirlesari er Alexander G. Eðvardsson, forstöðumaður skattasviðs KPMG.

**Hvar og hvenær**
Borgartúni 27
8. hæð

19. október
8:30 - 10:00

**Skráning á kpmg.is**

KPMG
*cutting through complexity™*

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing





Allt sem þú þarft...

www.ellingsen.is

## Skór fyrir veturinn

Frábært úrval af skóm fyrir alla fjölskylduna. Komdu í Ellingsen og skóaðu þig og þína fyrir veturinn.

# SKÓDAGAR

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓM**

Columbia Sportswear Company — BÖRN



**Columbia Bugaboot Omni H**
Vetrarstígvél úr rúskinni með vatnsfráhrindandi eiginleikum og fóðruð með mjúku flísefni.

Verð **11.192 kr.** Áður 13.990 kr.



**Columbia Youth Tagori**
Lágir og sterkir skór með góðu gripi. Henta jafnt fyrir klifur, hlaup og göngur í hvaða aðstæðum sem er.

Verð **11.992 kr.** Áður 14.990 kr.

Columbia Sportswear Company — DÖMUR



**Columbia Bugaboot**
Nettir vetrarskór sem þola öll veður. Úr rúskinni með vatnsfráhrindandi eiginleikum, anda vel og þola mikið álag.

Verð **20.792 kr.** Áður 25.990 kr.



**Columbia Daska Pass**
Uppháir gönguskór fyrir alvöru gönguferðir. Veita góðan stuðning, eru vatnsheldir og anda vel.

Verð **30.392 kr.** Áður 37.990 kr.

Columbia Sportswear Company — DÖMUR



**Columbia Shastalavista Omni-Tech® gönguskór**
Ökklaháir gönguskór með Omni-Tech® vatnsheldni og góðri öndun. Hannaðir fyrir útivist í hvaða landslagi sem er.

Verð **23.992 kr.** Áður 29.990 kr.

Columbia Sportswear Company — HERRAR



**Columbia Ravven OT**
Frábærir skór fyrir fjalla- og götuhlaup. Með sóla sem er sérhannaður fyrir lausamöl og bleytu og með Omni-Tech filmu sem er vatnsheld og andar vel.

Verð **19.992 kr.** Áður 24.990 kr.



**Columbia Daska Pass**
Uppháir gönguskór fyrir alvöru útivist. Veita góðan stuðning, eru vatnsheldir og anda vel.

Verð **30.392 kr.** Áður 37.990 kr.



**Columbia Shastalavista™ gönguskór**
Ökklaháir gönguskór með Omni-Tech® vatnsheldni og Omni-Grip® gúmmísóla. Hannaðir fyrir útivist í hvaða landslagi sem er.

Verð **23.992 kr.** Áður 29.990 kr.

**Reykjavík**
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16

**Akureyri**
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánudag–föstudag 8–18
Laugardag 10–16

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

PIPAR\TBWA • SÍA • 102295

5 ára ábyrgð
Electrolux

**89.900,-**

**Þvottavél**
1200SN. 6KG.
Stærð.
85 X 60 X 60 cm
LCD Skjár
Time Manager kerfi
Start delay,
4 hitastillingar-Kalt spin
Nætur kerfi-
Forþvott-Auka skol-
Start/pause
Vnr.1805477



Orkunýting A
Þvottahæfni A
Vindingahæfni B

5 ára ábyrgð
Electrolux

**Þurrkari með barka og rakaskynjari**
EDE 77550
Rafeindastýring, 7kg
Stórt op.
H:85-B:60-D:60
13 kerfi rakaskynjari
Hljóðmerki þegar þurrk lýkur, Krumpuvörn.
Carboran tromla
1805423



LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ

**79.900,-**

Krumpuvörn
Tekur 7 kg

# LÆGRA V
# FYRIR HEIMILIN Í

**1.790kr/m²**



LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI

Frostþolnar
Mjög sterkar, 8,6mm þykkar

**Gólfflís Bardiglio**
Frábærar í bílskúrinn, svalirnar eða þvottahúsið
30x30 cm
8630033

**Loftljós Discos**
Hvítt 31 cm.
6003250

**1.290,-**



LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI

**12.995,-**
~~15.995,-~~

**Háþrýstidæla**
Nilfisk 1300W 100 Bar
440L/klst
5254240
NILFISK



Ómissandi í bílþvottinn

**Heimilistrappa**
Tveggja þrepa
5078690

**2.999,-**
~~3.995,-~~



Aðeins um helgina!



**Softshell jakki**
Dömu, M-XXXL.
5863611-15

**6.999,-**

**6.999,-**

**Softshell buxur**
Dömu, S-4XL
5863623-9

**7.999,-**

**Softshell jakki**
Herra, S-4XL.
5863572-8

**Fjölnota verkfæri**
Power Plus taska og fjöldi fylgihluta 130W
5244981

**3.495,-**



LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI

## Húsasmiðjan lækkar verð

á völdum vörum og lætur ávinning af nýjum og betri samningum við framleiðendur renna beint til neytenda. Við leggjum okkur fram um að bjóða lægra verð til hagsbóta fyrir heimilin í landinu.
**Það köllum við lægsta lága verðið í Húsasmiðjunni!**



10 stk
799,-
Glös
Há vatnsglös 10 stk
í pakka
2000919
LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ
Í HÚSASMIÐJUNNI
VERÐ
LANDINU
10 stk.
590,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI
Perur Osram
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.
OSRAM
Eldföst mót
Fást í eftirtöldum verslunum
Skútuvogi, Grafarholti,
Egilstöðum, Suðurnesjum,
Selfoss og Akureyri
2001197
699,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI
Kaffikanna
220 cl
2001217
199,-
OSRAM
10.000 klst
sparpera
360,-
Sparpera Osram
Dulux-S 9W.
6189206
sparpera
599,-
Sparpera Osram
Dulux-Value 11W.
6189468
6.000 klst
OSRAM
1.995,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI
Innimálning
3 ltr.
7119962
MÁLNING
Verkfærataska
Caliber 15"
5024497
999,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI
Verkfærataska
3.990,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ Í HÚSASMIÐJUNNI
Baðherbergissett /hvítt
8056568
1.990,-
Baðvog
stafræn / gler
8056568
Blómkálssúpa og brauð
Kaffi Garður Skútuvogi
250kr
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
HÚSASMIÐJAN

# Hrunið kenndi okkur að spara

**Pétur H. Blöndal** alþingismaður hefur áhyggjur af því hvert stefnir undir forystu ríkisstjórnarinnar. Verði breytt um kúrs getum við hins vegar komist í hóp öfundsverðra ríkja. Í samtali við ***Björn Þór Sigbjörnsson*** útlistar Pétur sínar leiðir út úr vandanum.

*Nú eru rétt rúm tvö ár frá hruni bankanna, hvar sýnist þér samfélagið á vegi statt?*

„Í stöðnun. Því miður. Mér sýnist ríkisstjórnin stefna landinu í stöðnun vegna þess að hún áttar sig ekki á því að skattlagning í þessari stöðu leiðir bara til þess að skattstofninn minnkar. Skattlagning leiðir til enn meiri vandræða. Ef ríkið gæti þá ætti það að selja eignir en það getur það ekki. Hins vegar á það eign sem nýta má. Það er óskattað fé hjá lífeyrissjóðunum. Við sjálfstæðismenn lögðum þá hugmynd fram í fyrra að skattleggja séreignasjóðina. Það myndi gefa ríkissjóði 70 milljarða og sveitarfélögunum 40 milljarða. Ef við gerðum þetta væri hægt að sleppa öllum skattahækkunum.“

*Atvinnumálin eru númer eitt, tvö og þrjú, að mati Péturs.*

„Menn eiga að einblína á þau og ekkert annað. Fólk sem hefur ekki atvinnu getur ekki borgað af lánunum sínum og óttast að missa húsið sitt. Fólk sem er atvinnulaust flytur til útlanda og kemur ekki aftur. Það er því lífsnauðsyn fyrir þjóðina að skapa atvinnu. Þegar atvinnulífið er komið í gang lagast staða ríkissjóðs af sjálfu sér því fólk breytist úr því að vera atvinnuleysisbótaþegi í að vera skattgreiðandi sem bætir stöðu ríkissjóðs um þrjár milljónir á mann á ári.“

*Hann vill að allar skattaaðgerðir ríkisstjórnarinnar verði dregnar til baka því þær beinist nánast allar gegn atvinnusköpun.*

„Það á við um fjármagnstekjuskattinn, hækkað tryggingagjald og hærri skatt á fyrirtæki. Það er eins og allt miði að því að keyra atvinnuna niður. Síðan eigum við að auka aflaheimildir í eitt ár vegna þess að það skapar atvinnu núna þegar við þurfum á því að halda. Atvinnan er verðmætari fyrir þjóðfélagið núna heldur en hún verður eftir fimm eða tíu ár. Það sama á við um skattlagningu séreignarsparnaðarins, við fórnum þeirri eign núna til að skapa atvinnu sem varir áfram og skilar meiri sköttum vegna þess að kakan stækkar.

Svo eigum við að vinna hart að því, líka umhverfisráðherra, að koma virkjanaframkvæmdum í gang og þeim verkefnum sem rætt hefur verið um, hvort heldur er einkasjúkrahús á Suðurnesjum, starfsemi félagsins sem ætlar að stunda einkaheræfingar án vopna og án hernaðar, gagnaver, álver í Helguvík og svo framvegis. Menn eiga, allir sem einn, að einhenda sér í að skapa atvinnu. Um leið og atvinna skapast og til verður eftirspurn eftir vinnuafli þá hækka launin. Menn sem hafa verið í skertu starfshlutfalli fá fulla vinnu, menn fá yfirvinnuna aftur og opinberir starfsmenn sem þarf að segja upp vegna niðurskurðar fá nýja vinnu á almennum vinnumarkaði.“

### Flöt niðurfærsla er vond hugmynd

*Skuldavandi heimilanna hefur verið mál málanna síðustu daga. Hvernig telur þú að taka eigi á þeim málum?*

„Ég hef reynt að fara í gegnum það af hverju þessi skuldavandi myndaðist. Auðvitað er útilokað að fjölskylda sem verður fyrir atvinnuleysi, ég tala nú ekki um ef báðar fyrirvinnur missa vinnuna, geti borgað af lánum eins og hún ætlaði sér. Atvinnuskopun leysir því þennan vanda að hluta. Mér sýnist Hæstiréttur vera búinn að laga gengislánin sem sumir voru með og tel að sú lausn sé mjög sanngjörn. Mér sýnist því að flestir myndu ráða við stöðuna ef þeir hafa vinnu.

Engu að síður er ákveðinn hópur manna sem lenti illa í því og var jafnvel kominn í vandræði fyrir hrun og fyrir þá þarf að búa til frekari úrræði hjá Umboðsmanni skuldara. Þar þarf að vinna miklu hraðar og gera kerfið liprara og manneskjulegra. Ég tel sumsé að það eigi að aðstoða þá sem þurfa aðstoð en ekki hina.“

*Þú ert sem sagt andvígur flatri skuldaniðurfærslu.*

„Já. En ég verð að segja að það er svo furðulegt að menn fabúlera út og suður án þess að hafa almennilegar upplýsingar í höndunum. Þessar upplýsingar eru til, þær eru úti um allan



**EINFARI** Pétur hefur lengi verið sér á báti í þingflokki sjálfstæðismanna. Honum finnst ekki hafa verið nóg á sig hlustað.

> Ég tel að það eigi að skoða að bakka með velferðarkerfið fjögur, fimm ár aftur í tímann

bæ en það þarf að safna þeim saman og vinna svo út frá þeim. Eina vísbendingu höfum við þó um stöðuna. Hún er sú að þegar Alþingi samþykkti lög um að öll lán skyldu fara í greiðslujöfnun var sett inn heimild um að þeir sem vildu, gætu óskað eftir að fara ekki þá leið. Að þeir mættu borga eins og lánasamningar gerðu ráð fyrir, sem sagt meira og þar með greiða lánin fyrr niður. Helmingur lántakenda lagði lykkju á leið sína til að fá að borga meira. Það segir mér að þessi hópur skuldara ræður við sinn vanda og að fella niður skuldir hjá honum er mjög dýrt.“

*Pétur segir í fínu lagi að skoða allar leiðir vilji menn endilega gera það. Flöt niðurfelling skulda, um til dæmis átján prósent, verði hins vegar ekki gripin úr loftinu.*

„Í fyrsta lagi myndi slík aðgerð rústa lífeyrissjóðunum, snarlækka greiðslur til komandi lífeyrisþega og skapa þvílíkt ójafnræði milli sjóðsfélaga að það bryti eflaust í bága við jafnræðisregluna. Opinberu lífeyrissjóðirnir munu þó ekki þurfa að skerða lífeyri heldur velta kostnaðinum á skattgreiðendur.

Í öðru lagi þýðir þetta gríðarlegar vaxtahækkanir Íbúðalánasjóðs. Unga fólkið sem enn á eftir að kaupa sér íbúð þyrfti að borga vexti alveg í drep, næstu 30 til 40 árin. Það er galið að lækka skuldir hjá heimilum sem þurfa ekki á því að halda og gjalda fyrir með gríðarlegri vaxtabyrði inn í framtíðina.

Í þriðja lagi eru það bankarnir. Tveir af þremur bankanna eru í eigu kröfuhafa. Ef skerða á eignir þeirra með því að lækka skuldir fólks sem þarf ekki á því að halda og hefði borgað lánin sín að fullu er ég ansi hræddur um að kröfuhafarnir muni vísa í eignarréttinn og fara í mál. Slík málaferli stæðu í mörg ár og gætu hugsanlega orðið til þess að ríkið, sem sagt skattgreiðendur, sem sagt fyrirtækin og heimilin í landinu, þyrftu að borga þetta hvort eð er.

Sé þetta dregið saman þá munu heimilin alltaf borga fyrir flata niðurfærslu skulda, annað hvort með hærri vöxtum á lánum, skertum lífeyrisgreiðslum eða með sköttum í framtíðinni þannig að þeir sem vilja gæta hagsmuna heimilanna ættu að hafna þessum leiðum.“

*Við víkjum að niðurskurðartillögunum í fjárlagafrumvarpinu. Pétri hugnast ekki forsendur frumvarpsins en telur rétt að skera niður.*

„Það þarf að minnka ríkisbáknið. Að mínu mati voru stærstu mistök Sjálfstæðisflokksins í þau átján ár sem hann var við völd að láta vöxt opinbera kerfisins viðgangast. Hann átti að stinga við fæti og það átti að leggja meira fyrir. Ég tel að það eigi að skoða það að bakka með velferðarkerfið fjögur, fimm ár aftur í tímann, sjá hvað hver fékk þá, og spyrja hvort við höfum stofnað nýjar stofnanir sem hægt er að leggja niður. En svo er lykilatriði þegar menn ætla í svona niðurskurð eins og á heilbrigðisstofnununum að hafa samráð við fólk. Koma til þess og segja; hér er mikill vandi á höndum hvaða hugmyndir hefur þú um lausn?

Aðferðirnar skipta líka miklu máli. Ef segja þarf upp tíu manns á hundrað manna vinnustað á frekar að segja öllum upp tíu prósent. Færa starfshlutfall allra niður í 90 prósent. Þá viðhöldum við þekkingunni, mannauðnum í fyrirtækinu og tengingu fólks við vinnumarkaðinn og uppsögnin er ekki eins mikið áfall fyrir þessa tíu.“

### Yfirdráttur er bannorð fyrir heimili

*Ef við tökum þetta saman: Þú segir ríkisstjórnina á rangri leið hvað varðar skatta, atvinnustefnu, skuldaniðurfellingu og niðurskurðinn að vissu marki. Telurðu í því ljósi ástæðu til bjartsýni fyrir hönd lands og þjóðar?*

„Það er ýmislegt gott að gerast. Ég var hjá gömlu fólki uppi í Árbæ og líkti ástandinu við skip sem lendir í brotsjó. Á þilfarinu er allt í klessu, áhöfnin hleypur fram og til baka og veit ekkert hvað hún á að gera, í brúnni standa menn og rífast um hvort þeir eiga að fara til hægri eða vinstri en í vélasalnum gengur allt eins og klukka. Þannig er það hjá okkur; áliðnaðurinn, ferðaþjónustan og sjávarútvegurinn ganga eins og klukka, þökk sé krónunni. Hún hefur haldið vélinni gangandi. Við erum með afgang af vöruskiptajöfnuðinum sem maður gat ekki einu sinni látið sig dreyma um. Það er afskaplega jákvætt að flytja meira út en inn.

Nú vil ég horfa til framtíðar og þess að hver einasti maður einsetji sér að eftir tíu til fimmtán ár þá skuldi hann bara námslánin sín og íbúðarlánið. Menn eiga ekki að taka lán fyrir öðru. Bílinn, símann og allt annað á að staðgreiða. Og það á aldrei að kaupa neitt á raðgreiðslum og yfirdráttur er bannorð fyrir heimili. Svo er gott að eiga þriggja til fjögurra mánaða útgjöld á lausu í banka. Svona vil ég sjá þetta. Maður sem skuldar er ekki frjáls. Þjóð sem skuldar er ekki frjáls. Heldur ekki fyrirtæki. En sá sem á inneign er frjáls. Fjölskyldu hans líður vel og það eru heilmikil verðmæti fólgin í því að eiga sparnað í stað þess að vera í vanskilum. Ég vona að þjóðin hafi náð þessu í hruninu.

Ef allir ná þessu gætum við eftir tíu til fimmtán ár komist í hóp þeirra þjóða sem eiga innistæður í útlöndum en ekki skuldir. Meðalskuldir þjóða í heiminum eru nefnilega núll. Þar eru til dæmis Taívanbúar, Japanar og Þjóðverjar, þjóðir sem ekki hafa áhyggjur af gjaldeyrinum sínum. Þær þjóðir eiga eignir í útlöndum. Þannig ættum við að vera. Við þurfum ekki að hugsa um það að taka upp annan gjaldmiðil á næstu árum. En ef við komumst í þessa stöðu, að eiga innistæður í útlöndum, þá getum við keypt annan gjaldmiðil ef við viljum það. Við gætum keypt dollara til að hafa sem gjaldmiðil ef okkur langaði til þess.“

*Þetta er þín framtíðarsýn en forsendur þess að hún verði að veruleika er væntanlega ríkisstjórnarskipti?*

„Já, ég óttast að þessi ríkisstjórn muni ekki hverfa frá þessari stefnu sinni sem leiðir til hættulegrar stöðnunar. Við þurfum að stækka kökuna og fylla almenning bjartsýni og framtíðarsýn. Þetta er mín framtíðarsýn og ef við gerum þetta með átaki verður allt miklu rólegra og betra. Það er gildi sparnaðar.“

*Telurðu að við höfum lært eitthvað af hruninu?*

„Já, tvímælalaust. Á árunum 1950 til 1980 voru neikvæðir vextir og þeir breyttu Íslendingum úr því að vera mjög sparsamir eftir hörmungar síðustu alda í að vera mestu eyðsluklær jarðar. Strax vikuna eftir hrun lærði þessi eyðsluklóð að sparsemi og ráðdeild er eitthvað sem gæti borgað sig. Nú eru fjölskyldur á Íslandi orðnar mjög ráðdeildarsamar og innflutningur á alls konar hlutum hefur fallið niður. Þetta hefur þjóðin lært og mér finnst það jákvætt. Sveitarfélögin hafa farið í gegnum svipað lærdómsferli því þau gengu í gegnum nákvæmlega sama, þau byggðu sundlaugar sem þau drukknuðu í. Fyrirtækin eru líka að átta sig á að of mikið lánsfé í rekstrinum er ekki skynsamlegt.“

### Menn búa til fé sem er ekki til

*Í stað þess að taka lán þurfa fyrirtæki, að mati Péturs, að fjármagna sig með áhættufé. En það er af skornum skammti.*

„Vandinn er að traustið er gjörsamlega farið. 55 þúsund manns, 60 þúsund ef við tökum stofnbréf með, töpuðu 80 til 90 milljörðum á hlutabréfum

FRAMHALD Á SÍÐU 24


60
MILLJÓNIR
ER' EKKI
ALLIR SEXÍ?
Sexfaldur Lottópottur stefnir í 60 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!
Lottó
16/10 2010 | WWW.LOTTO.IS
facebook
Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is

FRAMHALD AF SÍÐU 22

við hrunið. Ég veit ekki hver ætti að fjárfesta í hlutabréfum jafnvel þótt hann ætti peninga. Sama er með lánveitendur. Það eru allir svo illa brenndir á fyrirtækjum. Því þarf að byggja upp traust á ný með öllum ráðum. Til dæmis þurfum við að skilja af hverju mönnum tókst að hola bankana að innan.“

*Pétur hefur lagt sitt af mörkum í þeim efnum. Í fyrra flutti hann frumvarp um svokölluð gegnsæ hlutafélög en slíkt fyrirkomulag á að girða fyrir viðskiptahætti sem mjög svo tíðkuðust hér þegar allt var á fleygiferð í samfélaginu og peningarnir virtust flæða um strætin.*

„Með frumvarpinu færði ég rök fyrir því og sannaði að það væri hægt að búa til fyrirtæki sem sýna fram á eigið fé og hagnað án þess að það sé svo mikið sem króna inni í þeim. Tökum dæmi. Fyrirtæki lánar starfsmanni fyrir kaupum á hlutabréfum í fyrirtækinu. Skuldabréfið sem er gefið út er fært sem eign hjá fyrirtækinu en hlutaféð er ekki fært sem skuld. Eigið fé fyrirtækisins vex því og vextirnir sem starfsmaðurinn borgar er hagnaður fyrir fyrirtækið. Það borgar manninum svo út arð af hagnaðinum. Ef þetta er gert nokkrum sinnum og jafnvel með stórum tölum þá er búið til eigið fé og hagnaður sem er ekki til. Það var dæmi um þetta í blöðunum nú í vikunni. Ólafur Ólafsson gerði þetta. Þannig varð 25 milljarða skuld til. Það var lánað til kaupa á hlutabréfum sem voru að veði en það var ekkert á bak við þetta og peningarnir fóru bara í hringi. Þetta verður að banna ef fólk á að fást til að fjárfesta aftur í fyrirtækjum.

Annað dæmi. Kaupþing átti 20 prósent í Exista og sá hluti var metinn á 40 milljarða eða hvað það nú var. Exista átti svo 20 prósent í Kaupþingi sem metin voru á svipaða fjárhæð. Ef fyrirtækin hefðu keypt eigin hlutabréf hvort af öðru þá væru þau verðlaus. Þetta var lýsandi dæmi um hvernig menn bjuggu til eigið fé.“

*Sumir telja einkavæðingu bankanna rót hrunsins. Pétur var hlynntur henni enda voru bankarnir baggi á ríkinu.*

„Þeir höfðu jafnvel kostað ríkissjóð peninga og skiluðu aldrei hagnaði. Ríkið þurfti meira að segja að veita Landsbankanum víkjandi lán af því að hann stóð svo illa. En það sem gerðist eftir einkavæðinguna var að menn fóru á fullt í þessar æfingar að láta peningana ganga í hringi. Það var veilan, það var hægt að búa til fé sem ekki var til. Einu sinni spurði danskur bankamaður hvaðan Íslendingar fengju alla þessa peninga og það voru alls konar hugleiðingar um það, það var talað um mafíupeninga og ég veit ekki hvað og hvað. En málið var að þessir peningar voru ekki til. Þeir voru bara sýndir. Og af því að bankarnir fóru þá leið að sýna gott eigið fé og dúndur hagnað féllu matsfyrirtækin í þá gryfju að veita bönkunum mjög hátt mat. Ég man að eitt árið voru bankarnir þrír með 200 milljarða í hagnað. Það var ævintýraleg tala en þessir peningar voru ekki til. Þóknunartekjurnar sem voru brot af þessu voru líklega raunverulegar en fátt annað.“

*Pétur vildi að í ályktun Alþingis um skýrslu þingmannanefndarinnar yrði kveðið á um að matsfyrirtækin og erlendir lánveitendur bæru, með öðrum, ábyrgð á hruninu. Það fékkst ekki samþykkt.*

„Ef matsfyrirtækin hefðu ekki gefið bönkunum besta mat sem til er hefðu þeir aldrei fengið aðgang að þessu erlenda lánsfé sem streymdi til landsins í þvílíkum mæli að annað eins hefur ekki sést. Að mínu mati fóru þessir peningar sem komu utan frá umhendis aftur til útlanda. Þeir höfðu kannski sekúndu stopp á Íslandi en fóru svo til London, Kaupmannahafnar, Óslóar og út um allt til fjárfestinga hjá útrásarliðinu. Það sama á við um Icesave-peningana, þeir komu líklega ekki til Íslands. Í rauninni var þetta hrun ekki eingöngu hér á landi þetta voru erlendir peningar sem fóru í ævintýri í útlöndum.“



**REIÐUR Í KORTER** „Ég hef aldrei séð nokkurn mann gera eitthvað uppbyggilegt í reiði. Sjálfur reyni ég að vera ekki reiður lengur en í korter.“

### Fólk sem er viturt eftir á óþolandi

*Förum tvö ár aftur í tímann. Fannst þér ríkisstjórnin og embættismennirnir bregðast rétt við í aðdraganda hrunsins?*

„Mér finnst fólk sem er viturt eftir á óþolandi. Við getum ekki dæmt núna stöðuna eins og hún var fyrir hrun vegna þess að það vissi enginn að það yrði hrun eins og við vitum núna. Reyndar bentu margir á vísbendingar en enginn vissi að allir þrír bankarnir færu. Hafi einhver vitað það hefði hann átt að hvísla því að mér. Ég hefði nú eflaust ekki trúað honum en það er önnur saga. En málið er að ég er ekki viss um að ég hefði gert eitthvað öðru vísi. Það kemur í ljós í rannsóknarskýrslunni, sem ég tel mjög góða, að stjórnsýslan er bara ekki nógu vel skipulögð og hraðvirk. Því þarf að breyta. Og hætta þessum endalausu fundum. Það er mjög algengt í sumum stofnunum að þar er alltaf verið að funda. Fundir eru til að taka ákvarðanir og þeir eiga að vera snarpir og stuttir.“

*En á meðan á þessu stóð á sínum tíma, fannst þér tekið rétt á málunum?*

„Ég veit það ekki. Ég veit ekki hvort ég sjálfur hefði brugðist öðru vísi við. Það var óskaplegt áreiti á þessum tíma og kúgun alls staðar frá. Bretar og Hollendingar kúguðu okkur, sett voru hryðjuverkalög á okkur, Icesave-deilan hékk yfir og menn voru sífellt að reyna eitthvað. Það var hringt í alla seðlabankastjóra í Evrópu og reynt að fá lán en alls staðar var búið að loka á okkur. Þeir sem við héldum að væru vinir okkar voru það ekki lengur. Það er erfitt að segja hvað annað hefði átt að gera.“

*Þú varst í hringiðunni hvað þingið varðaði, formaður efnahags- og skattanefndar.*

„Já, og það kom til mín fólk gjörsamlega titrandi vegna ástandsins. Út- og innflytjendur voru í alls konar vandræðum. Við vorum í þeirri stöðu að það var ekki til gjaldeyrir fyrir lyfjum og olíu. Útflytjendur áttu innistæður úti um alla Evrópu en gátu ekki flutt þær heim. Á þessu gekk í margar vikur.

En á móti kemur að það var kraftaverk að greiðslukerfi landsmanna virkuðu með neyðarlögunum. Hugsanlega hefði orðið hungursneyð ef þau hefðu hrunið. Í einhvern tíma hefðu menn getað keypt brauð fyrir úrið sitt en það hefði ekki gengið til lengdar.“

*Pétur er þeirrar skoðunar að í raun hafi ástandið á Íslandi vikurnar eftir hrunið verið eins og í stríði.*

„Þetta var viðskiptastríð og menn klikkuðu og klikka enn á að segja að þetta hafi verið og sé stríð. Forseti Íslands er reyndar farinn að segja út á við núna að við séum undir kúgun en það áttu ráðamenn að segja strax. Þeir áttu að segja að það væri verið að kúga okkur til að semja um Icesave. Við eigum ekki að borga en það er verið að kúga okkur til þess. Það er hættuleg staða að segja ekki frá því af hverju menn bregðast við með tilteknum hætti. Það á að segja þjóðinni sannleikann.“

*Er það almennt ekki gert?*

„Ég veit það svo sem ekki en mér finnst menn ekki nógu heiðarlegir. Ef maður heldur sig við sína sannfæringu er enginn vandi að segja satt. Þá þarf maður heldur ekki að muna hvað maður sagði síðast. Það er nefnilega mjög erfitt að ljúga.“

> Einu sinni spurði danskur bankamaður hvaðan Íslendingar fengju alla þessa peninga og það voru allskonar hugleiðingar um það, það var talað um mafíupeninga og ég veit ekki hvað og hvað. En málið var að þessir peningar voru ekki til.

### Niðurdrepandi að ekki sé hlustað

*Þú sagðir í þinginu á dögunum að í gegnum fimmtán ára þingferil þinn hefði lítið verið hlustað á þig. Það hlýtur að vera lýjandi til lengdar.*

„Það er mjög niðurdrepandi. Ég ætla ekki að krefjast þess að menn fallist á það sem ég segi en ég vil að menn nenni að lesa og ræða málin, það hefur varla gerst. Ég hef til dæmis flutt frumvörp um að dreifa veiðiheimildunum á alla þjóðina. Um leið og einhver fæddist eða flyttist til landsins fengi hann hlutdeild í árlegum veiðiheimildum. Tvö tonn eða álíka. Það myndi eyða þessari miklu umræðu um eignarhaldið. Í staðinn fengju núverandi útgerðarmenn að hafa kvótann í tiltekinn árafjölda. Ég held að útgerðin kæmi betur út úr því heldur en að verða sífellt fyrir árásum og skerðingum vegna úthlutana stjórnmálamanna til gæluverkefna á borð við strandveiðar. Þar eru stjórnmálamenn að kaupa sér atkvæði á kostnað útgerðarmanna. En þetta fékkst ekki rætt.

Ég lagði líka til flatan tekjuskatt. Á móti kæmi að það væri enginn persónuafsláttur, engar barnabætur, engar vaxtabætur, enginn sjómannaafsláttur. Það væru bara tekin 20 prósent þegar menn fengju útborguð laun og það þyrfti ekki einu sinni að vera með skattframtal. Ekki frekar en í virðisaukaskattinum. Fólk þarf ekki að telja fram að það hafi borgað hann. Það fékkst dálítil umræða um þetta en ekki mikil.“

*Pétur segist telja sjálfsagt að svona hugmyndir séu ræddar. Margt mæli til dæmis með þessari skattaleið.*

„Einfaldleikinn í svona kerfi er verðmæti. Þegar þú flækir skattkerfi bindurðu mikinn mannskap í óarðbæra vinnu við að þjónusta dynti ríkisvaldsins. Sjáðu til dæmis orkuskattinn. Ég borga til dæmis 57 krónur fyrir rafmagn á mánuði og 83 krónur fyrir vatnið. Mín fjölskylda borgar 24 greiðslur á ári. Það eru 100 þúsund fjölskyldur í landinu. Það þarf því að halda utan um 2,5 milljónir færslna á ári. Þetta er fáránlegt.“

*Að endingu að landsdómsmálinu. Þér var mikið niðri fyrir í umræðum um það. Munu lyktir þess í þinginu hafa áhrif á samstarf og samvinnu manna og flokka?*

„Ég hef, þér að segja, unnið að því að deyfa reiðina. Það var mikil reiði meðal manna. Ég lærði þrettán ára að reiði er alltaf skaðleg. Menn segja og gera ýmislegt þegar þeir eru reiðir en gera aldrei neitt uppbyggilegt. Ég hef aldrei séð nokkurn mann gera eitthvað uppbyggilegt í reiði. Sjálfur reyni ég að vera ekki reiður lengur en í korter. Meira að segja í hruninu, ég lenti í ýmsu út af því, tapaði og svo framvegis, eftir korter fór ég að hugleiða hvað hægt væri að gera til framtíðar. Mér sýnist að þetta sé farið að lagast en það tók tíma. Ég reyndi líka að laga ástandið, tók í hendina á fólki sem ég var reiður úti og svo framvegis.“

*Reyndirðu að leiðbeina flokksfélögum þínum, sem sumir hverjir voru mjög reiðir?*

„Ég ætla ekkert að segja um það en það liggur ljóst fyrir að ef ég trúi að reiði sé skaðleg þá hlýt ég að útbreiða það fagnaðarerindi.“

### LÆRÐI Í ÞÝSKALANDI OG STOFNAÐI KAUPÞING



- Pétur er fæddur 24. júní 1944 og varð því 66 ára í sumar.
- Að lokinni skólagöngu í MR 1965 hélt hann til náms í Köln í Þýskalandi. Þar lauk hann prófi í eðlisfræði, stærðfræði, tölvufræði, hagnýtri stærðfræði, líkindafræði, tölfræði, tryggingastærðfræði og alþýðutryggingum. Námsferlinum lauk með doktorsprófi árið 1973.
- Pétur var sérfræðingur við Raunvísindastofnun Háskólans og kennari 1973-1977, forstjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna 1977-1984 og framkvæmdastjóri Kaupþings (sem hann stofnaði) 1984-1991. Samhliða og síðar sinnti hann tryggingafræðilegri ráðgjöf og útreikningum fyrir lífeyrissjóði og einstaklinga.
- Í gegnum árin hefur Pétur setið í ýmsum stjórnum um lengri eða skemmri tíma, t.d. í Húseigendafélaginu, Landssambandi lífeyrissjóða, Kaupþingi, Tölvusamskiptum, Sæplasti, SPRON og bankaráði Íslandsbanka.
- Pétur hefur verið alþingismaður Sjálfstæðisflokksins frá árinu 1995 og setið í fjölmörgum nefndum þingsins.







27% AFSLÁTTUR

**KALKÚNN**
1. FL.
# 1.098kr
~~ÁÐUR 1.498 KR/KG~~




30% AFSLÁTTUR

**LONDONLAMB**
# 1.469kr
~~ÁÐUR 2.099 KR/KG~~



**LAMBAHRYGGUR**
FERSKUR
## 1.299kr
~~ÁÐUR 1.438 KR/KG~~

24% AFSLÁTTUR




**NAUTAFILLET**
M/FITU, FERSKT
## 2.399kr
~~ÁÐUR 3.148 KR/KG~~




**KJÚKLINGA-BRINGUR**
BBQ MARINERAÐAR
## 1.998kr
KR/KG

X-TRA




**299** KR/PK.

30% AFSLÁTTUR



KJÖTSEL
**LAMBASALTKJÖT**
FERSKT Í LAUSU
## 1.049kr
~~ÁÐUR 1.498 KR/KG~~

30% AFSLÁTTUR



KJÖTSEL
**KREBENETTUR**
Í RASPI
## 909kr
~~ÁÐUR 1.298 KR/KG~~

50% AFSLÁTTUR



**ANANAS**
ÁVÖXTUR VIKUNNAR
## 148kr
~~ÁÐUR 295 KR/KG~~




**498** KR/PK.

30% AFSLÁTTUR



**HJÖRTU**
FERSK
## 299kr
~~ÁÐUR 427 KR/KG~~




**KJÚKLINGABRINGUR**
900 G
## 1.398kr
KR/PK.

25% AFSLÁTTUR




**FRANSKAR KARTÖFLUR**
1 KG
## 299kr
~~ÁÐUR 399 KR/PK.~~




**199** KR/STK.

29% AFSLÁTTUR




**LATABÆJARVATN**
310 ML
## 99kr
~~ÁÐUR 139 KR/STK.~~

42% AFSLÁTTUR




**BRAUÐSKINKA**
NETTÓ
## 698kr
~~ÁÐUR 1.198 KR/KG~~

32% AFSLÁTTUR




**HAFRAKEX**
400 G
## 99kr
~~ÁÐUR 145 KR/PK.~~




**389** KR/PK.

markhonnun.is

Gildir meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

## GILDIR 14. - 17. OKTÓBER

**SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!**

MJÓDD
SALAVEGUR
HVERAFOLD
REYKJANESBÆR
GRINDAVÍK
AKUREYRI
HÖFN

**NÝTT KORTATÍMABIL**

**nettó**
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL **NÝTT KORTATÍMABIL** NÝTT KORTATÍMABIL

398 KR. 12 STK
ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 12 X 60 ml

498 KR. 8 STK
ÍSTOPPAR MEÐ SÚKKULAÐI 8 X 120ml

298 KR. 3 STK
LÚXUS-ÍSPINNAR 3 X 120 ml

## FRÁBÆRT VERÐ Á EUROSHOPPER ÍS

98 KR. Kg
NÝJAR KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA OG RAUÐAR

157 KR. 250ml
MS HLEÐSLA 250ml

195 KR. 500g
EMMESS GRJÓNAGRAUTUR 500g

EUROSHOPPER ER KLÁRLEGA ÓDÝRASTI VALKOSTURINN

598 KR. 2 ltr.
EMMESS SKAFÍS *NÚ 33% MEIRA MAGN 2 LTR.*

198 KR. 250g
BERTOLLI VIÐBIT 500g

129 KR. 385g
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385g

195 KR. 1000g
EUROSHOPPER SYKUR 1000g

495 KR. 5 ltr.
RÚÐUVÖKVI 5 LTR.
*FROSTÞOL MÍNUS 9C*

125 KR. 625ml
CLEAN AND FRESH UPPÞVOTTALÖGUR 625ml

598 KR. 200ml
GILLETTE FUSION RAKGEL 200ml

398 KR. 500ml
BÓNUS LÝSI 500ml

20% MEIRA SAMA VERÐ

85 KR. 1000g
EUROSHOPPER HVEITI 1000g

298 KR. 750ml
HARPIC WC HREINSIR 750ml

698 KR. 12 RÚLLUR
NICKY WC 12 RÚLLUR

598 KR. 400ml
HEAD&SHOULDER SJAMPÓ EXTRA VOLUME

4195 KR. 1.2 ltr
*ÍSÍO4* MATAROLÍA
**20% MEIRA**
1.2 LTR. FLASKA

69 KR. 500g
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 500g

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL **NÝTT KORTATÍMABIL** NÝTT KORTATÍMABIL



Sérskorið ferskt lambalæri
Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein

1298 KR. kg

ÍSLANDSLAMB: SÉRSKORIÐ OG KRYDDAÐ LAMBALÆRI



Ferskt sérpakkað lambalæri af nýslátruðu haustið 2010 frá Kaupfélagi Skagfirðinga

1298 KR. kg

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA: SÉRPAKKAÐ FERSKT LAMBALÆRI




898 KR. kg

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK **NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK** NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK




998 KR. kg

ALI BAYONNESKINKA 1. FLOKKUR




298 KR. 500g

AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR 500g




998 KR. kg

BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR




259 KR. 300g

GÓÐKAUP SUÐUSÚKKULAÐI 300g




159 KR. 500g

MH SMJÖRLÍKI 500g




Samlokuostur í sneiðum frá Osta og smjörsölunni
**Nú með 25% afslætti**
**1157 kr./kg.**
Merkt verð 1542 kr./kg.




169 KR. 2 ltr.




169 KR. 2 ltr.



98 KR. 6 stk

**EUROSHOPPER BRAUÐ BAGUETTE OG RÚNSTYKKI** *BRAKANDI FERSK EFTIR AÐEINS 8-10 MÍN Í OFNINUM*



98 KR. 2 stk




398 KR. 500g

KJARNA KÓKOSOLÍA 500g

NÝTT Í BÓNUS
**NÝTT Í BÓNUS**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

**AFGREIÐSLUTÍMI**
**LAUGARD: 10-18**
**SUNNUD: 12-18**

# Ró kínverskra valdhafa raskað

Enn á ný beinist athygli umheimsins að mannréttindaástandinu í **Kína**, að þessu sinni vegna úthlutunar Nóbelsverðlaunanna. Kínverskir ráðamenn bregðast jafnan ókvæða við gagnrýni frá Vesturlöndum. Þeir hafa sagt samfélagsheildina eiga að ganga fyrir réttindum einstaklinga og frábiðja sér afskipti af innanríkismálum. ***Guðsteinn Bjarnason*** kynnti sér ástandið og viðbrögðin.

Baráttufólk fyrir mannréttindum í Kína hefur þurft að fórna miklu fyrir hugsjónir sínar. Sumir sjálfu lífinu, aðrir frelsi sínu og velferð. Margir hafa flúið land og þar með glatað tengslum við fjölskyldu, vini og átthagana.

Kínversk stjórnvöld segjast ekkert skilja í þessu. Mannréttindi séu tryggð í stjórnarskrá landsins og embættismannakerfið eigi að tryggja öllum gott líf eftir því sem framast er unnt í stóru landi þar sem fátækt hefur til skamms tíma verið hlutskipti flestra íbúa landsins, og þar sem enn er mikið starf óunnið við að útrýma henni.

### Bréf frá sendiráði

Í tölvupósti sem sendur var í vikunni til ritstjórnar Fréttablaðsins frá kínverska sendiráðinu í Reykjavík er bent á upplýsingar, sem eiga að draga fram sannleikann um Liu Xiaobo, kínverska rithöfundinn sem hlýtur friðarverðlaun Nóbels í ár.

Þar segir að friðarverðlaunahafinn hafi árum saman fengið greiddar stórar fjárhæðir frá bandarískum stjórnvöldum. Mest muni þar um 916.950 dollara, eða rétt um hundrað milljónir króna, frá bandarísku samtökunum NED, en sú skammstöfun stendur fyrir National Endowment for Democracy.

Í bréfinu frá kínverska sendiráðinu, sem reyndar er ekki undirritað, eru birtar fullyrðingar um að NED sé í reynd „borgaralegur armur“ bandarísku leyniþjónustunnar CIA.

„Í því ljósi,“ segir í bréfinu, „verður ákvörðun friðarverðlaunanefndar Nóbels að pólitískum launráðum, og Liu Xiaobo verður útsendari Bandaríkjanna.“



**ÁNÆGÐIR MEÐ SIG** Hu Jintao forseti og Wen Jiabao forsætisráðherra á löggjafarsamkomu í vor. Wen Jiabao hefur undanfarið gefið út yfirlýsingar um að gera þurfi einhverjar lýðræðisumbætur í Kína. Í gær hófst fundur Kommúnistaflokksins um nýja fimm ára áætlun efnahagslífsins, en á þeim fundi má hugsanlega búast við tíðindum af leiðtogaskiptum, sem gætu orðið eftir tvö ár. NORDICPHOTOS/AFP

### Harkaleg viðbrögð

Viðbrögð kínverskra stjórnvalda við ákvörðun norsku Nóbelsnefndarinnar voru harkaleg. Hún var sögð smánarleg og vanvirðing við hugsjón Nóbelsverðlaunanna. Liu Xiaobo sé glæpamaður sem hafi hlotið dóm samkvæmt kínverskum lögum. Kínverjar höfðu í hótunum við Noreg um að samskipti ríkjanna myndu nú versna.

Norðmenn hafa svarað því til að geri Kínverjar alvöru úr hótunum sínum verði það ekki til að bæta álit þeirra út á við.

Kínverjar hafa reyndar strax gert alvöru úr þeim, með því að afboða eða mæta ekki á fundi og ráðstefnur með Norðmönnum síðan tilkynnt var um Nóbelsverðlaunin.

### Ábyrgð Kínverja

Í rökstuðningi norsku Nóbelsnefndarinnar fyrir úthlutun verðlaunanna í ár segir að kínversk stjórnvöld séu brotleg við bæði alþjóðasáttmála og ákvæði eigin stjórnarskrár. Vegur Kína hafi batnað mjög undanfarið með sterkari efnahag og auknum áhrifum í heiminum.

„Hinni nýju stöðu Kína hlýtur að fylgja aukin ábyrgð,“ segir nefndin og hrósar Liu Xiaobo fyrir að hafa áratugum barist fyrir því að mannréttindi séu virt í Kína.

Nóbelsnefndin bendir á að hann sé engan veginn eini Kínverjinn, sem staðið hefur í þeirri baráttu jafnt innan sem utan Kína. Sú þunga refsing, sem hann hefur hlotið af hálfu kínverskra stjórnvalda, hafi hins vegar gert hann að „fremsta fulltrúa þessarar víðtæku baráttu fyrir mannréttindum í Kína“.

### Skert mannréttindi

Mannréttindasamtök á borð við Amnesty International og Human Rights Watch hafa áratugum saman gagnrýnt kínversk stjórnvöld fyrir margvísleg brot á þeim grundvallarréttindum sem tryggja ber öllum mönnum.

Þar munar hvað mestu um hömlur á tjáningarfrelsi og trúarfrelsi, veikburða dómskerfi sem stjórnvöld skipta sér óspart af, réttindaleysi fanga og hömlulitla notkun dauðarefsingar, bágborin verkalýðsréttindi og harkalega framkomu gegn minnihlutahópum á borð við Tíbeta og Úígúra.

Í ársskýrslu Amnesty International fyrir árið 2009 segir meðal annars að einstaklingar, sem barist hafa fyrir tjáningarfrelsi, fundafrelsi og samkomufrelsi hafi átt það mjög á hættu að verða fyrir áreitni af hálfu stjórnvalda. Þeir hafi margir verið handteknir eða settir í stofufangelsi, og jafnvel sætt pyntingum eða annarri illri meðferð. Fjölskyldur þeirra hafi einnig verið áreittar, þar á meðal börn, og lögfræðingar sem taka mál þeirra að sér eigi einnig á hættu að verða fyrir áreitni.

„Dómskerfið er enn mjög viðkvæmt fyrir pólitískum afskiptum,“ segir í ársskýrslunni. „Dómstólar, saksóknaraembætti og lögregla eru undir eftirliti kínverska Kommúnistaflokksins. Stjórnvöld hafa beitt víðtækum og óljósum ákvæðum hegningarlaga um ríkisöryggi og „ríkisleyndarmál“ til að þagga niður andóf og refsa þeim sem varið hafa mannréttindi.“

### Samstillta samfélagið

Kínversk stjórnvöld hafa stundum lýst því yfir að einstaklingurinn eigi ekki að njóta forgangs umfram samfélagsheildina. Réttindi einstaklings geti því þurft að víkja þegar samfélagsheildin er í hættu.

Þessi hugmynd um forgang heildarinnar er eitur í beinum mannréttindasinna, sem leggja alla áherslu á algildi mannréttinda.

Kínverjar hafa hins vegar, sumir hverjir, haldið því fram að hið ófrávíkjanlega algildi mannréttinda sé vestræn hugmynd, sem eigi einfaldlega ekki heima í austrænu samhengi.

„Samstillta samfélagið“ er hugtak, sem kínverskir ráðamenn segja grundvöll austrænnar mannréttindahugsunar. Í samstilltu samfélagi vinna allar einingar samfélagsins saman að velferð heildarinnar. Þeir sem beina spjótum sínum að öðrum einingum samfélagsins, til dæmis með gagnrýni á opinberum vettvangi, eru þar með að grafa undan heildinni, jafnvel þótt gagnrýnin eigi kannski við rök að styðjast.

### Afskipti af innanríkismálum

Allri utanaðkomandi gagnrýni á mannréttindaástandið í Kína hafa þarlend stjórnvöld síðan vísað á bug sem ólíðandi afskiptum af kínverskum innanríkismálum. Sjálfir telja kínverskir ráðamenn sig hafa passað sig vel á því að skipta sér ekkert af innanríkismálum annarra landa, eins og þeir skilgreina þau í það minnsta, til þess að verða nú ekki uppvísir að ósamkvæmni.

Allt þetta breytir því ekki að í Kína hefur fjöldi fólks lagt á sig gríðarlegar mannraunir til að reyna að hafa áhrif á ráðamenn, í þá átt að hin algildu mannréttindi, sem Kínverjar hafa skuldbundið sig til að virða með undirritun alþjóðlegra mannréttindasáttmála, verði í raun virt.

Kína er fjölmennt land og ekki er fyrirsjáanlegur þar neinn hörgull á fólki sem vill breyta ástandinu til hins betra, þrátt fyrir skilningsleysi stjórnvalda á þeirri baráttu.

Nokkur dæmi um fólk sem staðið hefur uppi í hárinu á kínverskum ráðamönnum, má sjá á myndum hér á síðunni.

> Borgarar Alþýðulýðveldisins Kína njóta málfrelsis, fjölmiðlafrelsis, fundafrelsis, félagafrelsis, fjöldagöngufrelsis og mótmælafrelsis.
>
> **35. grein kínversku stjórnarskrárinnar**

### Ýtt við stjórnvöldum?

Vera kann að breytingar séu nú í sjónmáli á þessari afstöðu kínverskra ráðamanna. Úthlutun Nóbelsverðlauna til Liu Xiaobo gæti ýtt við mörgum Kínverjum, bæði úr röðum almennings sem hinna sem völdin hafa.

Nú þegar hafa hundrað kínverskir baráttumenn fyrir mannréttindum, þar á meðal lögfræðingar og aðrir menntamenn, skrifað bréf til stjórnvalda, þar sem þau eru hvött til þess að láta Liu lausan.

Einnig hafa 23 öldungar í kínverska Kommúnistaflokknum skrifað opið bréf til stjórnvalda, þar sem þeir hvetja til þess að tjáningarfrelsið verði virt.

Bréfið var sent fáum dögum eftir tilkynningu Nóbelsnefndarinnar, en meiru skiptir ef til vill að nú er að hefjast í Kína fundur Kommúnistaflokksins þar sem næsta fimm ára áætlun efnahagslífsins verður afgreidd.

### Umbætur í sjónmáli?

Fylgst verður grannt með því hvort á fundinum sjáist merki þess hvaða breytingar verði í æðstu leiðtogastöðum flokksins, en leiðtogaskipti eru næst á dagskrá árið 2012.

Einnig hafa vaknað vonir um að á fundinum verði ræddar breytingar á stefnu flokksins í mannréttindamálum, en Wen Jiabao forsætisráðherra hefur undanfarið gefið til kynna að flokkurinn þurfi að opna fyrir frjálsa og lýðræðislega umræðu í samfélaginu.

„Án stjórnmálaumbóta getur Kína glatað því sem það hefur nú þegar náð fram með efnahagsumbótum,“ sagði hann í ágúst síðastliðnum.

Fyrir fáeinum vikum sagði hann einnig að kröfur um lýðræði og endurbætur í landinu muni brátt verða það sterkar, að ekki verði hægt að standa gegn þeim.

## LIU XIAOBO OG LIU XIA



Friðarverðlaunahafi ársins, sem nú situr í fangelsi í Kína fyrir „undirróður gegn ríkisvaldinu“, og eiginkona hans, sem er í stofufangelsi á heimili þeirra í Peking. Liu Xiaobo tók virkan þátt í lýðræðishreyfingunni á Tiananmen-torgi árið 1989. Hann var aðalhöfundur mannréttindaskrárinnar Charter O8, sem 350 kínverskir menntamenn undirrituðu árið 2008. Árið eftir var hann dæmdur í ellefu ára fangelsi.

## BAO TONG



Bao Tong, fæddur 1932, var háttsettur embættismaður í Kína og studdi sem slíkur lýðræðisumbætur, en sagði af sér 1989 þegar Deng Xiaoping, þáverandi leiðtogi Kommúnistaflokksins, tók ákvörðun um að brjóta á bak aftur mótmælin á Tiananmen-torgi. Hann var handtekinn nokkrum dögum áður en herinn réðst til atlögu gegn mótmælendum. Hann býr nú í Peking, nánast í stofufangelsi, undir ströngu eftirliti yfirvalda.

## WEI JINGSHENG



Wei Jingsheng, fæddur 1950, hefur áratugum saman verið einn þekktasti andófsmaður Kína. Hann var fyrst handtekinn árið 1979 og losnaði ekki fyrr en sextán árum síðar, árið 1993, en var svo handtekinn aftur nokkru síðar. Hann var rekinn úr landi árið 1997, eins og fleiri kínverskir andófsmenn, og sendur til Bandaríkjanna, að mestu fyrir tilstilli Bills Clinton forseta, og þar býr hann enn.

## HU JIA OG ZENG JINYAN



Hu Jia, fæddur 1973, hefur tekið þátt í baráttu fyrir lýðræðisumbótum í Kína og lagt sérstaka áherslu á málstað alnæmissjúkra. Einnig hefur hann barist fyrir því að pólitískir fangar verði látnir lausir. Hann var síðan handtekinn sjálfur árið 2006 og síðan aftur árið 2007 og situr í fangelsi, eins og Liu Xiaobo, en á að losna út á næsta ári. Í vor bárust fréttir af því að hugsanlega væri hann alvarlega veikur.

## ÞJÓÐERNISMINNIHLUTAR



Rebia Kadeer, sem barist hefur fyrir réttindum Úígúra, ásamt Dalaí Lama, leiðtoga Tíbeta, sem búið hefur hálfa öld í útlegð á Indlandi. Kadeer var rekin úr landi árið 2004 eftir að hafa setið sjö ár í fangelsi, þar af tvö ár í einangrunarklefa. Þótt Úígúrar og Tíbetar teljist til minnihluta í Kína eru þetta fjölmennar þjóðir. Úígúrar í Kína eru líklega um ellefu milljónir og Tíbetar um fimm milljónir.

# 20 FRÁBÆRAR HUGMYNDIR FYRIR BARNAHERBERGIÐ

ILVA
einfaldlega betri kostur

**BALL.** Loftljós.
Ø40 cm. **Verð 8.995,-**
*Einnig fáanlegt í hvítu og svörtu.*

**BIRDHOUSE.** Hilla m/skúffu.
39,7x20,7x18 cm. **Verð 4.900,-/stk**

shop online

**Verslaðu á ilva.is**
**Sendum um allt land**

NÝTT

**FINDUS.**
Fataskápur. Hvítlakkaður.
180x86x50 cm. **Verð 79.900,-**
Geymslukassi lítill.
25,5x36x36 cm. **Verð 6.900,- /stk.**

**CLAUDIO.** Geymslubox.
18x15x18 cm. **Verð 895,-**
23x18x23 cm. **Verð 1.495,-**
28x25x28 cm. **Verð 1.595,-**

**VEGGA.** Vegghengt skiptiborð m/dýnu. Járn.
70x65 cm. **Verð 39.900,-**

**HANGER.** Barnaherðatré.
Ýmsir litir. **Verð 195,- /stk.**

**OLIVIA.** Bútateppi barna. Bómull.
80x100 cm. **Verð 4.995,-**

NÝTT

**MALIK.** Barnarúm án dýnu.
Hvítlakkað. 60x120 cm.
**Verð 19.900,-**

NÝTT



**TODDLER.** Barna testell.
Postulín. **Verð 2.995-**

**TODDLER.** Maracas.
Ýmsar gerðir. **Verð 995,- /stk.**

NÝTT

**LINYEE.** Taska m/rósum.
**Verð 5.995-**



NÝTT

**FINDUS.** Rúmgrind án dýnu. Hvítlökkuð. 90x200 cm. **Verð 49.900,-**
Geymslukassi stór. 25,5x74x36 cm. **Verð 12.900,- /stk.**






**Gjafakort** eru gefin út á þjónustuborði ILVA.
Frábær gjöf fyrir upphæð að eigin ósk.

**STEP.** Hilla, 5 hillur. Ýmsir litir.
190x85x35. **Verð 22.900,-**

**FLOWER.** Spegill blóma.
51x51 cm. **Verð 4.995-**

© ILVA Ísland 2008

NÝTT

**TODDLER.** Sparibaukur m/doppum. **Verð 995,- /stk.**

**BALL.** Veggljós. Ýmsir litir.
Ø40 cm. **Verð 6.995,-**

NÝTT

**LINYEE.** Púði. Bómull.
**Verð 3.995,- /stk.**

**JELLYFISH.** Loftkollur. Minni gerð.
Ýmsir litir. 51x47 cm. **Verð 9.900,-**

**TODDLER.** Tambúrín, 2 litir.
**Verð 1.495,- /stk.**

**NEMO.** Skrifborðsstóll.
93x44x47 cm. **Verð 9.900,-**

ILVA kaffi

**Samloka og salat.**
**Verð 395.-**



**ILVA Korputorgi** Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

sendum um allt land



**TÁKN DUBAI** Hótelið Al Arab lengst til vinstri stendur á manngerðri eyju undan Dubai en reka þurfti 230 metra súlur niður í jörð til að tryggja hótelgrunninn. Arkitektinn Tom Wright hafði arabískar seglskútur að fyrirmynd og vonaðist til að byggingin yrði táknmynd Dubai.

# *Háhýsi og hringlaga hús*

Uppbyggingin í Sameinuðu arabísku furstadæmunum hefur verið óheyrilega mikil og byggingarnar eru ekki af hefðbundnu tagi eins og myndir *Pjeturs Sigurðssonar*, ljósmyndara á Fréttablaðinu, sýna glöggt.



**SKAKKI TURNINNN** Það er víðar en í Písa á Ítalíu sem finna má skakkan turn, eins og Capital Gate skýjakljúfurinn í Abu Dhabi sannar. Hann er 160 metrar, nær þrisvar sinnum hærri en turninn í Písa.



**HÆSTI TURN Í HEIMI** Burj Khalifa í Dubai er hæsti skýjakljúfur heims, 828 metrar á hæð.



**SKÝJAKLJÚFAR Í RÖÐUM** Fjöldi háhýsa er í Dubai og hýsa þeir bæði skrifstofur og íbúðir.



**HRINGLAGA HÖFUÐSTÖÐVAR** Bygginga- og fasteignafélagið Aldar reisti sér þessar höfuðstöðvar í Abu Dhabi sem þóttu þær framúrstefnulegustu í heiminum 2008.

Sameinuðu arabísku furstadæmin eru sambandsríki sjö furstadæma á suðausturhorni Arabíuskagans. Meðal furstadæmanna eru **Abu Dhabi** og **Dubai** þar sem myndirnar eru teknar.

# HÚSGAGNAHÖLLIN

# Fullkomin slökun

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL Á ÞÍNU HEIMILI MEÐ VÖRUM FRÁ HÚSGAGNAHÖLLINNI



BOXDÝNA 35% AFSLÁTTUR

**NOCTURNE 322** Millistíf dýna. Prjónað áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 273 svæðaskipta pokagorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Verð án fóta.

**80/90 X 200 cm** með 25 mm latex yfirdýnu:
**64.980**
ÁÐUR: 99.980

NOCTURNE®



BOXDÝNA 30% AFSLÁTTUR

**NOCTURNE 315** með þykkri yfirdýnu, 25 mm svampur, millistíf dýna. Frotte áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 114 Bonell gorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Verð er án fóta.

**90 X 200 cm** með svamp yfirdýnu:
**28.990**
ÁÐUR: 42.980



BOXDÝNA 50% AFSLÁTTUR

**NOCTURNE 322** Millistíf dýna. Prjónað áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 273 svæðaskipta pokagorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Hægt er að velja yfirdýnu með 40 mm latex- eða celsíusheilsusvampi með hita- og þrýstijöfnun. Yfirdýnurnar eru báðar klæddar Coolmax® áklæði, sem hleypir raka frá líkamanum og heldur líkamanum þurrum yfir nóttina. Verð án fóta.

**90 X 210 cm** með coolmax yfirdýnu:
**69.990**
ÁÐUR: 139.980

**120 X 200 cm** með latex yfirdýnu:
**64.990**
ÁÐUR: 101.980

**90 X 200 cm** með latex yfirdýnu:
**32.990**
ÁÐUR: 51.980

**140 X 200 cm** með latex yfirdýnu:
**74.990**
ÁÐUR: 110.980



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

LAZBOY®

**ANDERSON** La-z-boy stóll. B:85 D:85 H:100 cm. Fæst með brúnu og rauðu áklæði.

**59.990**
ÁÐUR: 79.980



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

LAZBOY®

**RIALTO** La-z-boy stóll. B:80 D:90 H:150 cm. Fæst með grænu, brúnu og rauðu áklæði.

**79.990**
ÁÐUR: 109.980



NÚNA 25% AFSLÁTTUR

LAZBOY®

**ASPEN** La-z-boy stóll. B:85 D:85 H:100 cm. Fæst með hvítu og svörtu leðri.

**99.990**
ÁÐUR: 139.980

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10 - 18. Laugard. 12 - 18. Sunnud. 13 - 17.

# Við eigum ekki að niðurgreiða drasl

**Opinber menning er hverju lýðræðissamfélagi nauðsynleg að mati dr. Dragans Klaic en hið ríkjandi fyrirkomulag er staðnað og úrelt. Hefðbundin stofnanaleikhús eru smám saman að breytast í niðurgreidd markaðsleikhús. Í samtali við *Bergstein Sigurðsson* ræðir Klaic framtíð opinberrar menningar og hvers vegna hann telur tónleikahallir á borð við Hörpu vera hættulega staði.**

Ómarkaðsdrifnar listgreinar eru í mikilli samkeppni við markaðsvænar skemmtanir um allan heim en hefur gengið illa að verja stöðu sína og réttlæta opinberar niðurgreiðslur.

Í opnunarfyrirlestri á sviðslistahátíðinni Keðju í Tjarnarbíói á dögunum ræddi dr. Dragan Klaic vanda ómarkaðsdrifinna listgreina á tímum niðurskurðar. Útgangspunktur hans var sá að menningarstofnanir sem reknar væru fyrir opinbert fé bæru ábyrgð þegar kæmi að lýðræði í samfélaginu og að þeim bæri að vera brautryðjendur í listrænni nýsköpun en ekki eftirmynd markaðsdrifinnar skemmtunar. Þetta hefði hins vegar ekki tekist. Helsta ástæðan væri sú að ríkjandi fyrirkomulag í opinberum menningarrekstri væri staðnað og úrelt. Fréttablaðið ræddi við dr. Klaic að loknum fyrirlestri.

## Úreltar stofnanir

*Þú heldur því fram að hefðbundnar menningarstofnanir séu tímaskekkja. Hvað áttu við?*

„Aðstæður opinberrar menningar hafa gjörbreyst á undanförnum áratugum. Hnattvæðing hefur gjörbreytt samhengi hennar, það hefur orðið sprenging í menningargreinum, markaðsdrifin skemmtun hefur náð ríkjum, stafræna byltingin kom til sögunnar og lífsstíll fólks er orðinn miklu einstaklingsmiðaðri. Það eru miklu fleiri listamenn um hituna; gömlu stofnanaleikhúsin sitja ekki lengur nánast ein að áhorfendahópnum. Þetta og fleira hefur gert að verkum að rótgrónu menningarstofnanirnar eru orðnar pólitískt ósjálfbærar.“

*En má ekki halda því fram að þessar stofnanir hafi ákveðið þjóðmenningarlegt gildi?*

„Út á það ganga þjóðernissinnuðu íhaldsrökin – að menningarstofnanirnar endurspegli á einhvern hátt sjálfsmynd viðkomandi þjóðar, listasögu hennar og landlægar hefðir. Þetta er úrelt viðhorf, hugtak á borð við þjóðleikhús hefur afar litla merkingu nú til dags.“

## Hugmyndafræðileg eyðimörk

*En andstæðingar opinberra styrkveitinga myndu halda því fram að einmitt af þessum ástæðum sem þú nefnir sé opinber menningarrekstur orðinn óþarfur.*

„Já, það eru frjálshyggjurökin. Einkavæðum allt og látum markaðnum eftir menninguna. Ég hafna því vegna þess að það stuðlar að menningarlegri einsleitni; í markaðsdrifnu leikhúsi verður engin listræn endurnýjun og nýsköpun, sem er hverju lýðræðissamfélagi nauðsynleg. Opinber menning og opinber rými stuðla að samfélagslegri meðvitund borgaranna.

Á hinn bóginn höfum við líka popúlistarökin gegn opinberri menningu, sem eru á þá leið að menning og listir séu áhugamál vinstraliðsins eða elítunnar, sem sé að láta skattgreiðendur niðurgreiða tómstundagamanið sitt. Það þarf að svara þessum öflum fullum hálsi. Það er til dæmis auðveldlega hægt að sýna fram á að hópurinn sem sækir tónleika og leikhús er frekar fjölbreyttur og sú fjölbreytni helst í hendur við niðurgreiðslur. Því ódýrari sem miðinn er, því fjölbreyttari er áhorfendahópurinn.

En þetta er ekki það eina sem stendur opinberri menningu fyrir þrifum. Vandinn er líka sá að vinstriflokkarnir hafa ekkert haft til málanna að leggja undanfarna þrjá áratugi – hvorki sósíaldemókratar né græningjar. Jú, þeir slá um sig með frösum um aukna þátttöku, aukið aðgengi, lágt miðaverð og svo framvegis en vinstrið er hugmyndafræðileg eyðimörk hvað opinbera menningu varðar.“



**DR. DRAGAN KLAIC** „Framlög til stofnanaleikhúsa eru skorin niður í litlum skömmtum og þeim er ýtt í áttina að markaðnum. Í stað þess að hleypa nýju lífi í opinbera menningu stöndum við uppi með niðurgreidd markaðsleikhús. Það er þversögn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Vandinn er líka sá að vinstri flokkarnir hafa ekkert haft til málanna að leggja undanfarna þrjá áratugi – hvorki sósíaldemókratar né græningjar.

*En hvað er til ráða? Á að stokka menningarstofnanirnar rækilega upp?*

„Kerfið þarfnast sannarlega allsherjar endurskoðunar en ég mæli ekki með róttækri uppstokkun. Hættan er sú að dæmið sé ekki hugsað til enda og fyrir vikið geri það meiri skaða en gagn. Þetta er það sem hefur verið að gerast á Norðurlöndunum. Framlög til stofnanaleikhúsa eru skorin niður í litlum skömmtum og þeim er ýtt í áttina að markaðnum.

Í stað þess að hleypa nýju lífi í opinbera menningu stöndum við uppi með niðurgreidd markaðsleikhús. Það er þversögn. Ef við lítum á efnisskrána hjá flestum stofnanaleikhúsunum í Skandinavíu sjáum við að þorri sýninganna sem þau bjóða upp á er markaðsvænt drasl. Framkvæmdastjórarnir segja: „En við verðum að sýna allt þetta drasl til að geta boðið af og til upp á góða sýningu.“ Ég segi: Hættum að niðurgreiða markaðsdrifið drasl. Látum markaðsöflunum eftir slíkar sýningar!“

*En hvaða tökum á þá að taka opinberan menningarrekstur?*

„Útgangspunkturinn á ekki að vera sá að spara pening eða hagræða, heldur að styrkja og efla opinbera menningu. Landslagið er ekki lengur bundið við gömlu menningarstofnanirnar; sjálfstæðum leikhópum fer fjölgandi, einstökum verkefnum og menningarhátíðum.

Öll þessi ólíku form hafa sitthvað til síns ágætis og verðskulda jafna möguleika á opinberum styrkjum, þar sem fyrri árangur og áform eru höfð til hliðsjónar en ekki söguleg hefð, þar sem styrkirnir renna sjálfkrafa til sömu stofnana.

Auk þess að uppræta einokun ákveðinna menningarstofnana á fjárveitingu er hægt að dreifa ákvarðanatöku og auka eftirlit með tilliti til markmiða, gæðakrafna og væntinga.“

## Menningarhallir byggðar á órum

*Þú minntist líka á rýmisvanda stofnana.*

„Já. Flest opinber leikhús eru með 500 til 700 sæti. Það er ekki nóg til að vera gróðavænlegt og of mikið fyrir ómarkaðsdrifnar sýningar. Húsið sem við erum í, Tjarnarbíó, er mjög heppilegt rými; 150-450 manna hús er góð stærð fyrir opinbera menningarstarfsemi. Það er ekki of dýrt í rekstri og sætanýting er tiltölulega góð.

Það er eins og menn hafi ekki enn áttað sig á því að menningarleg samkeppni hefur stóraukist á undanförnum áratugum. Í flestum borgum með yfir 100 þúsund íbúa hefur fólk úr mörgum uppákomum að velja. Það er ólíklegt að góð sætanýting náist kvöld eftir kvöld í 500 til 1000 sæta sal, sérstaklega ef verið er að gera eitthvað flókið og krefjandi.“

*Hvernig líst þér þá á tónlistarhúsið, Hörpu, sem er að rísa við höfnina?*

„Þetta er hættulegur staður. Svona menningarhallir byggja á þrjátíu ára gömlu úreltu módeli. Kostnaðurinn við yfirbygginguna á eftir að verða gríðarlegur, þetta verður orkusvelgur og það verður erfitt að bjóða upp á dagskrá sem laðar að nógu margt fólk.

En þetta er ekkert einsdæmi. Víða í Austur-Evrópu er verið að byggja tröllaukin hús í þessum dúr fyrir peninga úr framkvæmdasjóðum ESB. Það er útbreidd ranghugmynd að í öllum Evrópuborgum sé hægt að bjóða upp á 200 tónleikadaga á ári. Þetta eru draumórar, en alls ekki séríslenskir.“

*Hvernig losnar opinberi menningargeirinn úr þessari pattstöðu sem þú telur hann vera í?*

„Það er ljóst að sú yfirhalning sem opinber menning þarfnast mun ekki verða að frumkvæði stjórnmálamanna. Það stendur upp á listamenn að mynda breiðfylkingu með almenningi um að koma breytingum í gegn. En ég sé satt best að segja lítil merki þess að það sé að fara að gerast.“

## Ábyrgð að sýsla með opinbert fé

*Þú segir að opinber menning eigi ekki að vera rekin á forsendum markaðarins en engu að síður geti menningargeirinn tileinkað sér margt úr viðskiptum. Hvað áttu við?*

„Þótt markmiðið listamanna sé ekki að græða peninga heldur búa til merkilega afurð verða þeir engu að síður að gera fjárhagsáætlun og halda sig við hana, vinna með það fé sem þeir hafa á milli handanna, gera raunhæfar áætlanir um mögulega aðsókn og svo framvegis.

Í því felst ábyrgð að sýsla með opinbert fé. Mér finnst alltaf jafn sláandi að hugsa til þess að á Ítalíu eru rekin að mig minnir fjórtán opinber óperuhús, sem samanlagt eru rekin með halla upp á um 460 milljónir evra. Og enginn kippir sér upp við það! Í stjórnum þessara húsa sitja stjórnmálamenn, kaupsýslumenn, auðjöfrar. Þetta fólk hefur enga ábyrgðartilfinningu gagnvart almenningi. Hvernig getur þetta lið horft á sjálft sig í spegli?

Að hluta til helgast þetta af litlu gagnsæi. Niðurgreiðslur eru sjaldnast veittar á grundvelli afmarkaðs samnings, með ákvæðum um markmið, væntingar og skyldur, heldur með opinberri fyrirskipun. Mögulega fylgja einhver almenn skilyrði en það er ekkert eftirlit með því. Því fer sem fer.“

*Í rannsóknum þínum blínir þú á menningargeirann í alþjóðlegu samhengi. Sumir myndu halda því fram að margt af því ætti ekki við á Íslandi, sökum fámennis og landfræðilegrar einangrunar.*

„Sérstaða Íslendinga er vissulega nokkur; þið eruð fámennara ríki en gengur og gerist. Á móti kemur að þátttökuhlutfall á opinberum menningarviðburðum á Íslandi er með því hæsta í heiminum. Þið eruð með mjög góðar aðsóknartölur og ég komst meðal annars að því að eftir hrun hefur tónleika- og leikhúsaðsókn aukist. Það er mjög hughreystandi.

Það má heldur ekki gera of mikið úr þessari sérstöðu; ýmislegt sem fólk hefur nefnt við mig sem séríslenskt einkenni eða þróun á sér hliðstæðu víða í Evrópu. Í stað þess að líta á Reykjavík sem höfuðborg í litlu landi eigið þið að líta á hana eins og hverja aðra 120 þúsund manna borg í Evrópu.“

### DR. DRAGAN KLAIC

Dr. Dragan Klaic er fæddur í fyrrum Júgóslavíu en býr í Hollandi. Hann hlaut doktorsgráðu í leikhúsfræðum frá Yale-háskóla árið 1977. Hann er fyrrverandi prófessor við Listaháskólann í Belgrad og Amsterdamháskóla, stjórnaði Theater Instituut Nederland á árunum 1992-2001, var formaður EFAH 2001-2004 og er stofnandi og formaður European Festivals Research Project. Í dag starfar dr. Klaic sem rithöfundur, fræðimaður, menningarrýnir, fyrirlesari, ráðgjafi og kennari, þar sem hann fjallar um sviðslistir í samtímanum, menningarstefnu og alþjóðlega menningarsamvinnu. Hann hefur skrifað ýmis menningartengd rit og greinar og vinnur nú að bók um framtíð leikhúss í Evrópu. Dr. Dragan Klaic vinnur nú að nýrri bók um leikhús í Evrópu í dag og framtíð þeirra. Nánari upplýsingar er að finna á www.draganklaic.eu




# Með kaupum á miða í happdrætti Blindrafélagsins styður þú blinda og sjónskerta til sjálfstæðis.

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, er mannréttindasamtök sem berst fyrir því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu lífi og að þeim sé tryggður jafn réttur og tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Með því að kaupa happdrættismiða tekur þú virkan þátt í að styðja blinda og sjónskerta einstaklinga á öllum aldri til sjálfstæðis og stuðlar þannig að auknum lífsgæðum þeirra og um leið betra samfélagi.

Á www.blind.is eru ítarlegar upplýsingar um mikilvæg og fjölbreytt verkefni Blindrafélagsins. Leiðsöguhundar eru aðeins eitt dæmi.

**Miði í happdrætti Blindrafélagsins er kominn í heimabankann þinn. Nú getur þú valið að styðja blint og sjónskert fólk.**

Happdrættismiðinn þinn birtist sem **valkrafa** í heimabankanum þínum. Númerið á miðanum er það sama og seðilnúmerið á valkröfunni. Dregið verður í happdrættinu þann **10. des. nk.** Vinningar í happdrættinu eru glæsilegir, alls tæplega 300 talsins og heildarupphæð þeirra er **yfir 50 m.kr.**

## Þinn stuðningur til sjálfstæðis

*Blindrafélagið þarf að afla 80-90% af tekjum sínum með fjáröflunum til að geta haldið úti nauðsynlegri starfsemi og þjónustu.*

**BLINDRAFÉLAGIÐ**
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

Frekari upplýsingar á www.blind.is og í síma 525 0000.
Vinningaskrá verður birt á síðu 290 í textavarpi sjónvarpsins og á www.blind.is

Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • Fax 525 0001 • www.blind.is • Netfang blind@blind.is





# Ævintýri sem heillað hefur kynslóðir

Ævintýrið um **Dísu ljósálf** kom fyrst út á íslensku árið 1928. Söngleikur byggður á bókinni verður frumsýndur eftir viku. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** veltir fyrir sér vinsældum verksins og ræddi við leikstjórann og höfund söngleiksins, **Pál Baldvin Baldvinsson.**

Ævintýrið um Dísu ljósálf fjallar um álfastúlku sem verður viðskila við móður sína. Í kjölfarið taka skógarhöggshjón hana heim með sér og þar er hún hneppt í varðhald. Til að tryggja að hún sleppi ekki frá þeim klippir maðurinn af henni vængina og hefur myndin af þeim gjörningi brennt sig í barnsminni margra Íslendinga sem seint fá gleymt þessum grimmilegu örlögum.

Þráður verksins snýst um leit Dísu að móður sinni og lendir hún í miklum hremmingum á þeirri leið, er ekki fyrr laus úr einni prísund þegar hún lendir í annarri. Hún sýnir útsjónarsemi og sjálfstæðan vilja, trúir á hið góða í þeim sem allir fordæma, og sér óréttlæti í meðferð vina sinna froskanna á storki nokkrum sem heldur inn á þeirra áhrifasvæði. Þannig sver sagan sig í ætt við ævintýri þar sem söguhetjan eflist og þroskast á vegferð sinni.

Bókin um Dísu er eftir hollenskan höfum G. T. Rotman. Hann er einn frumkvöðla í teiknimyndagerð. Tengingin við teiknimyndir verður enn ljósari þegar sagan er skoðuð í Morgunblaðinu árið 1927 þar sem hún birtist fyrst. Þann 11. nóvember gefur að líta í aukablaði sem fylgdi Morgunblaðinu söguna Ljósálfurinn litli, og má þar sjá fyrstu tólf myndir sögunnar en hún birtist í blaðinu sem framhaldssaga.

Ári síðar kom sagan út á bók og hefur verið gefin út sex sinnum síðan, árið 1956, 1986, 1991, 1993, 1999 og 2008. Má ætla að eftir að nýrri útgáfa hófst á árinu 1986 séu hið minnsta um fimmtán þúsund eintök til á heimilum landsmanna – eru þá ótalin gömul eintök sem til eru lúin og snjáð í hillum víða um land. Síðast þegar bókin var gefin út, árið 2008, endaði hún sem þriðja mest selda bókin á Íslandi það árið. Sigþrúður Gunnarsdóttir, ritstjóri barna- og unglingabóka hjá Forlaginu sem gefur bókina út, segir að svo virðist sem hvergi hafi hún náð jafn mikilli hylli og hér.

Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í bókmenntafræði, segir skýringuna á vinsældum sögunnar um Dísu ljósálf hér á landi að hluta til þá að fáar myndskreyttar bækur hafi verið til þegar bókin kom út í fyrstu. „Það var hvert einasta barn á Íslandi í klessu út af myndinni þegar verið er að slíta vængina af Dísu,“ segir hún og bendir á að bókin hafi verið verið mjög áhrifarík, börn verið þyrst í myndskreyttar bækur og lesið þær upp til agna.

Ævintýraheimurinn sé án landamæra og ungir íslenskir lesendur ekki átt í vandræðum með að samsama sig ævintýrum litlu álfameyjarinnar. Bókin hafi svo náð að lifa með kynslóðunum og eldri kynslóðir séð til þess að gefa þeim yngri bókina um Dísu.

Tvö ævintýri Rotmans eru þekkt hér á landi auk Dísu, Alfinnur álfakonungur og Dvergurinn Rauðgrani og brögð hans. Þau hafa einnig verið endurútgefin nokkrum sinnum.



## Lærir að standa á eigin fótum

Bókin um Dísu ljósálf var ein af mínum uppáhaldsbarnabókum,“ segir Álfrún Helga Örnólfsdóttir leikkona sem fer með hlutverk Dísu í söngleiknum. „Hún var lesin fyrir mig sem barn og mér fannst hún mjög heillandi persóna. Hún lendir í ýmsum kröggum en þroskast gegnum söguna og lærir að standa á eigin fótum. Myndirnar í bókinni eru líka svo grípandi að aðrar persónur eins og moldvarpan, froskarnir og storkurinn verða svo eftirminnilegar. Það er líka svo spennandi þegar söguhetjur lenda í vanda og hvað gæti verið dramatískara en að týna mömmu sinni.“






## AFTUR Í LEIKHÚSIÐ MEÐ LJÓSÁLF

**Páll Baldvin Baldvinsson skrifar söngleik fyrir alla fjölskylduna**



Páll Baldvin las bókina um Dísu ljósálf sér til ánægju í æsku en hugmyndin að leikriti byggðu á henni kviknaði árið 2001. „Þá var ég á milli starfa og var að vinna í ýmsum leiktextum. Eitt af því sem ég gerði í þessu millibilsástandi var að ég tók þessa gömlu myndasögu og bjó til úr henni leikgerð sem var fyrir tólf leikara og tuttugu börn. Hún þótti of umfangsmikil og fór beint ofan í skúffu. Í endurmenntunarleyfi hjá Fréttablaðinu fór ég ofan í skúffuna og ákvað að vinna verkið upp á nýtt. Í staðinn fyrir að skrifa beinlínis leikgerð upp úr þessari sögu þá má eiginlega segja að ég hafi samið söngleik frá grunni, það er að segja texta og söngtexta. Þetta er eiginlega sjálfstætt verk þó að það dragi dám af bókinni um álfameyna,“ segir Páll Baldvin sem snýr nú til leikhússins eftir langt hlé.

Í framhaldinu varð úr að Gunnar Þórðarson semdi tónlist við verkið. Uppfærslan er minni í sniðum en upphafleg leikgerð Páls Baldvins var, en þó býsna umfangsmikil. Auk sjö leikara sem taka þátt í verkinu dansa átta dansarar í því undir stjórn Helenu Jónsdóttur. María Ólafsdóttir sér um búningana og Gunnar Þórðarson stjórnar hljómsveitinni.

Söngleikurinn er settur upp í Austurbæ. Páll Baldvin segir tilgang sinn hafa verið að setja saman verk sem öll fjölskyldan hefði gaman af, frá fjögurra ára aldri og upp úr. Þó að stytta hafi þurft söguna verði allar eftirminnilegustu persónurnar á sviðinu í Austurbæ. Verkið verður frumsýnt eftir viku.

## FRUMKVÖÐULL Í TEIKNIMYNDASÖGUM

**Listaskólagenginn höfundur sem naut mikilla vinsælda.**

Höfundur Dísu ljósálfs, G. T. Rotman var mjög þekktur á sínum tíma. Hann var listaskólagenginn, lærði í akademíunum í Amsterdam og Haag. Að loknu námi og hermennsku í fyrri heimsstyrjöldinni sá hann sér farborða með kennslu en hóf teiknimyndasögugerð að áeggjan vinar síns. Fyrsta myndasagan hans fjallaði um músasystkini og birtist í hollensku dagblaði. Hún varð afar vinsæl rétt eins og fleiri sögur sem hann samdi í kjölfarið. Rotman lést árið 1943 fimmtugur að aldri. Hann var lítt hrifinn af uppgangi nasismans og segir á heimasíðunni Lambiek.net, þar sem finna má ýmis konar fróðleik um frumherja teiknimyndasagna, að sköpunarkraftur hans hafi lamast eftir valdatöku nasista.



**Ostameistarar**
ráðleggja um osta og aðrar mjólkurvörur

**Einkaþjálfarar**
gefa ráð um notkun prótein- og íþróttadrykkja

**Hjúkrunar- og næringafræðingar**
ráðleggja um notkun Benecols við lækkun blóðþrýsting

**16. okt. í Hagkaup Garðabæ**

# MJÓLKUR- & OSTADAGAR
## Í HAGKAUP




24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 17. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## GÓÐ ÁHRIF Á KYNLÍFIÐ

„Ég fór í ófrjósemisaðgerð þegar ég var þrítugur. Hjá mér atvikaðist þetta þannig að við hjónin settumst niður og skoðuðum stöðuna okkar. Við vorum þá búin að eignast okkar þriðja barn, þetta var fjárhagslega erfiður tími þó að við höfum þraukað það. En við sem sagt ákváðum að við vildum ekki eignast fleiri börn og ég sé alls ekki eftir því,“ segir Einar Halldór Jónsson.

„Auðvitað varð ég að hugsa þetta alveg til enda og ég gerði það, ég settist niður með sjálfum mér og hugsaði: ég á þessi þrjú börn og hvað er það versta sem getur gerst? Ég er ekki það barnalegur að ég haldi að það sé tryggt að ég verði með konunni minni það sem eftir er ævinnar. En ég hugsaði með mér, hvað er það versta sem getur gerst? Jú, það að hún hendi mér út. Er þá það fyrsta sem ég ætla að gera að eignast ný börn með nýrri konu? Ég velti þessu fyrir mér og komst að því að ég ætlaði ekki að hafa áhyggjur af því. Sama hvað gerist þá á ég alltaf þessi börn og þarf ekki að eignast fleiri. Og þannig er þetta líka mjög rómantísk ákvörðun, ég er með þessu að segja að ég ætli bara að eignast þessi börn sem við eigum saman. Svona aðgerð hefur líka góð áhrif á kynlífið, það þarf ekki að hugsa frekar um getnaðarvarnir en konan þoldi illa pilluna.“

Einar Halldór segir það ekki hafa komið til greina á sínum tíma að konan hans færi í ófrjósemisaðgerð til að koma í veg fyrir frekari barneignir. „Aðgerðin á konum er erfiðari og svo var hún nýbúin í erfiðri nýrnaaðgerð. En aðgerðin tók enga stund og ég fór heim samdægurs, þetta snýst aðallega um að taka ákvörðunina,“ segir Einar Halldór, sem segist aldrei hafa séð eftir henni. Þó hafi hann slegið á þráðinn til læknis nýverið til að fá upplýsingar um líkurnar á því að hann gæti eignast barn. Þau hjónin hafi fengið smá fiðring, en þegar þau hafi sest niður og skoðað málið þá hafi þau afráðið að bæta ekki við fjórða barninu. „Við eigum þrjú börn, 12, 15 og 19 ára gömul og þau þurfa á okkur að halda í dag, sambandið breytist þegar börnin eldast en þau þurfa samt á manni að halda. Svo þarf líka að hugsa um fjárhagslegu hliðina þegar barneignir eru íhugaðar.“

Einar Halldór hefur verið opinskár um þessa ákvörðun sína frá fyrstu tíð. „Þetta er ekkert feimnismál þó að það hafi oft vakið hlátur til að byrja með að ég hafi farið í ófrjósemisaðgerð. Ég hef oft verið kallaður Einar grjónapungur af vinum mínum,“ segir Einar Halldór og hlær. „En ég sé alls ekki eftir þessu og hef oft sagt við vini mína: if you got the balls to do it then do it.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Axla ábyrgð með ófrjósemisaðgerð

Sífellt fleiri karlar fara í **ófrjósemisaðgerð**. Langflestir eru í sambandi og hafa eignast tvö börn eða fleiri þegar þeir ákveða að eignast ekki fleiri börn. ***Sigríður Björg Tómasdóttir*** komst að því að fjölgun aðgerða er ein birtingarmynd þess að karlar taka meiri ábyrgð í fjölskyldulífinu.

Karlmenn eru fúsari en nokkru sinni fyrr að axla ábyrgð í málefnum fjölskyldunnar, til að mynda með því að fara í ófrjósemisaðgerð, hafi þar ákveðið að eignast ekki fleiri börn. Þetta segir Guðjón Haraldsson þvagfæraskurðlæknir. Í fyrra fóru 358 karlar í ófrjósemisaðgerðir en tíu árum fyrr voru þeir 202, árið 1995 voru þeir 87.

„Karlmenn eru miklu fúsari til þess að axla ábyrgð á stærð fjölskyldunnar en var,“ segir Guðjón Haraldsson þvagfæraskurðlæknir. Hann segir ófrjósemisaðgerðir ekki lengur feimnismál, sem sé afar gott. „Menn ræða þetta sín á milli sem góða og varanlega getnaðarvörn. Það hefur orðið mjög heilbrigð, opin og vandræðalaus umræða um þessar aðgerðir,“ segir Guðjón sem segir mikið hafa breyst þegar horft sé tíu til fimmtán ár aftur í tímann. „Þátttaka karla í umönnun er orðin meiri og þeir eru virkari í fjölskyldulífinu sem hefur örugglega sitt að segja. Fólk er almennt gríðarlega vel upplýst og veit að þessi aðgerð er ekki mikið mál og dregur ekki úr kynhvötinni nema síður sé.“

### Fullkomin getnaðarvörn

Guðjón segir þó afar mikilvægt að menn velti vel fyrir sér aðgerðinni áður en þeir láti til skarar skríða. Þeir fari til að mynda alltaf fyrst í viðtal hjá þvagfæraskurðlækni þar sem farið er yfir aðgerðina og hvernig hún fer fram og eftirmál.

Í stuttu máli eru sáðleiðarar í eistum karlmanns rofnir, stykki tekið úr þeim og lokað fyrir báða enda. Aðgerðin er minni háttar og nægir staðdeyfing. Guðjón segir þó suma karlmenn kjósa að vera svæfðir, sumir vilji ekki vera vakandi í aðgerðinni. Karlmenn séu almennt fljótir að jafna sig eftir aðgerðina og fari heim að henni lokinni. Til samanburðar sé ófrjósemisaðgerð á konum mun meira mál en fara þarf inn í kviðarhol kvenna til að loka eggjaleiðurum með klemmum eða plasthringjum.

Eftir að sáðleiðarar hafa verið rofnir komast sáðfrumurnar ekki leiðar sinnar og að átta vikum loknum eru þeir búnir að tæma sig og getnaðarvörnin er fullkomin. Sæðisvökvi heldur hins vegar áfram að myndast, hann á að mestu leyti upphaf sitt í blöðruhálskirtli og sáðblöðrum og karlmenn sjá því vart mun á sæðismagni eftir aðgerð. Eini munurinn er sá að engar sæðisfrumur eru í sæðinu.

Eftir átta vikur er karlmönnum ráðlagt að skila inn sæðisprufu til að athuga hvort aðgerðin hafi ekki skilað tilætluðum árangri.

„Aðgerðin er varanleg getnaðarvörn og þeir sem í hana fara verða að gera sér grein fyrir því. Árangur af endurtengingu sáðleiðara er til að mynda ekki sérlega góður eða innan við 30 prósent. Sá möguleiki er reyndar einnig fyrir hendi að sækja sæðisfrumur í eistun og nota til tæknifrjóvgunar. Af því er betri árangur eða yfir 50 prósent.“

### Biðja um herraklippingu

„Hópurinn sem hingað kemur er að langstærstum hluta karlmenn eldri en 35 ára sem eru í sambandi og eiga á bilinu tvö til fjögur börn og eru sáttir við það hlutskipti. Þeir gantast gjarnan með það strákarnir þegar þeir koma hingað að þeir séu að fara í herraklippingu og þá er öllum hér ljóst hvað um er að ræða,“ segir Guðjón.

## ÓFRJÓSEMISAÐGERÐIR 1995 - 2009




## FLEIRI KARLAR OG FÆRRI KONUR

Á sama tíma og ófrjósemisaðgerðum karla hefur fjölgað hefur ófrjósemisaðgerðum kvenna fækkað mikið. Að mati Reynis Tómasar Geirssonar, yfirlæknis á kvennadeild Landspítalans, er vitaskuld samhengi þar á milli. Hann segir viðhorf karlanna greinilega hafa breyst mjög mikið. Þeir taki meiri þátt í fjölskyldulífinu en fyrr og óttist ekki lengur að ófrjósemisaðgerð dragi úr karlmennsku þeirra.

Aðgerðin á konunum sé vissulega meira mál, en á það beri einnig að líta að til séu betri getnaðarvarnir nú fyrir konur á seinni hluta fæðingaraldurs, til að mynda hormónalykkjan, sem sé getnaðarvörn sem dugar í fimm ár eftir að hún hefur verið sett í. Hann bendir einnig á að eftir að fæðingaraldur kvenna hækkaði þá þurfi konur síður á ófrjósemisaðgerð að halda.

jura
IMPRESSA Z7
SWISS MADE




KAFFIVÉLAKYNNING
Þér er boðið í kaffi
í dag frá kl 11:00 til kl 15:00
Jura kaffivélar fyrir alla sem elska kaffi
EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

heimili & hönnun
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI ]
október 2010

## Heimili Bítlanna

Húsgögn og munir í anda sjöunda áratugarins. SÍÐA 6





## KRADS á uppleið

Fjallað er um KRADS í nýrri bók um upprennandi arkitektastofur. SÍÐA 2



SHARP
Pioneer
OLYMPUS
Nintendo
SAMSUNG
ERUM FLUTT AFTUR Í LÁGMÚLA 8, 2. hæð
OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRÁ KL. 11-15


ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



# HANDLAGINN HEIMILISFAÐIR

**Heimili Kristjáns Brynjars Bjarnasonar og Erlu Bjargar Valgeirsdóttur prýða heimasmíðuð húsgögn í bland við gamalt og nýtt.**

BLS. 4

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hágæða þvottavélar
Kolalaus mótor
Hljóðlátar og byggðar til að endast
Panasonic
ideas for life
OKTÓBER TILBOÐ
Verð frá 119.990

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## Nýtt undir sólinni



● **SYKURSÆT** og frumleg loftljós voru kynnt á hönnunar- og húsgagnasýningunni í Mílanó á síðasta ári en ljósin eru hönnun slóvenska hönnuðarins Nika Zupanc fyrir Moooil. Ljósin, sem kallast „Lolita“, eru bjöllulaga og í mjúkum litatónum, meðal annars ljósbleik og ljósfjólublá og hafa síðasta árið vakið mikla athygli.



● **AÐDÁENDUR JAMIE OLIVER** sem langar að Oliver-væða eldhúsið sitt geta glaðst yfir vefverslunum nútímans. Á heimasíðu matgæðingsins er rekin verslun með úrvali ótal fallegra smáhluta í eldhúsið; alls kyns krúsir, bollar, hnífapör, mortél og fleira. Slóðin er jamieoliver.com/jme/



● **FERM LIVING** er danskt hönnunarfyrirtæki sem hefur slegið í gegn með skemmtilegum innanstokksmunum, gjarnan með grafískum mynstrum og myndum. Púðar, vegglímmiðar og borðbúnaður eru meðal þess sem fyrirtækið hannar. Epal hefur nú nýhafið sölu á hlutum frá Ferm Living og meðal þess sem hægt er að fá í versluninni eru dýralímmiðar í barnaherbergið, bollar og púðar.



● **STEFANO GIOVANNI** ætti að vera Íslendingum að góðu kunnur en svokallaðir „bombó“-stólar hönnuðarins slógu í gegn hérlendis fyrir nokkrum árum. Stólar hans sem fóru í framleiðslu á síðasta ári virðast ætla að slá sambærileg met erlendis en stólarnir bera skemmtilegan titil, „Vanity chair“, sem kalla mætti pjatt- eða hégómastóla upp á íslensku. Stólarnir fást í alls kyns litum en grind þeirra er hálfgegnsæ.



● **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók mynd af Kristjáni Bjarnasyni smið á heimili sínu. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is.


AÐVENTA 3



Hálft fæði og allar skoðunarferðir innifaldar

Aðventuferð

29. nóvember - 6. desember

Aðventustemning, jólaglögg og hunangskökuilmur. Jólamarkaðir Þýskalands eru víðfrægir, jólastemning er í borg og bæ. Ferðin hefst á flugi til Frankfurt en síðan verður ekið til Niflungaborgarinnar Worms þar sem við gistum í eina nótt. Eftir skoðunarferð um vinalegu borgina Worms er haldið til næstelstu borgar Þýskalands, Kempten, en þess má geta að borgin er jafnframt heimaborg fararstjórans Ingu og þekkir hún því þar hvern krók og kima. Förum í skoðunarferð um borgina og á jólamarkaðinn, en auk þess í dagsferð til borgarinnar Augsburg sem er einn áfangastaða Rómantísku leiðarinnar. Fjallabærinn Oberstdorf verður sóttur heim, en þar væri upplagt að taka kláf upp á Nebelhorn og njóta stórkostlegs útsýnis yfir Alpana. Eftir ánægjulega daga í Kempten höldum við til Nürnberg þar sem elsti jólamarkaður Þýskalands er. Gistum þar í 2 nætur og njótum dagsins í gömlu ríkisborginni áður en flogið er heim á leið.

**Fararstjóri: Inga Ragnarsdóttir**

**Verð:** 162.400 kr. á mann í tvíbýli. **Örfá sæti laus!**

**Innifalið:** Flug, skattar, hótelgisting, allar skoðunarferðir með rútu, hálft fæði og íslensk fararstjórn.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR






Kristján segir KRADS vera með mörg járn í eldinum. „Við höfum klárað okkar fyrsta einbýlishús í Danmörku, svokallað Villa G í Randers á Jótlandi, og erum að hanna grunnskóla og íbúðarblokkir þar í landi.“

# Á heimsmælikvarða

● Íslensk-danska arkitektastofan KRADS er á meðal upprennandi arkitektastofa sem fjallað er um í nýrri bók sem hefur verið gefin út í tengslum við Tvíæringinn í Feneyjum.



**„Við ákváðum að setja mikinn kraft í að skapa stofunni ný og spennandi verkefni,“ segir Kristján hjá KRADS, sem hefur vakið alþjóðlega athygli á árinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er að sjálfsögðu mjög skemmtilegt að vera með í þessum góða hópi og um leið mikil viðurkenning á okkar starfi,“ segir Kristján Örn Kjartansson, einn eigenda KRADS, sem um er fjallað í nýrri bók þar sem kynntar eru til sögunnar 45 ungar og upprennandi arkitektastofur víðs vegar í heiminum.

Bókin kallast Worldwide Architecture – The Next Generation og er gefin út af ítalska forlaginu Wolters Kluwer í tengslum við Tvíæringinn í Feneyjum. Þar lét KRADS að sér kveða og kynnti verkefni stofunnar í veglegri veislu, sem haldin var í tilefni af útgáfu bókarinnar í borginni við síkin. Kristján getur þess að KRADS sé eina stofan í bókinni sem er fulltrúi tveggja landa, Íslands og Danmerkur. „Við erum nefnilega með stofur í báðum löndum,“ útskýrir hann.

Óhætt er að segja að KRADS hafi vakið mikla athygli á árinu, þar sem stofan var að auki verðlaunuð á fjórða alþjóðlega þríæringnum í Ósló. „Við lentum í öðru sæti í hugmyndasamkeppninni Man Made Reformulate fyrir tillögu að því hvernig mætti lífga upp á bílastæðahúsin í Ósló. Okkur þótti það ekki síður ánægjulegt,“ segir Kristján og getur þess að á dögunum hafi stofunni borist í hendur veglegur bæklingur sem inniheldur verðlaunatillögurnar, þar á meðal frá KRADS.



**Worldwide Architecture er nú fáanleg á netinu.**

Kristján segir þessa viðurkenningu og fleiri afrakstur af mikilli hugmyndavinnu sem stofan hafi farið í í kjölfarið á samdrætti í byggingaiðnaði. „Við ákváðum að setja mikinn kraft í að skapa stofunni ný og spennandi verkefni. Okkur hefur reyndar reitt ágætlega af undanfarið þar sem við erum frekur ung stofa, með lítinn mannskap og útibú að auki í Danmörku þar sem markaðurinn hefur ekki orðið eins illa úti í kreppunni. Þar eru verkefnin aðeins fleiri en þess utan held ég að almennt sé farið að birta aðeins til í þessum bransa,“ segir hann og getur þess að stofan hafi mörg járn í eldinum.

„Við erum nýbyrjaðir að vinna með hönnuðum í New York að spennandi verkefni í Istanbúl, sem felur meðal annars í sér innanhúshönnun fyrir kvikmyndasal, hljóðstúdíó og útsýnisbar. Þá vorum við með vinnustofu fyrir nemendur arkitektadeildar LHÍ í vor, í samvinnu við skólann og LEGO Concept Lab. Við verðum með vinnustofuna í Den Skandinaviske Designhøjskole í Randers í Danmörku í nóvember og ætlum að kynna hana í fleiri skólum í Evrópu og Bandaríkjunum, svo fátt eitt sé nefnt.“

- rve

## GÓÐ KAUP ... fyrir baðherbergið



**Eldrauð sápupumpa úr hinni skemmtilegu Zone-heimilislínu. Húsgagnahöllin, Bíldshöfða 20. Verð: 990 krónur.**



**Þykkt og stórt túrkíslitt handklæði, 100x150 cm. Rúmfatalagerinn, Smáratorgi 1. Verð: 1.995 krónur.**



**Röndótt og marglitt sturtuhengi, ljómandi til að lífga upp á litlaust baðherbergi. IKEA, Kauptúni 4. Verð: 1.790 krónur.**



## Setjum upp kynjagleraugun

# Landssöfnun
## gegn kynferðisofbeldi
## helgina 15.–16. október 2010

Á föstudag og laugardag selja **Skottur** kynjagleraugun. Ágóðanum verður varið til þess að efla þjónustu við fólk sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi.

Markmið landssöfnunar **Skottanna** er að breyta **Stígamótum** í sólarhringsmiðstöð. Auk bættrar ráðgjafarþjónustu verður opnað athvarf fyrir konur sem vilja brjótast út úr vændi og mansali. Jafnframt mun verkefnið **Stígamót á staðinn** verða endurvakið utan höfuðborgarsvæðisins. Akureyringar styðja **Aflið** og Vestfirðingar **Sólstafi**. Kynjagleraugun verða seld í flestum verslunarkjörnum um land allt.

Skottur

Samstarfsvettvangur íslenskra kvennasamtaka



Kristján smíðaði borðstofuborð fyrir heimilið. Stólarnir leyndust á smíðaverkstæði frænda Kristjáns og reyndust í hinu besta ástandi.



Kertastjakann keyptu Kristján og Erla í Epal.



Kristján leitaði fanga í Góða hirðinum og fékk hægindastólinn fyrir slikk.



Kristján smíðaði náttborðið úr afgangs eikarparketti. Borðið er á þremur fótum en Kristján hefur gaman af hlutum sem fá áhorfandann til að efast um að þeir geti staðið.



Skenkinn gerði Kristján upp en hann var illa farinn. Gylltu ugluna fékk húsmóðirin frá ömmu sinni og bak við hana syndir gullfiskurinn Gerður í hringi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Smíðaði eigið borðstofuborð

● Heimili Kristjáns Brynjars Bjarnasonar og Erlu Bjargar Valgeirsdóttur prýða heimasmíðuð húsgögn í bland við gamalt og nýtt.

Kristján Brynjar Bjarnason er nýfluttur inn í nýtt hús við Laugaveg ásamt unnustu sinni Björgu Valgeirsdóttur. Þrátt fyrir staðsetninguna segir Kristján rólegt í húsinu. „Við þekkjum bæði miðbæjarskarkalann en við verðum ekki vör við neitt, þetta er eins og að búa uppi í sveit,“ segir Kristján. Beðinn um að lýsa heimilinu segir hann stílinn blöndu af nýju og gömlu. Leitað hafi verið fanga í Góða hirðinum en heimilið prýða einnig húsgögn eftir Kristján sjálfan, sem er húsasmiður að mennt. „Borðstofuborðið smíðaði ég því mér blöskraði verðlagið á borðstofuborðum á markaðnum. Þetta er mdf-plata lökkuð með bílalakki en grindina og fæturna smíðaði ég úr tekkstaur sem ég fékk ódýrt og þurrkaði upp. Ég nýtti afganginn af honum í litla drauga sem ég hef í gluggakistunni,“ segir Kristján þar sem hann situr við gluggann í gömlum stól úr Góða hirðinum. Stólana við borðstofuborðið sá Kristján á smíðaverkstæði hjá frænda sínum sem hann vann hjá um tíma. Hann hafði lengi augastað á þeim áður en hann fékk þá gefins. „Stólarnir eru í fínu ástandi. Við vitum ekki alveg uppruna þeirra, hvort þeir eru íslensk sjóræningjaútgáfa af stólum Hans J. Wegner eða hvort þeir eru eftir hann sjálfan, en við erum mjög ánægð með þá. Skenkinn fengum við líka í Góða hirðinum. Hann var illa farinn svo ég sparslaði hann upp og málaði. Björg hefur gaman af styttum héðan og þaðan og gylltu ugluna á skenknum fékk hún að gjöf frá ömmu sinni. Í skálinni býr síðan gullfiskurinn okkar, hún Gerður.“

● **HÚSRÁÐ KRISTJÁNS** Ef brunablettur kemur í tekk hef ég heyrt að gott sé að láta majónes liggja á blettinum, þá eigi hann að hverfa. Ég hef reyndar ekki prófað þetta sjálfur. Gamla mublu úr tekki má pússa upp með sandpappír, þannig nást öll óhreinindi og blettir úr viðnum. Pússa olíu ofan í viðinn með sandpappírnum. Best er að nota rétta olíu eða þar til gerða tekkolíu. Láta olíuna liggja og þurrka svo olíuna sem ekki dregst inn í viðinn af með þurrum klút. Ekki maka of oft á tekk, viðurinn á ekki að verða gegnsósa af olíu.




ENSKA ÁN ERFIÐIS

Tungumál.is

Fjarnám með vönduðum námsgögnum. Þú hlustar, lest og talar. Engin tölvukunnátta nauðsynleg. Aðstoð frá kennara í 6 mánuði. Fullt verð kr 28.600 tilboðsverð kr. 24.310

Enska án erfiðis er tilvalið fyrir þá sem þurfa að taka á enskugrunninum og þjálfa talmálið.

Upplýsingar í síma 540-8400 820-3799

Tilboð gildir til 15. nóvember 2010

Fjarnám með vönduðum námsgögnum og auk 1 kennslustundar á viku í 6 vikur. Fullt verð kr. 39.900 tilboðsverð kr. 33.915

Bjóðum upp á sértíma fyrir hópa

* „Ég fékk hnút í magann í hvert skipti sem ég reyndi að tala ensku. Nú tala ég afslappað“ 43 ára hjúkrunarfræðingur

*„ Fór í gegnum mitt nám með lélega enskukunnáttu. Get lesið en átti erfitt með að tala. Frábært! Takk.“

*„Lærði aldrei almennilega ensku, vegna lélegrar kennslu. Nýkominn með stórum hóp frá Bretlandi, gaman að sjá samanburðinn. Þetta var frábært. 39 ára smiður.

*„Átti aldrei tækifæri til að hressa upp á enskukunnáttuna. Enska án erfiðis var tækifæri sem mitt stéttarfélag kynnti fyrir okkur og studdi. Hæstánægður.“ 58 ára vélstjóri

* „ Við hjónin tókum okkur til og lærðum samhliða heima. Vorum misgóð. Björgum okkur mjög vel í dag. “ 68 og 72 ára „heldri borgarar“





**Safnaskottur** er dagskrá á Kjarvalsstöðum í tengslum við sýninguna Með viljann að vopni. Boðið verður upp á ýmsar uppákomur. Í dag verður flutt brot úr einleiknum Ferðasaga Guðríðar og á sunnudag tekur Hildur Hákonardóttir þátt í leiðsögn um sýninguna Með viljann að vopni.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



## NÁMSAÐSTOÐ

**Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?**

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

**Nemendaþjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233**

## Patti.is

**Landsins mesta úrval af sófasettum**







**Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is**
**Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16**

## Meirapróf






ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

**Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737**

**Nýtt námskeið hefst 20. október**


**Um helgina flýgur Þóra Sigurðardóttir rithöfundur með tvö sæt smábörn sín til paradísar Bahamaeyja**



;HELGIN | 2

# Brjáluð vinna að vera gift

Um helgina ætla ég að bregða mér í heimsókn til eiginmannsins og sinna honum aðeins á Bahamaeyjum," segir Þóra Sigurðardóttir rithöfundur, spurð út í helgarplanið, en eiginmaður hennar, Völundur Snær Völundarson matreiðslumeistari, rekur þar rómað veitingahús.

„Ég kann ágætlega við mig á Bahamaeyjum, en lífið þar er mun afslappaðra en maður á að venjast. Að mínum dómi sárvantar þar íslenska eldmóðinn því Íslendingar eru vanir að ganga með drift í hlutina. Veðurfarið er þó dásamlegt og ómetanlegt að þurfa ekki að klæða börn sín í sokkabuxur og stígvél áður en haldið er út í daginn. Svo er auðvitað eintóm




## Við fögnum 6 ára afmæli

15-50% afsláttur af öllum vörum
Lokadagur. Opið 11 - 16

**Tilboðin eru einnig í vefverslun**
**www.lindesign.is**

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið Sími 533 2220 www.lindesign.is



**Hundaræktunarfélagið REX** stendur fyrir árlegri haustsýningu í Reiðhöll Gusts við Álalind í Kópavogi í dag og á morgun, frá klukkan 11 til 17. Alls eru 132 hundar af 17 tegundum skráðir til leiks og á sýningunni verða jafnframt básar með vörur fyrir hunda.

Framhald af forsíðu

bíómynd að vera þar aleinn á hvítri strönd við tæran sjó því fátt er um fólk á þessari flötu eyju. Mér þykir einsleitt landslagið reyndar fínt, en eftir öll árin úti þráir Völli orðið hóla og hæðir, og hressilegt íslenskt rok,“ segir Þóra sem lifir draumalífi í hugum margra.

„Það eru vissulega forréttindi að eiga athvarf í slíkri paradís og geta unnið vinnu sína hvar sem er í heiminum. Það hentar mér vel meðan börnin eru svo ung, en brátt kemur að því að við þurfum að festa einhvers staðar rætur. Við erum þó samstíga í að vera spontant og gengur illa að gera plön langt fram í tímann. Það er líka alltaf eitthvað skemmtilegt í gangi og ef ekki, búum við það til; ekki síst minn dugmikli og framtakssami Völli,“ segir Þóra um sinn ektamann, en saman eiga þau tveggja ára strák, Baldvin Snæ, og tveggja mánaða stelpu, Móeyju Mjöll.

„Ástina bar mjög brátt að og við höfðum aldrei búið saman þegar við giftum okkur, sem er líklega mesta heimska í heimi. Við vorum heppin því hann hefði getað reynst vera vitleysingur, eða þá ég. Sem betur fer átti þetta að gerast, var ofur rómantískt og við létum bara slag standa, enda ekki fyrir að velta okkur of lengi upp úr hlutunum. Því held ég að við höfum valist ágætlega saman og þótt það sé brjáluð vinna að vera giftur hefur hjónabandið lukkast nokkuð vel og gengur betur í dag en þegar við vorum nýgift. Við höfum því slípast saman og erum að verða eins og gott rauðvín sem skánar með aldrinum,“ segir Þóra, en þau Völundur eru dugleg að minna á hversu alsæl þau eru með hvort annað og að njóta barnaláns.

„Snáðinn varð reyndar kveikjan að Foreldrahandbókinni því hann lá ekki og svaf eins og systir sín nú í vöggu. Ég hélt að móðurhlutverkið yrði mér eðlislægara því alls staðar er keppst við að fræða mann um meðgönguna, en eftir að barn fæðist er gert ráð fyrir að allt gangi eins og í sögu. Ég uppgötvaði því fljótt að á mér brunnu ógrynni spurninga og byrjaði að leita upplýsinga sem ég fór strax að skrifa hjá mér. Á endanum fannst mér ég luma á leyndarmáli sem ég yrði að deila með öðrum,“ segir Þóra sem hvergi hefur fundið sams konar bók, þótt lesið hafi hún mýmargar.

„Það hefur farið í taugarnar á mér hversu hlutirnir eru fegraðir og talað um brjóstagjafaravanda og svefnleysi eins og hverja aðra taugaveiklun. Staðreyndin er sú að meðganga og fæðing er stærsta upplifun lífsins og algjör kúvending á tilverunni. Eða eins og Jóhann G. Jóhannsson, meðstjórnandi minn í Stundinni okkar, orðar það best í pistli í bókinni: Þú verður aldrei aftur einn. Það er alltaf einhver manneskja sem fylgir þér, hvort sem hún er með þér eða fjarri.“

Þóra útskýrir að bókin sé óður til foreldrahlutverksins sem ekki sé gert nógu hátt undir höfði.

„Í mínum huga eru einstæðar mæður mestu hetjur þjóðarinnar, en því miður eru þær eins og úrhrök í íslensku samfélagi, sem álítur foreldrahlutverkið ruslakistu. Bókin er handbók með liðsinni færustu sérfræðinga á sínu sviði, en einnig persónulegri reynslu minni og fjölmargra foreldra úr íslenskum veruleika,“ segir Þóra sem hóf skriftir með son sinn nýfæddan fyrir tveimur árum og lauk þeim rétt í tæka tíð fyrir fæðingu dóttur sinnar í sumar.

„Þetta hefur verið ótrúlega skemmtilegt og ég ekki viðræðuhæf um annað í langan tíma. Mér finnst ég óskaplega rík að eiga tvö börn, en eiginmaðurinn þykist hafa lagt inn pöntun fyrir þremur. Við sjáum til. Þrír eru góð tala, ekki síst fyrir börnin að eiga fleiri systkini, en ég leyfi þeim að stækka meira fyrst. Það er ekki leikur að eignast börn eins og í veðri er látið vaka, og við ekki komnar á sýningarpallinn eins og Heidi Klum tveimur vikum eftir fæðingu. Það gleymist nefnilega að segja okkur frá hárlosi, grindargliðnun, gyllinæð og því að maður verður slappur eins og selur. Ég sá alltaf fyrir mér að ég kæmi valhoppandi út af fæðingardeildinni í gömlu gallabuxunum blístrandi hress og héldi veisluboð þar sem allir kæmu hressir til að hlusta á fæðingarsöguna þar sem allt gekk svo vel. En það gæti ekki verið fjær sannleikanum.“

*thordis@frettabladid.is*



Þóra segir að hún hefði viljað búa yfir þeirri lífsreynslu að eiga sjálf börn þegar hún sá um Stundina okkar og nú hafi hún skilning á beiðnum foreldra um eiginhandaráritanir, því sjálf mundi hún snúa Magnús Scheving niður á götu í dag til að gefa syni sínum færi á að nálgast Íþróttaálfinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Í mínum huga eru einstæðar mæður mestu hetjur þjóðarinnar, en því miður eru þær eins og úrhrök í íslensku samfélagi, sem álítur foreldrahlutverkið ruslakistu. “

# Ný verslun á Garðatorgi með notuð föt fyrir nýja eigendur

**Ný Rauðakrossverslun með notuð föt verður opnuð á Garðatorgi í Garðabæ í dag. Á opnunarhátíð milli 13 og 15 verður meðal annars tískusýning þar sem kynnir er hinn geðþekki Frímann Gunnarsson.**

Garðabæjardeild Rauða krossins efnir til hátíðar í dag í tilefni af opnun nýrrar fatabúðar á Garðatorgi. Ávörp verða flutt og hæfileika- og listafólk gefur vinnu sína og styrkir með því Hjálparsjóð Rauða krossins.

Sigurður Flosason, ásamt bræðrunum Ómari og Óskari Guðjónssonum spilar af fingrum fram og Kvennakór Garðabæjar syngur undir stjórn Ingibjargar Guðjónsdóttur. Bæjarstjórinn verður í broddi fylkingar á tískusýningu í umsjón nemenda af listnámsbraut FG en kynnir verður Frímann Gunnarsson (Gunnar Hansson). Einnig verður uppboð á listmunum þar sem Tryggvi Páll Friðriksson listmunasali heldur um hamarinn og bíður eftir hæstu boðum.

Taflfélagið Mátar stendur svo fyrir hraðskákmóti á torginu samhliða þessari dagskrá.




Katrín Matthíasdóttir og Hrafnhildur Kvaran, forsvarsmenn Garðabæjardeildar Rauða krossins, við nýju búðina sem verður opnuð í dag á Garðatorgi. Listaverkin utan við búðina verða boðin upp á opnunarhátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýja búðin er full af flottum flíkum sem bíða eftir nýjum eigendum. Þar munu sjálfboðaliðar sjá um afgreiðslu og allur hagnaður af sölunni þar rennur í Hjálparsjóð Rauða krossins.












# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

TOYOTA
**Notaðir bílar Kletthálsi**
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is



TOYOTA PREVIA W/G. Árgerð 2005, ekinn 181 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.890.000 SÚBER TILBOÐ 1.990.000. Rnr.995077 Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.



TOYOTA YARIS T-SPORT. Árgerð 2009, ekinn 11 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 3.190.000 Tilboð 2.790.000. Rnr.995287



TOYOTA YARIS T-SPORT. Árgerð 2002, ekinn 180 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 850.000. Rnr.140162



TOYOTA RAV4 Lengri útfærsla Vel útbúin. Árgerð 2007, ekinn 54 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.



TOYOTA RAV4 GX. Árgerð 2007, ekinn 18 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.290.000.Engin skipti Rnr.110628



HYUNDAI H-1. Árgerð 2006, ekinn 71 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 2.750.000 Tilboð 2.370.000. Rnr.110610 Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.



TOYOTA AURIS TERRA DÍSEL. Árgerð 2008, ekinn 62 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 2.450.000 Tilboð 2.090.000. Rnr.110540 630.þ út og 39.þ á mán í 4ár Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.



TOYOTA COROLLA S/D TERRA. Árgerð 2009, ekinn 49 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 2.360.000 Tilboð 2.130.000. Rnr.110530 640.þ út og 32.þ á mán í 5ár Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.



TOYOTA COROLLA S/D TERRA DÍSEL. Árgerð 2009, ekinn 53 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 2.590.000 Tilboð 2.350.000. Rnr.110583 710.þ út og 35.þ á mán í 5ár Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.



TOYOTA HILUX DOUBLE CAB. Árgerð 2007, ekinn 52 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 3.750.000 Tilboð 3.390.000. Rnr.110612 Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX. Árgerð 2007, ekinn 75 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 5.770.000 Tilboð 5.190.000. Rnr.110611 Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX. Árgerð 2006, ekinn 72 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 6.090.000 Tilboð 5.190.000. Rnr.110594 Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.



TOYOTA RAV4 GX. Árgerð 2007, ekinn 84 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.890.000 Tilboð 2.540.000. Rnr.150296 760.þ út og 38.þ á mán í 5ár Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.



TOYOTA RAV4 GX DÍSEL. Árgerð 2008, ekinn 75 þ.km, DÍSEL, 6 gírar. Verð 3.970.000 Tilboð 3.520.000. Rnr.110580 1060.þ út og 52.þ á mán í 5ár Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.



TOYOTA YARIS SOL MM. Árgerð 2009, ekinn 56 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.110554 550.þ út og 27.þ á mán í 5ár Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.



TOYOTA YARIS TERRA DÍSIL. Árgerð 2009, ekinn 63 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 2.190.000 Rnr.110515 570.þ út og 28.þ á mán í 5ár Komdu við hjá Toyota kletthálsi og skiptu bílnum þínum í annan nýlegri.

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Sími: 570 5220**
**www.toyotakopavogi.is**

**bíll.is**
bestir í bílum...



FORD TRANSIT 300M. Árgerð 2002, ekinn 241 þ.km, DÍSEL Litur vel út Tilboðsverð 790.000. Rnr.132875



MAZDA 6 H/B T. Árgerð 2006, ekinn 42 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Mjög snyrtilegur bíll vetrardekk fylgja Verð 2.050.000. Rnr.132840

**Bill.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

Við elskum að selja bíla
diesel.is
Klettháls 15 • Sími 578 5252



Kia Sorento 170 Hö disel. 1/2008 Ek.33 þkm. Sjálfskiptur, krókur, auka gangur af vetrardekkjum á felgum. Er eins og nýr. Tilboð 3.990.- Skoðar skipti á ód. fólksbíl.

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**

**Bíla & FerðavagnaMarkaður**



Bíla & FerðavagnaMarkaður. Óskum eftir öllum gerðum af bílum og ferðavögnum á skrá. Visa/Euro lán allt að 500.000 kr. til 36 mán. til 36 mán. Stórt útipláss. 25 % afsláttur af sölulaunum. Upplýsingar í síma 445-3367 - ferdavagnamarkadur.is - Höfðabakka 9

**Ferðavagnamarkaður.is**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**


Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...


**K2M**



Yamaha Nytro árg. 2009 Ekinn 600 km. Verð 1.790.000



Arctic Cat M-8 árg. 2007 Verð kr. 1.550.000 mikið a faukahlutum



Can AM 800 árg. 2008 Ekið 8.000 km. Gott hjól verð 1.790.000



Nissan Navara 2007 37" breyttur DVD og fl. raðnr. 100111

**K2M**
**Gleráreyrar 2, 600 Akureyri**
**Sími: 464 7960**
**http://www.k2m.is**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



M.BENZ C200 KOMPRESSOR AVANTGARDE. Árgerð 2001, ekinn 136 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.850.000. Rnr.200023 Er á staðnum.



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX. Árgerð 2007, ekinn 101 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 5.550.000. Rnr.152290 Er á staðnum!



VW PASSAT 4MOTION HIGHLINE. Árgerð 2006, ekinn 125 þ.km, DÍSEL, 6 gírar. Verð 2.490. þús lán 2.100 þús Rnr.102709. FÆST Á YFIRTÖKU PLÚS 100 ÞÚSUND AFB 45 ÞÚS

**Höfðabílar**
**Fosshåls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

**TOPPBÍLAR**
bílasala



MMC MONTERO LIMITED. Árgerð 2006, ekinn 59 þ.mílur, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Tilboð 2.650.000.



MMC PAJERO BENSÍN V-6 3500 24V/ LANGUR. Árgerð 1997, ekinn 273 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 490.000. Rnr.332802



MAZDA 3 H/B. Árgerð 2005, ekinn 24 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.313026



SAAB 9-3 2.0 I. Árgerð 2000, ekinn 145 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 850.000. Rnr.313010



NISSAN MAXIMA QX. Árgerð 1996, ekinn 229 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 290.000. Möguleiki á 100% láni Visa/Euro



M.BENZ E E270CDI ELEGANCE. Árgerð 2000, ekinn 317 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.313045



FORD TAURUS 3,0 WAGON. Árgerð 1999, ekinn 129 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 590.000.TILBOÐ 390.000.-

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

**100 bílar.is**
bílasala



VW Touareg R5 dísel, árg. 2008, ek. 38þús.km, leður, krókur, nýleg heilsársdekk, Gullfallegur umboðsbíll og vel búinn!! Ásett verð aðeins 6990þús.kr! bíllinn er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN**



M.BENZ ML350. Árgerð 2006, ekinn 65 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur.Sóllúga krókur og fl Verð 5.690.000.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



LandRover Defender Diesel 9 manna Ekinn 110 þús. Árgerð 06/2005 beinskiptur ásett verð 3.300.000 fæst á 2.950.000 Uppl. í síma 6600288.



Skoda Octavia 4x4 station, diesel, beinskiptur. Bíll sem eyðir litlu. Ekinn um 59 þús. 2008 árgerð. Ásett verð 3.150 þ. Fæst á 2.700 þ. Uppl. í síma 660 0288.



270E Diesel hlaðin aukabúnaði, ek160, sumar og vetrardekk. 3,5stgr. 824-0672

## Tilkynningar

### Stolin bifreið



Aðfaranótt 12. október s.l. var hvítri Nissan Sunny bifreið , **RL 010**, stolið Frá Nóatúni 17. Ef þú veist hvar hún er niðurkomin, eða hefur einhverjar upplýsingar, vinsamlegast hringið í **444 1000** eða **515 8401**.



Nissan doble cab, Navarra E árg. 2005, dísel, rafr., bsk., toppl. Flottur bíll Verðh. 1,8 m.kr., lán ca 1,7m.kr. Uppl. í s. 617 4888.



Dodge Ram 1500 árg' 96. Er með 35" breytinguna, 4x4,loftpúðar á aftan,ek.163 þús, 8cylendra,bensín,rafm í rúðum,central,þjóf kerfi,cd of fleira. Sk' 11. Verð 590.þús, bein sala. Uppl. í síma 696-3535.



Daewoo matiz árg. 2002 ek. 100 þús. Allur nýyfirfarinn og í topp lagi. Litur mjög vel út. Ásett verð er 495 þúsund. Fæst á 400 þúsund staðgreitt, VSK nóta getur fengist fyrir bílnum. Uppl. Í síma 867 2169.



Toyota Corolla stw 4x4 árgerð 1999 ekin 138.500 km. Nýskoðaður, nýir br.klossar og diskar framan og borðar aftan. Smurbók frá upphafi, búið að skipta um tímareim, er á ágætis heilsársdekkjum. Bifreið í topplagi og tilbúin fyrir veturinn. Verð. 590.000,kr. S. 842 4605.



Subaru Impreza 2.0 beinsk. Árg. ,98 ek. 205 þ. sk.2011. Ný tímareim og vatnsdæla. Verð 430þ. Upplýsingar í síma 698 0735.



**EKINN AÐEINS 48 ÞÚSUND. TILBOÐ!!!**
CITROEN BERLINGO nýskráður 25.05.2004 ekinn AÐEINS 48 þúsund, 5 dyra, skoðaður 2011 Ásett verð 970 þúsund en fæst á TILBOÐI á AÐEINS 699 þúsund staðgreitt, möguleiki á allt að 100% láni upplýsingar í síma 855-5556.



Toyota Corolla silfurgrá árg. 2002 ekin 107.500. Sjálfsk. Álfelgur. Nýleg sumardekk og negld vetrardekk fylgja. Fallegur og vel með farinn dekurbíll, tveir eigendur. Verð 950 þús. uppl. í síma 864 4619.



Citroen C3 1400SX árg.'02 5d,bensín, ssk. Vel með farinn, ek.77.900þús Verð 730þús Tilboð 650þús. Uppl. í S. 840 3023.



Avensis Station DIESEL, ek. 120þús. Árg.'06. Flottur Bíll. V:2.690 S:891 8970.



**Tilboð 1790 stgr.**
CHRYSLER GRAND VOYAGER. Árgerð 2005, ekinn 108 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Ath minni vél eyðir minna áhvílandi lán 1120 þús. Verð 2.290.000. TILBOÐ 1790 þús. stgr. Mjög Fallegur Bíll. Uppl. í síma 693 5053



**Renalt Kangoo 2001 ATH SKIPTI**
Er með til sölu Renalt Kangoo nýskráður 28.08.2001 ekinn 155þúsund km Skoðaður 2011. (Ath notaður í blómaflutning) Verð 470.000kr ATH skipti. S:693 5053.



Skoda Octavia, dísel, sjálfskiptur. Árg. ,06 ek. 51 þús. Sparneytinn bíll í topp standi. Toyo harðskeljadekk á felgum. Ásett verð kr. 2.150 þús. S. 663 3844.



HONDA CR-V ÁRG 1999 EK. 109 Þ. KM. SJÁLFSKIPTUR . SKOÐAÐUR. TVEIR DEKKJAGANGAR Á FELGUM. ENGIN SKIPTI. SNYRTILEGUR BÍLL. VERÐ 790 ÞÚSUND. S 895 8956.



AUDI Q7, 4,2 TDI S-LINE, 9/2007, ek. 54þ, 7-manna, Dísel, loftpúðafj, glerþak o.m.fl. Verð 11.9m. Uppl. 865-0124.



**Gerðu felgurnar eins og nýjar!**
Níðsterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



**Gullmolinn hans afa**
Grand Cherokee ,'01, ek.123þ mílur, góð heilsársdekk,fjarstart. Flottur bíll í toppstandi. V.1090þ. Skoða skipti, S. 894 3005 Sævar.



**ÚTSALA LEXUS GS300**
Ekinn aðeins 50 þús. dekur eintak, leður, topplúga, aukafelgur og vetrardekk Ásett 2750þ. fæst á 2150 Uppl. í síma 898 5651.



Subaru Forester Árg. 2004 ekinn 61 þús. Ásett verð 1.730 þús. Heilsársdekk, einn eigandi. Skipti ekki möguleg. Uppl. í síma 845 6870.



Toyota Landcrusier GX Diesel 7 manna ekinn, 87 þús., 90 km. skoðun fylgir, dráttarbeisli, húddhlíf, filmur í rúðum, nýleg vetrardekk . Árgerð 06/2007 Sjálfskiptur Ásett verð 5850þ fæst á 5290þ. Uppl. í síma 898 5651.



Til sölu VW golf station 4x4 árg.'00 ek. 137 þús .Nýjir bremsuklossar framan og aftan, gGóður bíll í góðu standi. Verð 650 þús. Uppl. í síma 899 4989.



VW Bora árg.'02, ek.160þús. Topplúga,dráttarkrókur. Í Góðu lagi. Ath. skipti á ódýrari, má vera bilaður. V.750þús. Uppl í s. 894 1748



Chrysler Town and country árgerð 2003, Bíll með öllu. Særri vélin 218hö, DVD, leður, rafmagnshurðir og fl. Ekinn 80þ. mílur. Ásett verð 2 millj. fæst á 1630 þús. uppl. í síma 6600288.



Glæsilegur Audi Q7 TDI árg.'06, ek. 78þús. Ásett verð 7.6m,tilboð 6.950. Uppl. í síma 894 8888.



Cadillac Escalade 4dr 4WD. Árgerð 2004 ekinn 74000KM bensín. Sjálfskiptur Verð 3.700.000,- Skipti á ódýrari möguleg Sími 898 1510.



Til sölu Ford 350 King Ranch, árg .'05,ek. 73þús. Reyklaus og óslitinn bíll, einn eigandi. Verð 2.9m. Uppl. í 692 7678.



MONTERO LTD.silfurgrár árg. ,03 ek. 114þús. Leður, sjálfsk, topplúga, cruse, krókur, álfelgur. Mjög fallegur og góður bíll. Skipti á ódýrari/dýrari. V. 2.5m Uppl. síma 695-1450.

Renault Megan Station Sport Turer beinsk. 11.03. ek.90þkm. verð 970þ. áhv. 470þ. uppl: 695 0443.

Kia Clarus GLX-Wagon árg. ,00 ek. 148 þús. Ný tímareim, sk. ,11. Góður bíll. Tilboð 320 þús. S. 772 4726

Volvo 850 árg.'93. Góður bíll til sölu. Tilboð óskast. Uppl. í S. 557 3718 & 846 3142.

## 0-250 þús.



**Sjálfsk. Almera 185 þ.**
Nissan Almera 4ra dyra með skotti. Sjálfsk. ár ,96. Ek. 200þ km. uppl. S: 891 9847.



Til sölu Subaru Impreza 2.0 árg.'98 ek.196þús. V.250þ. Uppl. s. 868 4166.

## 250-499 þús.



Subaru Forester 1998 bensín, sjálfsk. Skoðaður. Ekinn 202þ.km. Verð 450þ. kr. S. 862 9003.



Citroen Berlingo árg. 2003 keyrður 98.000km. Vel með farinn bíll fæst á 495.000.- Uppl. í síma 862 0644.



**TILBOÐ TILBOÐ!!!**
Mitsubishi Carisma 1600 Sport árg'00 ek.140 þús,sjálfskiptur,skoðaður 2011,góður bíll sem eyðir litlu! ásett verð 580 þús TILBOÐ 420 ÞÚS S.841 8955.



**Station með krók á Tilboði !!!**
Peugeot 406 Station, árg. ,00 ekinn aðeins 157þús, beinskiptur, dráttarkrókur, ný skoðaður, ásett verð 580þús, Tilboðsverð aðeins 350þús, uppl. í síma : 659-9696.

LADA SPORT Árgerð 2001 ek.37þús Beinsk,4x4 Nýskoðaður 2011 350þús, s.698-4307

Er með st. Pajero til sölu keyrður 190Þ. nýleg dekk skoðun 2011. Simi 869 8733.

Toyota avensis árg.'00/keyrður 172 þús./Þarfnast smálagfæringar/Selst á 550þús. Upplýs:8623440/mani76@simnet.is

## 1-2 milljónir

til sölu ford e150 4x4'01 32" 4stolar+bekkur,tv,dvd og fl verð1800þús1450stgr.s 8941252

## 2 milljónir +



Volvo XC90 árg. ,04 ek. 76 þús. mílur 7 manna. Dráttarkúla. 3.290þús s. 840 7080.

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

50-80þús kr bíll óskast ! Má þarfn.smá lagf. Þarf að vera gangfær s: 864 9296.

**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**
Árg. 1998-2002 fyrir 150-400 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

## Jeppar



8 manna Toyota Land Cruiser 90 árg. ,00 ek. 212 þús. M. krók. 33" upphækkun. Rúðu og húddhlífar. Ásett v. 1.950 þús. Uppl. í s. 893 3475.



LandCruiser 120 ,04, diesel, ssk, filmur, beisli. Verð 3,5m. Uppl. í síma 861-4332.

Til sölu Hyundai Accent 2000 þriggja dyra silfurgrár, ekinn 142.000km. ásett verð 280.000 Upplýsingar í síma 8936170

## Fornbílar

Til sölu Ford Fairlane 500 1956. Nánari uppl. í s. 897 8631.

## Sendibílar



Ford econoline árg.'97 ek 392000 mikið Yfirfarin 12 manna hópferðaleyfi sk. Ásett V. 1490 Uppl. í s.891 8970.



Iveco 120 E23 Ek. 265 þ. Árg. ,00. Undir 5T burður. Verð 3,8m + vsk. Ýmis skipti möguleg. S. 822 9500 eða kiddith@mmedia.is

## Vörubílar



13 metra Ál trailervagn sem þarfnast alúðar þó allt virki. Aðeins 400.000.- 824-0672

## Húsbílar




## Mótorhjól



Til sölu glæsilegt Honda Shadow Spirit 750VT ,07. V. 1050 þús. 861-9016.

Honda Cre 250 árg.'07. Hví númer, ek.3200km. V.890þús. Uppl. í s. 892 2801.

Til sölu Suzuki GSXR750 2008 árg. ek. 3700 km. Þarfnast útlitslagfæringar. Verð tilboð. S. 867 7707

Suzuki Intruder M800 Limited árg. 2008. Nýtt á götuna mars 2010. Ekið 4200 km. Aukahlutir. Til sýnis hjá Nitró. Uppl. s. 863 6363.

## Þjónusta

Fyrir bátinn Fyrir ferðavagninn Fyrir húsbílinn Fyrir heita pottinn

**Frostlögur fyrir neysluvatnskerfi.**

Winter Ban frostlögur hentar fyrir neysluvatnskerfi í húsbílum, hjólhýsum, fellihýsum og bátum. Frostlöginn má einnig nota í rörakerfi í heitum pottum. Einnig hentar Winter Ban mjög vel á bátavélar sem standa yfir veturinn. Ásamt því að vera frostlögur kemur Winter Ban í veg fyrir tæringu, þörungamyndun og heldur kerfinu bakteríufríu. Frostlögurinn smyr einnig dælur og kemur í veg fyrir að þær festist.

Tilboð 3.950
1 gallon / 3,78 lítrar

VÍKUR VERK

VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720

pitstop

**Að gefnu tilefni viljum við taka fram að verkstæðið okkar í Rauðhellu er í fullum gangi þrátt fyrir eldsvoða á lager fyrirtækisins. Við eigum þrátt fyrir eldsvoðann dekk á lager og munum kappkosta við að þjóna viðskiptavinum okkar með góða vöru á góðu verði. Geymsludekk viðskiptavina eru geymd á öruggum stað í nágrenni fyrirtækisins.**

pitstop

Rauðhellu 11, Hfj - Dugguvogi 10, Rvík - Hjallahrauni 4, Hfj.

Capacent Ráðningar

# SKRIFSTOFUSTARF

Elkem

Elkem leggur metnað sinn í framleiðslu á hágæða málmblendi og leggur ríka áherslu á að mæta ýtrustu kröfum viðskiptavina sinna. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að valda sem minnstri röskun á náttúrunni og skapa öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir starfsmenn sína. Elkem er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki. Við leitum því að fólki sem hefur orku og drifkraft til að taka þátt í framtíðarþróun fyrirtækisins.

**Elkem Ísland leitar að starfsmanni á skrifstofu fyrirtækisins til starfa við ýmsar skráningar og tollskýrslugerð.**

**Starfssvið**
- Skráning í verkbókhald
- Umsjón með tollskýrslugerð, inn- og útflutningur
- Önnur verkefni á skrifstofu og í móttöku

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf eða haldgóð reynsla af skrifstofustörfum
- Reynsla af tollskýrslugerð er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Samviskusemi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Elkem Ísland ehf. er staðsett á Grundartanga, sem er í u.þ.b. 30-40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.**

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 31. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Sérfræðingur í samfélagslegri ábyrgð

Landsbankinn

Landsbankinn auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings í samfélagslegri ábyrgð. Þetta er nýtt og spennandi starf og starfsmaðurinn mun leiða stefnumótun og starf bankans í samfélagslegri ábyrgð og njóta til þess liðsinnis yfirstjórnar og hóps starfsmanna.

Viðkomandi starfsmaður þarf í senn að hafa góða menntun sem nýtist vel í starfi og haldgóða þekkingu á málaflokknum, mikinn áhuga, frumkvæði og úthald við innleiðingu verkefna á þessu sviði.

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja er að mati Landsbankans eitt af grundvallarverkefnum fyrirtækjarekstrar og tekur í reynd til allra þátta í starfseminni s.s. rekstrar, stjórnarhátta og umhverfis- og starfsmannastefnu svo eitthvað sé nefnt.

Í Landsbankanum er mikil þekking á sviði samfélagslegrar ábyrgðar sem starfsmaðurinn þarf að nýta sér. Hann vinnur þvert á deildir bankans og þarf að byggja upp náið samstarf við þá starfsmenn sem sinnt hafa þessum málum.

**Helstu verkefnum sérfræðings í samfélagslegri ábyrgð í Landsbankanum er ætlað að stuðla að:**

- Ábyrgri lánastarfsemi og viðskiptum
- Góðu siðferði og gagnsæi
- Virkri þátttöku bankans í umræðu um ábyrgð fyrirtækja
- Stuðningi við samfélagsleg verkefni
- Upplýsingagjöf um samfélagslega ábyrgð utan bankans og innan
- Samstarfi við fyrirtæki og stofnanir hérlendis og erlendis
- Virkri umhverfisstefnu

Landsbankinn ætlar sér að vera til fyrirmyndar á sviði samfélagslegrar ábyrgðar og taka fullan þátt í samstarfi fyrirtækja innanlands. Bankinn er virkur aðili í UN Global Compact (www.unglobalcompact.org/) sem eru óháð samtök fyrirtækja um samfélagslega ábyrgð. Undir þeim hatti vinna fyrirtæki, stofnanir Sameinuðu þjóðanna, verkalýðshreyfingar, ríkisstjórnir og fleiri að því að kynna og innleiða viðmið á sviði mannréttinda, atvinnu- og umhverfismála og berjast gegn spillingu, t.a.m. peningaþvætti.

**Nánari upplýsingar veitir:**

Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri í síma 410 7904.

Umsókn fyllist út á vef bankans www.landsbankinn.is, merkt „Samfélagsleg ábyrgð".

Umsóknarfrestur er til og með 25. október 2010.

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

# Verslunarstjóri á Hellu

**Við óskum eftir verslunarstjóra til starfa á þjónustustöð okkar á Hellu. Reynsla af verslunarstörfum og stjórnun er æskileg.**

**Helstu verkefni**
- Umsjón með daglegum rekstri stöðvarinnar
- Innkaup
- Sala
- Mannaforráð
- Þjónusta við viðskiptavini

**Hæfni og þekking**
Áhersla er lögð á ríka þjónustulund, stundvísi, snyrtimennsku og hæfni í mannlegum samskiptum.

Skilyrði er að umsækjendur hafi hreint sakavottorð og séu reyklausir.

Vinsamlega sendið umsóknir ásamt ferilskrá í tölvupósti á netfangið frida@olis.is fyrir **24. október nk.**

Ef frekari upplýsinga er óskað má jafnframt senda fyrirspurn á sama netfang.

*Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.*

PIPAR\TBWA · SÍA

olís Olíuverzlun Íslands hf.

**ÞJÓNUSTULIÐAR - RÆSTING**

**í Menntaskólanum í Kópavogi**

*Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Ein og hálf staða í boði. Möguleiki á hlutastörfum.*

*Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.*

*Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.*

*Skólameistari*

# Mötuneyti - Landsvirkjun

**565785**
**Landsvirkjun óskar eftir að ráða starfsmann í mötuneyti sitt við Háaleitisbraut.**

Í starfinu felst aðstoð við undirbúning hádegisverðar, uppvask og almennur frágangur í eldhúsi og matsal ásamt tilfallandi verkefnum.

Leitað er að röskum og jákvæðum einstaklingi sem sýnir frumkvæði, hefur þjónustulund og er hæfur í mannlegum samskiptum.
Reynsla af sambærilegu starfi æskileg. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 10:00-15:00. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. nóvember nk.

Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi á Íslandi, fyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála. Fyrirtækið vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun.

Landsvirkjun

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAR HJÁ VINNA.IS.

vinna.is
S: 511 1144

Capacent Ráðningar

# BRAMMER

BRAMMER
www.brammer.biz
Brammer starfar í 15 löndum með 2500 starfsmenn og hefur sl. 4 ár starfað á Íslandi með Alcoa Fjarðaál. Brammer plc. er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á rekstrarvöru iðnaðar, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæða vörur og sveigjanlega þjónustu. Skrifstofa Brammer mun opna í Reykjavík um næstu mánaðarmót og er leitað að starfsfólki sem getur hafið störf sem fyrst.

**Brammer er rótgróið alþjóðlegt fyrirtæki sem leitar að starfsmönnum sem hafa áhuga á að taka þátt í uppbyggingu og rekstri fyrirtækisins á Íslandi.**

## SÖLUSTJÓRI

**Starfssvið:** Ábyrgð á sölu- og kynningarmálum á vörum Brammer til viðskiptavina, heimsóknir til viðskiptavina, svörun fyrirspurna og þjónusta, samskipti við birgja, skýrslu- og áætlanagerð, greiningarvinna. Virk þátttaka í stefnumótun og uppbyggingu fyrirtækisins á Íslandi.

**Hæfniskröfur:** Mjög mikil reynsla af sölu-/sölustjórn, þekking á varahlutum og iðnrekstarvöru, þekking á iðnrekstrarvöru tengdri stóriðju er kostur, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum, reynsla af greiningarvinnu, reynsla af kynningarmálum æskileg, hæfni í mannlegum samskiptum, mjög góð ensku- og íslenskukunnátta.

## TÆKNILEGUR RÁÐGJAFI

**Starfssvið:** Tæknileg ráðgjöf til viðskiptavina, miðlun upplýsinga til samstarfsfólks, greining á vandamálum, skráningar og skýrslugerð.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Vélfræði-/tæknimenntun eða vélvirkjamenntun æskileg, reynsla af sambærilegu starfi kostur, mikil greiningarhæfni, hæfni í mannlegum samskiptum, góð almenn tölvukunnátta, mjög góð ensku- og íslenskukunnátta. Reynsla og þekking á vörum frá Brammer er kostur.

## FJÁRSTÝRING/BÓKHALD

**Starfssvið:** Ábyrgð á rekstri skrifstofunnar og fjárstýringu, almennt bókhald, launavinnsla, uppgjör, áætlanagerð, greiðsla reikninga og önnur tilfallandi störf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Framúrskarandi bókhaldsþekking, nám sem viðurkenndur bókari er kostur, þekking á launabókhaldi, a.m.k. þriggja ára starfsreynsla af bókhaldi, reynsla af fjárstýringu, mjög góð íslensku- og enskukunnátta. Háskólagráða kostur en ekki skilyrði.

Umsjón með störfunum hafa Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf á ensku og íslensku, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# RAFORKUKERFI
## VERKFRÆÐINGUR/TÆKNIFRÆÐINGUR

LANDSNET

**Um er að ræða krefjandi starf við stýringu og vöktun raforkukerfisins frá stjórnstöð Landsnets auk annarra verkefna sem tengjast rauntímastýringu og áætlanagerð. Starfið er unnið á dag- og næturvöktum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

Hlutverk kerfisstjórnar Landsnets er að annast stýringu og samhæfingu raforkukerfisins skv. raforkulögum. Í stjórnstöð Landsnets er rekið umfangsmikið stjórnkerfi fyrir raforkukerfi Íslands. Þar er safnað saman yfirgripsmiklum upplýsingum um rekstur og ástand kerfisins á hverjum tíma. Sólarhringsvakt er í stjórnstöð Landsnets allt árið um kring til að tryggja að rekstraröryggi raforkukerfisins fullnægi alltaf ströngustu kröfum sem til þess eru gerðar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Stýring og vöktun raforkukerfisins
- Aðgerðaástjórnun og áætlanagerð um rekstur flutningskerfisins
- Hönnun og endurbætur á verkferlum
- Úrvinnsla gagna og skýrslugerð
- Eftirlit með að öryggiskröfum Landsnets og annarra opinberra aðila sé framfylgt
- Þátttaka í rekstri reglunaraflsmarkaðar

**Við leitum að einstaklingi sem hefur**
- Menntun á sviði rafmagnstækni- eða rafmagnsverkfræði, sérhæfing á raforkusviði er æskileg
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og taka óhindrað ákvarðanir
- Samvinnu liðsheildar að leiðarljósi og leggur áherslu á þjónustu við viðskiptavini

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki. Hjá Landsneti starfa um 100 manns.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 31. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# NÝ TÆKIFÆRI

RioTinto Alcan

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

**Alcan á Íslandi hf. óskar eftir að ráða í spennandi og krefjandi störf í alþjóðlegu umhverfi. Bæði störfin tilheyra steypuskálasviði.**

## STÖÐUGAR UMBÆTUR MEÐ LEAN SIX SIGMA

**Við óskum eftir kraftmiklum einstaklingi í starf Black Belt, sem byggir á Lean Six Sigma aðferðafræðinni, til þess að stýra umbótaverkefnum sem stuðla að einföldun ferla, auknum gæðum og hagkvæmari rekstri. Viðkomandi mun fara erlendis til þjálfunar í aðferðafræði Lean Six Sigma.**

**Starfssvið**
- Virk þátttaka í umbótaferli fyrirtækisins
- Leiða framkvæmd umbótaverkefna með notkun Lean Six Sigma aðferðafræðinnar með það að markmiði að ná betri árangri í öllum ferlum fyrirtækisins
- Þjálfun starfsmanna í hugmynda- og aðferðafræði stöðugra umbóta
- Þátttaka í verkefnum á öllum sviðum fyrirtækisins og stuðla að betri árangri í umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismálum og hagkvæmari rekstri

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun skilyrði, t.d. á sviði verkfræði, rekstrarfræði eða raunvísinda
- Góðir samskiptahæfileikar nauðsynlegir
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Gott vald á ensku
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af vinnu með töluleg gögn og úrvinnslu þeirra

## SÉRFRÆÐINGUR Í MÁLMFRÆÐI OG FRAMLEIÐSLUEFTIRLIT

**Við leitum eftir einstaklingi í hóp málmfræði og framleiðslustýringar.**

**Starfssvið**
- Efnagreiningar
- Ábyrgð á rekstri efnagreiningartækja
- Þátttaka í vöruþróun
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi steypuskála innan samsteypunnar
- Stöðugar umbætur framleiðsluferla og framleiðslutækni
- Mæla og meta virkni málmmeðhöndlunarferla
- Tryggja málmgæði og að vörur uppfylli kröfur viðskiptavina
- Samskipti við viðskiptavini erlendis

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Efnaverkfræðingur/efnafræðingur/málmfræðingur
- Mjög góð þekking á efnagreiningum og rekstri efnagreiningartækja
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á ensku
- Mjög góð tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# *Greiningardeild* Arion banka hf.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki leitar að sérfræðingi til starfa hjá greiningardeild bankans. Við leitum að framúrskarandi einstaklingi sem getur sinnt leiðandi hlutverki í fyrirtækjagreiningu deildarinnar. Leitað er eftir starfsmanni með bæði náms- og starfsreynslu á sviði fjármála, atvinnulífs og/eða endurskoðunar. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstæðar greiningar á íslenskum fyrirtækjum og atvinnugreinum auk þess að fást við skyld verkefni.

### *Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:*

- Greining á íslenskum fyrirtækjum
- Greining á atvinnugreinum og efnahagsmálum
- Skrif á skýrslum ásamt sérhæfðum verkefnum á vegum bankans

### *Menntunar- og hæfniskröfur:*

- Háskólanám í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla, t.d. við rekstur fyrirtækja, fjármálastjórnun eða endurskoðun
- Gott læsi á ársreikninga
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Mjög góð færni í Excel
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði í starfi og hæfni til nákvæmra og sjálfstæðra vinnubragða

Nánari upplýsingar gefur Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar s. 444 6957, netfang asgeir.jonsson@arionbanki.is.

*Umsóknarfrestur er til og með 25. október 2010. Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is.*

Arion banki er framsækinn banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 29 starfsstöðvum um land allt. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavini okkar í fyrsta sæti.

Arion banki

## Sölufulltrúi

Útgáfufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sölufulltrúa í fullt starf

Um er að ræða sölu- og kynningastarf

Fyrirtækið gefur út fjöldann allan af ýmis konar ritum tengdum ferðaþjónustu, sjá heimasíðuna www.sagaz.is
Krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi.

Reynsla af sölu og kynningarmálum æskileg en ekki skilyrði. Árangurstengd laun.

Umsóknir skulu sendar á netfangið umsokn@sagaz.is

SAGAZ PUBLISHING HOUSE

SELTJARNARNESBÆR

## Leikskóli Seltjarnarness

### Laus staða deildarstjóra við nýjan sameinaðan leikskóla

Leikskóli Seltjarnarness er ný sameinuð fag- og rekstrareining með um 170 börnum. Leikskólinn starfar á tveimur starfstöðvum sem standa á sömu lóð við Suðurströnd. Helstu áhersluþættir skólans eru tónlist, umhverfismennt og SMT - skólafærni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar, frumkvæði og kraftur
- Jákvæðni, víðsýni og brennandi áhugi á skólastarfi
- Góð tölvukunnátta og gott vald á íslensku máli.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga.
Upplýsingar gefur Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri í síma 5959291, netfang: soffia@seltjarnarnes.is og Anna Harðardóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 5959281, netfang: annaha@seltjarnarnes.is

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattir til að sækja um stöðuna.*

# Verkefnastjóri

Verkefnastjóra vantar á verkefnasvið í stýringu söluverka á vél- og hugbúnaðarlausnum.

**Starfssvið:**
- Verkefnastjórn í stórum söluverkum, allt frá sölu til afhendingar og innleiðingar
- Skipulag samstarfs við viðskiptavini
- Samskipti við hönnuði, framleiðsludeildir, dótturfélög og undirverktaka á öllum stigum

**Hæfniskröfur:**
- Menntun í verkfræði, tæknifræði eða öðru tækninámi
- Reynsla af samskiptum við viðskiptavini
- Skipulagshæfni og geta til að vinna undir álagi
- Innsýn í notkun teikniforrita
- Gott vald á ensku og helst fleiri erlendum tungumálum

Viðkomandi þarf að geta ferðast vegna starfsins.

Umsóknarfrestur er til og með 25. október nk. Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björgvin Benediktsson, bjorgvin@marel.com, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3300 manns í fimm heimsálfum, þar af um 400 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




marel



Landsbankinn

Landsbankinn er stærsta fjármála-fyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Starfsmenn eru um 1100 talsins og útibúanet bankans telur 35 útibú og afgreiðslur um land allt.

# Útibússtjóri Landsbankans á Akureyri

**Landsbankinn auglýsir laust til umsóknar starf útibússtjóra á Akureyri. Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur góða þekkingu á fjármálamörkuðum og reynslu af stjórnun.**

**Helstu verkefni:**

- Yfirumsjón með rekstri útibúsins, m.a. hvað varðar arðsemi og áhættustjórnun
- Ákvarðanataka er varðar starfsemi útibúsins, s.s. útlánaákvarðanir
- Þjónusta og fjármálaráðgjöf til einstaklinga, félaga og fyrirtækja
- Virk þátttaka í markaðsstarfi og þjónustumálum
- Eftirlit með vanskilum, eftirfylgni og ákvarðanataka
- Gerð rekstraráætlana, endurmat þeirra og eftirfylgni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða yfirgripsmikil reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla og/eða góð þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Upplýsingar veita:**
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is
Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 31. október nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

ÍSLENSKA SIA.IS ITS 51946 10/10




## TÆKNIÞJÓNUSTA ICELANDAIR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFMENN Í EFTIRTALIN STÖRF

**Við leitum að kraftmiklum einstaklingum í krefjandi störf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Liðsmönnum með ríka þjónustulund sem hafa áhuga á að ná góðum árangri í starfi og hafa gaman af að vinna sem hluti af öflugri liðsheild.**

### SKJÖLUN OG INNSLÁTTUR TÆKNIGAGNA
*TECHNICAL RECORDS*

**STARFSSVIÐ**
- Skjölun og innsláttur á viðhaldsgögnum
- Miðlun upplýsinga um tækni og viðhaldsgögn
- Samskipti við viðskiptavini innan sem utan fyrirtækisins

**HÆFNISKRÖFUR**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Góð tölvukunnátta
- Gott skipulag og nákvæmni
- Rík þjónustulund
- Reynsla og þekking á skjalavistun
- Góðir samskiptahæfileikar

### VERKEFNASTJÓRI
*PROJECT MANAGER*

**STARFSSVIÐ**
- Stýring verkefna sem snúa að móttöku, viðhaldi og afhendingu á flugvélum
- Ábyrgð á tækniþjónustu til viðskiptavina
- Samningagerð
- Stýring umbótaverkefna
- Greining tækniupplýsinga flugvéla
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg

**HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskiptafræði eða flugvirkjamenntun
- Þekking af tímastjórnun eða verkefnastjórnun er æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi eða starfi sem snýr að tækniþjónustu flugvéla
- Reynsla við samningagerð er kostur

### SÉRFRÆÐINGUR Í SKIPULAGNINGU Á VIÐHALDI FLUGVÉLA
*AIRCRAFT MAINTENANCE PLANNING*

**STARFSSVIÐ**
- Vinna við skipulagningu á viðhalds-aðgerðum samkvæmt viðhaldsáætlun flugvéla
- Önnur tilfallandi verkefni

**HÆFNISKRÖFUR**
- Hafa lokið prófi í flugvirkjun
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun er æskileg
- Reynsla af viðhaldstarfi flugvéla er æskileg
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Góð tölvukunnátta
- Hafa góða samskiptahæfileika
- Hafa góða kostnaðarvitund

### SÉRFRÆÐINGUR Í SKJÖLUN TÆKNIGAGNA
*TECHNICAL RECORDS*

**STARFSSVIÐ**
- Greining tækniupplýsinga flugvéla
- Miðlun upplýsinga um tækni og viðhaldsgögn
- Samskipti við viðskiptavini innan sem utan fyrirtækisins

**HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólamenntun
- Reynsla og þekking við skjalavistun
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Hafa góða samskiptahæfileika
- Góð tölvukunnátta

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair: **www.icelandair.is/umsokn** eigi síðar en 24. október 2010.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:**
Hafliði Jón Sigurðsson | Sími 425 0175 | haflidi@its.is
Kristín Björnsdóttir | Sími 505 0155 | stina@icelandair.is

ICELANDAIR
TECHNICAL SERVICES



**Sæktu um fyrir 24. okt. á starf@nova.is**

# Viltu vinna á stærsta skemmtistað í heimi?

## Starfsmaður í vefþróun, HTML og CSS í markaðsdeild Nova

Við leitum að öflugum einstaklingi sem hefur áhuga á að ná árangri í starfi og efla okkar hóp. Um er að ræða mjög fjölbreytt starf í markaðsdeild Nova, m.a. HTML og CSS vinnu, vefþróun við vefi Nova ásamt ýmsum öðrum verkefnum tengdum vef og markaðsmálum fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:** Starfsmaður þarf að hafa góða kunnáttu í HTML, CSS, Visual Studio og Photoshop. Reynsla af vef- og efnisstjórnun skilyrði. Einnig reynsla og/eða áhugi á markaðs- og auglýsingamálum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið **starf@nova.is** fyrir 24. október.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2010

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
**www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

DAGUR & STEINI

## Förðunardeild RÚV auglýsir eftir hárgreiðslufólki sem hefur reynslu af förðunarvinnu.

Um er að ræða lausráðningu og er vinnutíminn aðallega frá 17:30 til 20:30. Í boði eru skemmtileg verkefni í kraftmiklu og skapandi starfsumhverfi.

**Gerð er krafa um:**

- Hárgreiðslumenntun
- Reynslu af förðun
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum og metnað til að ná árangri í starfi.

Frekari upplýsingar veitir Ragna Fossberg í síma 515-3871 eða tölvupósti ragnaf@ruv.is.

Umsóknir berist í síðasta lagi 23. október nk. á netfangið starfsumsoknir@ruv.is, merktar **„Umsókn um starf í förðunardeild"** eða til Ríkisútvarpsins, Efstaleiti 1, 150 Reykjavík.

RÚV | SJÓNVARPIÐ

DOMUSNOVA Fasteignasala | Bleika slaufan - stuðningsaðili 2010

## FASTEIGNASALI - MILLJÓN Á MÁNUÐI

Domusnova fasteignasala óskar eftir sölumanni til starfa.
Mjög miklir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila

**Sendið starfsferilsskrá á axel@domusnova.is**

Turninum 12. hæð - Smáratorgi 3, 201 Kópavogi




FISKISTOFA
DIRECTORATE OF FISHERIES

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórn og eftirlit með veiðum fiskistofna í sjó og fersku vatni. Hlutverk fiskveiðistjórnunarsviðs Fiskistofu er m.a. að annast útgáfu veiðileyfa og úthlutun aflaheimilda ásamt því að fylgjast með aflaheimildastöðu og staðfesta flutning aflaheimilda milli fiskiskipa. Fiskveiðistjórnunarsvið annast eftirlit með fiskveiðum í íslenskri lögsögu og veiðum íslenskra skipa utan lögsögunnar, veitir fiskvinnslustöðvum og fiskmörkuðum leyfi til vigtunar sjávarafla og hefur eftirlit með að afli sé réttilega veginn og skráður. Fiskveiðistjórnunarsvið hefur einnig eftirlit með fiskeldi og hvalveiðum.

Nánari upplýsingar má finna á www.fiskistofa.is.

# Forstöðumaður fiskveiðistjórnunarsviðs Fiskistofu

Laus er til umsóknar staða forstöðumanns fiskveiðistjórnunarsviðs Fiskistofu á aðalskrifstofunni að Dalshrauni 1 í Hafnarfirði. Fiskveiðistjórnunarsvið er stærsta svið stofnunarinnar með 44 starfsmenn í 7 starfsstöðvum víðs vegar um landið. Forstöðumaður fiskveiðistjórnunarsviðs heyrir beint undir fiskistofustjóra.

Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**

- Stjórnun fiskveiðistjórnunarsviðs og daglegur rekstur þess
- Ábyrgð á starfsemi og verkefnum sviðsins
- Þátttaka í stefnumótun og daglegri stjórnun Fiskistofu
- Samskipti við opinbera aðila vegna starfsins s.s. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila vegna verkefna sviðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Lögfræðipróf eða annað háskólapróf sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu á fiskveiðistjórnun og reynslu af stjórnsýslu. Þekking á íslenskum sjávarútvegi er einnig æskileg.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri og Inga Þóra Þórisdóttir, forstöðumaður starfsmanna- og gæðasviðs í síma 569 7900.

Umsóknir er hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar "Forstöðumaður"

Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember 2010. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



# Erum við að leita að þér?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Actavis hf. er eitt af dótturfyrirtækjum samstæðunnar og er framleiðslueining fyrirtækisins hér á Íslandi. Hjá Actavis á Íslandi starfa yfir 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

## Sérfræðingur í innkaupadeild

Innkaupadeild tilheyrir vörustjórnunarsviði Actavis hf. Deildin hefur annars vegar umsjón með innkaupum á hráefnum fyrir framleiðsluna og hins vegar almennum innkaupum fyrir reksturinn, auk þess sem deildin kemur að fjárfestingum fyrirtækisins. Leitað er að starfsmanni sem mun sjá um almenn innkaup og fjárfestingar.

**Helstu verkefni:**

- Stýra innkaupaverkefnum í samræmi við innkaupastefnu Actavis með það að leiðarljósi að ná markmiðum fyrirtækisins í innkaupum
- Utanumhald útboða og samninga fyrir almenn innkaup og fjárfestingar
- Samningar um verð, afhendingar, greiðsluskilmála og fleira
- Umsjón með hugbúnaði fyrir almenn innkaup
- Útbúa innkaupapantanir fyrir samþykktar innkaupabeiðnir og staðfesta innkaupareikninga
- Skýrslugerð, gagnagreining og miðlun gagna og upplýsinga um almenn innkaup

**Við leitum að einstaklingi;**

- með háskólamenntun á sviði viðskipta, vörustjórnunar eða aðra menntun sem nýtist í starfi
- með reynslu af sambærilegu starfi (kostur)
- með góða enskukunnáttu og góða almenna tölvukunnáttu
- með hæfni í verkefnastjórnun og samningagerð
- sem er sjálfstæður í vinnubrögðum, skipulagður og á auðvelt með samstarf

Nánari upplýsingar veitir **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **24. október nk**.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

# Umsjónarmaður gagnavöruhúsa

Við leitum að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi til að leiða uppbyggingu á nýju gagnavöruhúsi, sem mun leika lykilhlutverk í allri upplýsingagjöf innan fyrirtækisins. Í boði er spennandi og krefjandi starf hjá framsæknu félagi sem hefur á að skipa öflugum og samhentum hópi starfsmanna

**Helstu verkefni**
- **Þarfagreining í samvinnu við öll svið Sjóvár**
- **Ábyrgð á uppbyggingu nýrra gagnavöruhúsa**
- **Ábyrgð á rekstri núverandi gagnavöruhúsa**

**Hæfniskröfur**
- **Verkfræði- eða raunvísindamenntun**
- **Reynsla af uppbyggingu gagnavöruhúsa**
- **Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð**

**Umsóknarfrestur er til 25. október 2010**. Umsóknir skulu fyllast út á www.sjova.is merkt **Umsjónarmaður gagnavöruhúsa**. Nánari upplýsingar veitir Bergþór Hauksson, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs, bergthor.hauksson@sjova.is, sími 440 2115 og Guðrún Inga Guðlaugsdóttir, fræðslustjóri, gudrun.gudlaugsdottir@sjova.is, sími 440 2327.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0467

Hlutverk Sjóvá er að tryggja verðmætin í lífi fólks með áherslu á forvarnir. Boðið er upp á gott starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk, ásamt tækifæri fyrir hvern og einn til að eflast og þróast í starfi.

SJÓVÁ

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

# STARFATORG.IS

## Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| **Nýtt** | | | |
| Forstöðumaður | Fiskistofa | Hafnarfjörður | 201010/044 |
| Eftirlitsdýralæknir | Matvælastofnun | Reykjavík | 201010/043 |
| Starfsfólk | Sv.skrifst. mál. fatl. á Reykjanesi | Höfuðborgarsv. | 201010/042 |
| Lögfræðingur | HÍ, Mannréttindastofnun | Reykjavík | 201010/041 |
| Deildarstjóri markaðsdeildar | Þjóðleikhúsið | Reykjavík | 201010/040 |
| Yfirverkstjóri | Vegagerðin | Vopnafjörður | 201010/039 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Sauðárkróki | Sauðárkrókur | 201010/038 |
| Heilsugæslulæknar | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Borgarnes | 201010/037 |
| Spænskukennari | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201010/036 |
| Sérfræðingur í geðhjúkrun | LSH, göngudeild geðsviðs | Reykjavík | 201010/035 |
| Sérfræðilæknir í bæklunarlækn. | LSH, bæklunarskurðlækningar | Reykjavík | 201010/034 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, Réttargeðdeildin Sogni | Sogn í Ölfusi | 201010/033 |
| Sjúkraflutningamenn | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201010/032 |
| Sérfræðingur í upplýsingatækni | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201010/031 |
| Sérfr. á sviði jarðskorpuhreyfinga | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201010/030 |
| Prófessor í lyflæknisfræði | HÍ, heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201010/029 |
| Hjúkrunarkennari | Framhaldssk. í Vestmannaeyjum | Vestmannaey. | 201010/028 |

**Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is**

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

**Starfatorg.is**

## Forstöðumaður skjalasafns Háskóla Íslands

**Laust er til umsóknar starf forstöðumanns skjalasafns Háskólans.**

Forstöðumaður framfylgir stefnu safnsins, ber ábyrgð á verkefnum þess og samþættingu skjalastjórnunar í sameiginlegri stjórnsýslu, fræðasviðum, deildum og stofnunum Háskólans auk þess að bera ábyrgð á fjármálum, starfsmannamálum og daglegum rekstri, þ.m.t. rekstri rafræns skjalastjórnunarkerfis.

**Hæfniskröfur:**
Krafist er háskólaprófs sem tengist hlutverki og verkefnum skjalasafnsins auk framhaldsmenntunar og víðtækrar reynslu af skjalastjórnun og stjórnun. Góð íslensku- og enskukunnátta, tölvufærni, þekking og reynsla af rafrænum skjalastjórnunarkerfum og hæfni til að miðla þekkingu. Frumkvæði og sjálfstæði í starfi ásamt þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir kostir.

Sjá nánar á **www.starfatorg.is/**
**og www.hi.is/page/storf**

Við ráðningu í störf í Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

Umsóknarfrestur er til **25. október** nk.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 102622

# Við leitum að nýju fólki í okkar hóp

## Lögfræðingur á skrifstofu forstjóra

**Starfssvið**
Á skrifstofu forstjóra starfar hópur sérfræðinga sem leggur metnað sinn í skilvirk og fagleg vinnubrögð. Óskað er eftir lögfræðingi til að sinna fjölbreyttum verkefnum sem krefjast víðtækrar lögfræðiþekkingar, samskiptahæfileika og agaðra vinnubragða.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Meistarapróf í lögfræði
- Færni í skrifuðu máli, sérstaklega íslensku og ensku
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum

## Sérfræðingur í áhættumati

**Starfssvið**
Við leitum að öflugum starfsmanni í sérfræðingateymi VÍS. Í deildinni starfar hópur fólks sem leggur metnað sinn í faglegt áhættumat og þjónustu. Óskað er eftir starfsmanni til að sinna áhættumati í ábyrgðartryggingum ásamt sérverkefnum.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Ákvarðanataka,frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvöðlastarf og viðskiptahugsun



Nánari upplýsingar veita Agla Sigríður Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með **24. október** nk. og skulu umsækjendur sækja um á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**

capacent

VÍS er nútímalegt þjónustufyrirtæki með 43 þjónustu- skrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

VÍS

## LÖGFRÆÐINGUR ÓSKAST

Helga lögmenn óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa vegna aukinna verkefna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða fullt starf löglærðs fulltrúa á stofunni við margvísleg og krefjandi verkefni.

Leitað er eftir einstaklingi sem er skipulagður, sýnir sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum, er heiðarlegur, góður í mannlegum samskiptum og með ríka þjónustulund.

Menntunarskilyrði eru embættis- eða meistarapróf í lögfræði. Málflutningsréttindi eru æskileg. Starfsreynsla á lögmannsstofu er kostur. Lögð er áhersla á góða færni í íslensku, ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli. Þá er góð tölvukunnátta nauðsynleg, m.a. á Outlook, Excel og Word.

Nánari upplýsingar veitir Helga Leifsdóttir í s. 550 3700.

**Umsóknarfrestur er til 25. október nk.** Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á netfangið: helga@helgalogmenn.is

Helga lögmenn

LANGHOLTSVEGI 89 • S 550 3600 • HELGALOGMENN.IS

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Hjúkrunarfræðingur Réttargeðdeildin að Sogni

Laust er til umsóknar starf hjúkrunarfræðings á réttargeðdeildina að Sogni Ölfusi. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. desember 2010 eða eftir samkomulagi.

Réttargeðdeildin að Sogni er sérhæfð 7 rúma deild sem sinnir ósakhæfum geðsjúkum einstaklingum og endurhæfir þá aftur út í samfélagið.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga
- » Ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu hjúkrunarfræðinga á Landspítala

### Hæfnikröfur

- » Hjúkrunarfræðimenntun
- » Faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni
- » Reynsla af geðhjúkrun æskileg, áhugi á geðhjúkrun skilyrði

## Sérfræðingur í geðhjúkrun

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í geðhjúkrun á geðsviði Landspítala. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. desember 2010 eða eftir samkomulagi.

Sérfræðingur í hjúkrun starfar samkvæmt starfslýsingu en meginhlutverk auk klíniska starfa er ráðgjöf og kennsla til starfsfólks og nemenda auk rannsókna- og þróunarvinnu. Ennfremur felur starfið í sér uppbyggingu, samræmingu og skipulagningu þjónustu við sjúklinga í samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Klínísk störf
- » Þróun hjúkrunar innan sérgreinar
- » Kennsla og rannsóknir
- » Þróun rafrænnar skráningar
- » Innleiðing nýrra verkferla við innskrift og útskrift sjúklinga

### Hæfnikröfur

- » Meistara- eða doktorspróf í geðhjúkrun
- » Sérfræðileyfi í geðhjúkrun í samræmi við reglugerð nr. 124/2003 um sérfræðileyfi í hjúkrun
- » 5 ára starfsreynsla
- » Góðir samstarfshæfileikar

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá. Jafnframt skal leggja fram afrit af prófskírteinum og hjúkrunarleyfi ásamt afriti af ritgerðum, þróunarverkefnum og vísindastörfum sem umsækjandi hefur unnið, tekið þátt í að vinna eða birt. Mat hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.

### Nánari upplýsingar

- » **Upplýsingar um starf hjúkrunarfræðings** veita Drífa Eysteinsdóttir, drifae@landspitali.is, 480 5270/ 825 3751 og María Einisdóttir, mannauðsráðgjafi, mariaein@landspitali.is, 543 4034/ 824 5404.
- » **Upplýsingar um starf sérfræðings í geðhjúkrun** veita María Einisdóttir, mannauðsráðgjafi og Guðrún Úlfhildur Grímsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri, gudrgrim@landspitali.is, 543 4038/ 824 5809.
- » Umsóknarfrestur er til og með 30.10.2010. Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
- » Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt berist til Maríu Einisdóttur, mannauðsráðgjafa, stjórn geðsviðs 34A við Hringbraut.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is. Einnig má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, á mannauðssviði, Eiríksgötu 5 og á heimasíðu Landspítala. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# *Þróunar- og markaðssvið* Arion banka

*Hafðu samband*
sími 444 7000 ⁕ arionbanki.is

## Verkefnastjóri

**Arion banki leitar að ákveðnum og drífandi einstaklingi í verkefnastjórateymi þróunar- og markaðssviðs.**

### *Starfssvið*

- Skilgreinir umfang, markmið og afurðir verkefna
- Leiðir undirbúning verkefna, skipulagningu og gangsetningu
- Setur saman og ber ábyrgð á kostnaðar- og tímaáætlunum
- Stýrir, framfylgir og hefur eftirlit með verkefnum frá upphafi til enda
- Stýrir þverfaglegu verkefnateymi og ber ábyrgð á samskiptum
- Sér um samskipti við hagsmunaaðila verkefna
- Ber ábyrgð á verkefnum gagnvart eiganda og stýrihópi

### *Menntunar- og hæfniskröfur*

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun skilyrði
- Nám í verkefnastjórnun kostur
- Þekking á fræðilegri og hagnýtri verkefnastjórnun
- Reynsla af fjármálageiranum kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Sjálfstæð vinnubrögð, gagnrýnin hugsun
- Skipulagshæfileikar og færni í úrlausn vandamála
- Gott vald á rituðu máli, bæði íslensku og ensku

## Tölfræðileg greining (Analytics)

**Arion banki leitar að metnaðarfullum einstaklingi til að taka þátt í verkefni sem ætlað er að brúa bilið á milli gagna og góðra ákvarðana í markaðsmálum.**

### *Starfssvið*

- Þátttaka í innleiðingu á greiningarlausnum sem veita innsýn í viðskiptasambandið
- Tölfræðileg greining á gögnum sem gerir bankanum kleift að eiga hnitmiðuð samskipti við viðskiptavini og rækta viðskiptasambandið á árangursríkan hátt

### *Menntunar- og hæfniskröfur*

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking á tölfræði og góðir greiningarhæfileikar
- Vandvirkni, þolinmæði og nákvæmni
- Áhugi á markaðsmálum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Sjálfstæð vinnubrögð, gagnrýnin hugsun
- Góð þekking á Excel og SPSS eða sambærilegum greiningarhugbúnaði

Arion banki er framsækinn banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 26 starfsstöðvum um land allt. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavini okkar í fyrsta sæti.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hermann Jónasson, framkvæmdastjóri þróunar- og markaðssviðs, s. 444 6363, netfang hermann.jonasson@arionbanki.is.

*Umsóknarfrestur er til og með 24. október 2010.*
*Umsækjendur sæki um störfin á vef bankans, www.arionbanki.is*

Arion banki

Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Forritari

## Við leitum að forritara

**Starfssvið**
» Forritun stórra rauntímakerfa fyrir neyðarþjónustu
» Forritun landupplýsingakerfa
» Þróun og forritun á kerfum Samsýnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
» Háskólamenntun í tölvunarfræði eða verkfræði
» Reynsla í C# forritun
» Reynsla í forritun gagnagrunnskerfa
» Frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar

**SAMSÝN** er leiðandi fyrirtæki í hugbúnaðargerð og lausnum fyrir neyðarþjónustu og öryggisfyrirtæki. Einnig er ráðgjöf og þróun landfræðilegra upplýsingakerfa stór þáttur í starfi Samsýnar.

**SAMSÝN** er umboðsaðili ESRI sem er stærsti framleiðandi hugbúnaðar á sviði landupplýsinga og Telcordia Technologies sem er með sérhæfðar lausnir fyrir fjarskiptafyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir
**Kristinn Guðmundsson í síma 5700570.**

Umsóknir óskast sendar á netfangið
**kg@samsyn.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 1. Nóvember.**

SAMSÝN

**SAMSÝN** · Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík · S: 570 0570 · samsyn@samsyn.is · www.samsyn.is

## Vinna á eigin vegum!

Lærðu að hjálpa öðrum til að afla tekna. Árangurstengd laun. Góðir tekjumöguleikar. Unnið heima með tölvu, internet og síma við mannleg samskipti. Tungumálakunnátta nauðsynleg þar sem enska og danska skipta mestu máli í hlustun og skrift. Umsókn ásamt ljósmynd sendist á **myjobin2010@gmail.com** (Ekki mlm markaðssetning) Öllum umsóknum verður svarað.

## Vélvirki/Vélstjóri óskast.

Maritim Installasjon AS óskar að ráða vélvirkja/vélstjóra til starfa í vélsmiðju sem staðsett er í Senjahopen í Noregi. Norsku eða enskukunnátta æskileg. Aðeins vanur maður sem getur unnið sjálfstætt kemur til greina.
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á andres@husanaust.is eða nánari upplýsingar í síma 893 0011.
www.maritimeas.no

LímtréVírnet

## Starfsmaður í blikksmiðju

Límtré Vírnet í Borgarnesi óskar eftir að ráða til starfa blikksmið eða mann vanan blikksmiðjuvinnu. Um er að ræða nýsmíði og viðhaldsvinnu í blikksmiðju og úti hjá viðskiptavinum.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Símonarson í síma 412 5302 eða alli@limtrevirnet.is.



# Ný störf á sunnanverðum Vestfjörðum!

PIPAR\TBWA • SÍA • 102565

### Forstöðumaður tæknideildar í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi

Staða forstöðumanns tæknideildar er nýtt og áhugavert starf í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Forstöðumaður verður yfirmaður skipulags- og tæknimála og mun hafa yfirumsjón með framkvæmdum og viðhaldi á vegum sveitarfélaganna.

**Helstu verkefni:**
- Stefnumótun og gerð fjárhagsáætlana fyrir tilheyrandi málaflokka.
- Framkvæmdaáætlanir.
- Viðhaldsáætlanir.
- Sorpmál.
- Skipulags- og byggingarmál.
- Götur, fráveitur, vatnsveitur og umferðarmál.
- Hafnarmannvirki.
- Eftirlit með eignum sveitarfélagsins.

Við leitum að vel menntuðum og duglegum einstaklingi. Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í starfi, sem og góða samskiptahæfni. Gerð er krafa um háskólamenntun og starfsreynslu á sviði byggingarverkfræði, byggingartæknifræði eða aðra sambærilega menntun og reynslu sem uppfyllir skilyrði 48. og 49. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Nánari upplýsingar veitir Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri í síma **450 2300** eða netfanginu **baejarstjori@vesturbyggd.is**.

Umsóknarfrestur er til 8. nóvember 2010.

Tálknafjörður VESTURBYGGÐ

### Tæknistjóri

*Tæknistjóri óskast til starfa í verksmiðju Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal.*

Tæknistjóri starfar náið með framkvæmdastjóra við skipulagningu og samræmingu á viðhaldsvinnu. Viðkomandi hefur umsjón með varahlutalager og sér um viðhald og viðgerðir á vélasamstæðum og vinnuvélum fyrirtækisins. Hann hefur einnig eftirlit með viðhaldsvinnu og viðgerðum verktaka.

Íslenska kalkþörungafélagið er dótturfélag írska fyrirtækisins Celtic Sea Minerals sem hefur starfrækt verksmiðju á Bíldudal frá árinu 2007. Starfsemi fyrirtækisins felst í þurrkun og mölun á kalkþörungum. Hjá fyrirtækinu starfa 16 manns.

Íslenska

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur V. Magnússon framkvæmdastjóri: **gudmundur@iskalk.is**.

### Líffræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða

Náttúrustofa Vestfjarða óskar eftir að ráða líffræðing í fjölbreytt starf með áherslu á sjávarrannsóknir. Starfið verður í starfsstöð Náttúrustofunnar í Vesturbyggð.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Náttúrustofu Vestfjarða, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík, eða á netfangið **the@nave.is** fyrir mánudaginn 1. nóvember 2010.

Nánari upplýsingar veitir Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður, í síma **456 7005** eða **892 6005** eða netfanginu **the@nave.is**.

### Sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfari

*Sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfari óskast í fullt starf við Heilbrigðisstofnunina á Patreksfirði.*

Upplýsingar fást hjá Margréti Brynjólfsdóttur sjúkraþjálfara í síma **698 9913** eða netfanginu **maggabr@gmail.com**.

Á sunnanverðum Vestfjörðum búa ríflega 1300 manns í tveimur sveitarfélögum, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Stærstu byggðakjarnarnir eru: Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur.

Í sveitarfélögunum eru mjög góðir grunnskólar, leikskólar, tónlistarskólar og framhaldsdeild Fjölbrautar- skóla Snæfellinga. Þrjú nýleg íþróttahús eru á svæðinu, tvær mjög góðar sundlaugar og frábær líkamsræktaraðstaða. Öflugt íþróttastarf er í sveitarfélögunum sem og menningar- og tónlistarstarf. Auðvelt er njóta útivistar þar sem ægifögur náttúra Vestfjarða er alls staðar innan seilingar, s.s. Rauðasandur, Látrabjarg, Ketildalir og Barðaströnd.

Samgöngur innan svæðisins eru mjög góðar. Flugfélagið Ernir flýgur alla daga nema laugardaga til Bíldudals frá Reykjavík (tekur 30 mínútur) og Breiðafjarðarferjan Baldur fer alla daga nema laugardaga yfir vetrartímann frá Stykkishólmi að Brjánslæk.

Mannlífið er gott og íbúarnir eru samstíga um að bjóða upp á kröftug, samheldin og framsækin sveitarfélög.

FAAS

## Hjúkrunarfræðingur óskast í dagvinnu.

Laus er til umsóknar 60 til 80% staða hjúkrunarfræðings í Maríuhúsi, Blesugróf 27 í Reykjavík frá og með 1. nóvember n.k. eða eftir samkomulagi.

Maríuhús er dagþjálfun fyrir 20 einstaklinga með heilabilun. Umönnun og þjálfun skjólstæðinga Maríuhúss er sinnt á þverfaglegum grundvelli sem miðar að því að einstaklingurinn sé þar ávallt í öndvegi.

Skilyrði er að viðkomandi hafi reynslu af umönnun einstaklinga með heilabilun og/eða aldraðra. Umsóknarfrestur er til 22. október.

Upplýsingar veitir Sólborg Sumarliðadóttir forstöðumaður í síma 5347100. Umsóknir sendist á netfangið mariuhus@alzheimer.is

RE/MAX Bær

## Sölufulltrúar

Til sölu fullbúið og glæsilegt veitingahús á besta stað í Kringlunni með löngum leigusamningi, ásamt tækjum sem góðum veitingastöðum þarf að fylgja. Reksturinn hefur skilað góðri afkomu. Um er ræða alhliða veitingastað með góðu eldhúsi sem er staðsettur á fjölförnum stað í Kringlunni, sæti og borð fyrir allt að 80 manns ásamt sólríku útisvæði sem nýtist vel á sumrin. Hér um að ræða einstakt tækifæri fyrir duglegt fólk til að ganga inn góðan veitingastað með mikla veltu.

**Nánari upplýsingar gefur Guðmundur Valtýsson hjá Fasteignakaupum í síma 515 0500**

## LÖGMENN SUÐURLANDI

**Austurvegi 3, Selfossi | S: 480 2900 | Fax: 482 2801**
Félag fasteignasala



**Til sölu veiðihúsið í Ásgarði, Grímsnes- og Grafningshreppi ásamt 2/3 hluta veiðiréttinda jarðarinnar Ásgarðs í Sogi og tilheyrandi bakka.**

Veiðiréttinum hafa fylgt 2 laxastangir og 3 silungsstangir. Veiðirétturinn er laus til afnota næsta veiðiár. Veiðihúsið er 123 fm byggt árið 1993 það stendur á 4.000 fm eignarlóð. Í húsinu eru þrjú tveggja manna svefnherbergi, öll með snyrtingu. Þá er í húsinu gufubað, heitur pottur, steypibað, verönd og öll helstu þægindi. Frá húsinu er einstakt útsýni yfir veiðisvæðið og sveitina í kring.

Allar nánari upplýsingar veita Steindór Guðmundsson og Ólafur Björnsson hrl. löggiltir fasteignasalar á skrifstofu eða í síma 480-2900.

Áhugasamir geri tilboð í eignina fyrir 27. október 2010 til Lögmanna Suðurlandi, Austurvegi 3, 800 Selfoss. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.



# STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS



FÉLAG FASTEIGNASALA

vísir.is
...ég sá það á Vísi

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.





**GLÓPERA HITAR TESOPANN** Hollenska hönnunartímaritið Dezeen greindi frá þessum skemmtilega tekatli fyrir skömmu. Hann er útskriftarverkefni Estelle Sauvage úr Ecole Nationale supérieure d'Art et de Design de Saint-Etienne, og notar hún glóperu til að hita vatnið í katlinum. Glóperan er föst á tréplatta en hola er í glerkatlinum sem glóperan passar inn í. Með þessari aðferð má hita vatnið allt í níutíu gráður. Verkefnið var nokkurs konar virðingarvottur til glóperunnar en sala hennar hefur verið bönnuð víða í Evrópulöndum.

## Jóla, jóla



**BIÐIN BRÁTT Á ENDA** Jólaskrautsfíklar bíða margir hverjir með öndina í hálsinum eftir að nýja jólaskrautið komi í verslanir. IKEA kynnti nú fyrir nokkrum dögum jólaskrautslínu sína en jólaskrautið í Habitat á síst færri aðdáendur enda kemur mikið af fallegum seríum og skrauti í verslunina fyrir hver jól. Habitat opnar fyrstu jólasendingarnar eftir rúma viku.



## Hof



**HÚSGÖGNIN Í HOFI** Menningarhúsið Hof var tekið í notkun í lok ágúst en húsinu er ætlað að vera rammi utan um menningarlíf á Akureyri. Húsgögnin sem prýða Hof eru íslensk hönnun og framleiðsla. Reynir Sýrusson hannaði húsgögnin og hafði hann það að leiðarljósi að þau féllu vel að umhverfinu en nytu sín jafnframt stök. Meðal eftirtektarverðra hluta í Hofi eru stólar, kaffiborð og barnastólar.

## Klassík



**FUGLARNIR HANS KRISTIANS VEDEL** Sætustu tréfígúrur allra tíma eru án efa tréfuglarnir sem hinn danski Kristian Vedel (1923-2003) hannaði árið 1959. Fuglarnir eru tæplega tíu sentimetrar á hæð og hægt er að snúa höfðinu á þeim á alla vegu og breyta þannig ásýnd fuglanna. Fuglarnir eru úr eik og fást í Epal.


# Búseturéttur

*-góður valkostur í húsnæðisvali opinn fyrir alla*



**Samkvæmt þjónustukönnun Capacent eru:**

- *92% búseturéttarhafa jákvæðir gagnvart félaginu*
- *93% ánægðir með íbúðirnar*
- *94% mæla með félaginu við vini og fjölskyldumeðlimi sem góðum valkosti.*




*Segir þetta ekki meira en mörg orð?*

BÚSETI™

Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Búseti | Skeifunni 19 | 108 Reykjavík | Sími 520-5788 | www.buseti.is | buseti@buseti.is



Eyjabakkar, glasamottur eftir Færið, eru búnir til úr leðri og korki í laginu eins og Ísland. Show it Hub-hirsla, ný vara úr plexýgleri eftir hönnunarfyrirtækið Færið sem væntanleg er á markaðinn í haust. Hirslan er ætluð undir fallega hluti sem jafnan enda ofan í skúffu.



Mynd af Hellum eftir Öldu Halldórsdóttur og Guðrúnu Valdimarsdóttur vantaði í greinina en þær eru framleiddar af Samverki ehf. á Hellu úr efni sem fellur til við aðra vinnslu.

# Íslensk hönnun

Ruglingur varð bæði á myndum og myndatexta í grein um nýja íslenska hönnun í blaðinu síðastliðinn mánudag.

Mynd af glerhellum eftir Öldu Halldórsdóttur og Guðrúnu Valdimarsdóttur vöruhönnuði, vantaði alfarið í greinina. Myndatextanum sem fylgja átti þeirri mynd fylgdi því mynd af hirslunni Show it Hub eftir hönnunarfyrirtækið Færið. Þá fylgdi myndatextinn sem átti við hirsluna Show it Hub, mynd af glasamottunum Eyjabökkum, einnig eftir Færið. Kynna má sér vörur hönnuðanna nánar á heimsíðum þeirra: www.faerid.com, www.gudrunvald.com og www.aldahall.com

VIKA 43

ÞÁTTTAKA ÞJÓÐAR Í VÍMUVÖRNUM

24.- 30. OKTÓBER

VÍMUVARNAVIKA 2010

Vinsælu skrap-litabækurnar komnar aftur.

IÐA




helgartilboð 1.996,- fullt verð 2.495,-

Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga 9.00 - 22.00



1



2



3



4



5

# Frá gullárum Bítlanna

● Sjötíu ár eru liðin frá fæðingu Johns Lennon. Því er ekki úr vegi að skyggnast aðeins aftur í tímann til sjöunda áratugarins þegar Bítlarnir voru upp á sitt besta.



Paul McCartney, George Harrison, Ringo Starr og John Lennon með pottaklippingarnar sem þeir voru frægir fyrir. NORDICPHOTOS/GETTY

**1. Scandiphone** heitir þessi sími sem kom fram í þessari mynd árið 1967. Hann var fremur þungur en þessi sem fæst í Ranimosk á Laugavegi er úr léttara plasti auk þess sem hann er með tökkum en ekki skífu. 10.800 kr.

**2. George Nelson-klukkan** er enn í dag mjög móðins. Fæst í Pennanum Hallarmúla en 20% afsláttur er af vörum frá Vitra þessa dagana.

**3. Hægindastóll** úr smiðju Charles og Ray Eames er klassískur. Fæst í Pennanum Hallarmúla. Verð frá 799 þúsund kr.

**4. Philips-útvarp** sem endurspeglar mjög Bítlaandann. Fríða frænka á Vesturgötu. 8.500 kr.

**5. Hinn svarti klassíski sími** var til á flestum heimilum á Íslandi á sjöunda áratugnum. Ranimosk hefur til sölu endurgerð úr plasti. 10.800 kr.



6

**6. Drapplitur vasi** frá sjöunda áratugnum sem enn er fínasta stofustáss. Fríða frænka á Vesturgötu. 4.800 kr.



# M-SÓFINN íslensk framleiðsla sniðin að þínum þörfum.



PIPAR/TBWA • SÍA • 102207

Bjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

Opið alla virka daga frá 11 – 18 og laugardaga 11–16.

**HEIMA VIÐ**



Arna Schram, forstöðumaður almennatengsla Kópavogsbæjar.

**● NÆSTA FRAMKVÆMD Á HEIMILINU VERÐUR ...** að kaupa nýjan sófa.



**● Á STOFUVEGGNUM MÍNUM HANGIR ...** áritað mynd eftir listamanninn Erró, sem ég keypti fyrir tíu árum í Malmö í Svíþjóð þar sem hann var með sýningu.

**● EFTIRLÆTISHÚSGAGNIÐ MITT ER ...** rúmið mitt sem ég keypti í Svefni og heilsu í sumar. Fyrir átti ég fimmtán ára gamalt rúm þannig að þetta kemur mjög vel út í samanburði.



**● SÍÐASTI HLUTUR SEM ÉG KEYPTI INN Á HEIMILIÐ VAR ...** blómavasi úr ILVU á Korputorgi. Í hann set ég alltaf rósir frá blómabóndanum á Laugabóli í Mosfellsdal.

**● Í AUGNABLINU LANGAR MIG Í ...** litla meðfærilega fartölvu, sem ég get dröslað með mér út um allt.





FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

# Ítalskir dagar

# HELGARTILBOÐ
á ferskum ávöxtum

*borðum ávexti daglega!*



TILBOÐ
ANANAS
199 kr/kg.



TILBOÐ
JARÐARBER
1.299 kr/kg.



TILBOÐ
VÍNBER RAUÐ OG GRÆN
549 kr/kg.



TILBOÐ
PIEL DE SABO
199 kr/kg.



TILBOÐ
PERUR
249 kr/kg.



TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
HAMBORGARAR 2 X 175g STK.
475 kr/pk.
Merkt verð 679.-



TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
LAMBAHRYGGUR
1.494 kr/kg.
Merkt verð 2.298.-



TILBOÐ 31% afsláttur við kassa
HVERSDAGSSTEIK M. SÓLÞ. TÓMÖTUM
593 kr/kg.
Merkt verð 859.-



NAUTAHAKK ÓÐALS
998 kr/kg.

ÍTALÍA
*– allt það besta!*
*beint frá Ítalíu*



aðeins 649 kr/stk.

## Ítalía ólífuolía
er 100% ítölsk sem þýðir að hún er eingöngu unnin úr ítölskum ólífum. Gæði þessarar olíu eru mjög góð og er hún á frábæru verði. Olíuna nota Ítalir mikið yfir allan mat eins og salöt og kjöt eða ofan á brauð í stað smjörs.









**Ítalskir hágæða ostar**
– margar tegundir

**Ítalía álegg**
– ekta ítalskt

**Filippo Berio**
– ólífuolíur og balsamik edik

**Knorr pastasósur**
– margar tegundir

NÝTT
*frábært verð!*



899 kr/stk.



NÝTT



NÝBAKAÐ
TILBOÐ
259 kr/stk.



NÝBAKAÐ
TILBOÐ
269 kr/stk.

**IL GENIO ólífuolía**
– frá Toscana héraði

**Ítalía pasta**
– þurrkað gæða pasta

**Pizzabrauð**
– nýbakað

**Hvítlauksosta baguette**
– nýbakað

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

# Fyrst og fremst fótboltamenn

Knattspyrnumennirnir **Guðlaugur Victor Pálsson** og **Kristján Gauti Emilsson** fluttu kornungir til útlanda og æfa nú og leika með stórliðinu Liverpool. *Kjartan Guðmundsson* hitti félagana á útikrá við Mersey-fljótið og fræddist um líf ungra atvinnumanna.

Við vissum báðir fyrirfram að við kæmum til með að sakna Íslands, enda nýtum við hvert tækifæri sem gefst til að skreppa heim, hitta vinina og hafa það gott. Það er helst í sumarfríum, jólafríum og þegar eru landsleikir, og er alltaf jafn gaman,“ segir Guðlaugur Victor Pálsson þegar blaðamaður tyllir sér niður með honum og Kristjáni Gauta Emilssyni á einni af fjölmörgum útikrám við Albert Dock, höfnina frægu við Mersey-fljótið í Liverpool.

Knattspyrnumennirnir ungu eru báðir leikmenn stórliðsins Liverpool. Guðlaugur Victor var sautján ára þegar hann gekk til liðs við Liverpool frá AGF í Árósum í Danmörku í byrjun árs 2009, en Kristján Gauti lék með FH þar til hann skrifaði undir samning við Liverpool í desember síðastliðnum, þá sextán ára gamall.

Kristján Gauti segir það tvímælalaust hafa haft áhrif á þá ákvörðun að ganga til liðs við Liverpool að fyrir hjá félaginu var annar Íslendingur. „Við þekktumst ekki neitt en Guðlaugur hringdi í mig um leið og hann frétti að ég væri á leiðinni, óskaði mér til hamingju og við kynntumst fljótt mjög vel. Þegar ég kom hingað hafði hann þegar verið hér í heilt ár og hefur því hjálpað mér mjög mikið við að kynnast félaginu og borginni.“

Guðlaugur bætir við að þeir félagar séu miklir vinir og eyði drjúgum tíma saman þrátt fyrir aldursmuninn, en Guðlaugur er tveimur árum eldri en Kristján. „Það er frábært að hafa annan Íslending hjá félaginu, ekki síst vegna þess að mæður okkar beggja búa hérna úti með okkur og líka litla systir mín. Þær ná líka mjög vel saman, þannig að koma Kristjáns hefur í raun hjálpað okkur öllum mikið.“

**Námið heldur manni við efnið**

Eins og áður sagði voru félagarnir mjög ungir þegar þeir fluttust frá Íslandi vegna atvinnu sinnar. Guðlaugur flutti til Árósa strax að loknum 10. bekk grunnskóla, en Kristján Gauti nam við Flensborgarskólann í Hafnarfirði í eitt ár áður en hann flutti til Bítlaborgarinnar. Blaðamanni leikur forvitni á að vita hvernig ungum knattspyrnumönnum gengur að fóta sig í nýju umhverfi og kynnast nýjum siðum fjarri heimahögum.

„Ég var skíthræddur fyrst, en þetta er fljótt að koma,“ segir Guðlaugur og bætir við að Íslendingarnir tveir hafi enn ekki eignast marga vini utan fótboltans. Annað hafi verið uppi á teningnum í Árósum, þar sem Guðlaugur stundaði fullt nám meðfram knattspyrnuæfingum og kynntist því mörgum góðum vinum og tók þátt í félagslífi á vegum skólans.

„Hérna í Liverpool erum við fyrst og fremst fótboltamenn, við æfum eða spilum og förum svo heim að hvíla okkur, og það kemur fyrir að dagarnir séu dálítið lengi að líða. Reyndar stundum við báðir fjarnám við Fjölbrautaskólann í Ármúla, tökum próf á netinu til að safna einingum til stúdentsprófs, og það er fínt. Það er gott að hafa að einhverju að stefna í þessum málum.“

Aðspurður segir Guðlaugur það afar óalgengt að félagar þeirra í fótboltanum stundi nokkurt nám. „Ég er sá eini í varaliðinu sem er að læra eitthvað. Ég get reyndar ekki sagt að mér þyki námið sérstaklega skemmtilegt, en það heldur manni við efnið,“ segir hann og hlær, en móðir Guðlaugs, Ásta Marta Róbertsdóttir, stundar einnig nám við Háskólann í Liverpool þar sem hún leggur stund á markaðsfræði.

Segja má að líf þeirra snúist um fótbolta og fátt annað allan ársins hring, og viðurkennir Kristján Gauti fúslega að þau tímabil komi þegar þeir verði leiðir á íþróttinni. „Það er helst þegar styttist í sumarfrí að við sjáum Ísland og vinina í hillingum, en svo er okkur farið að bráðlanga til að sparka aftur í bolta innan tveggja vikna. Fótboltinn er auðvitað vinnan okkar. Þetta er í blóðinu.“



**Í LIVERPOOL** Guðlaugur Victor og Kristján Gauti við Albert Dock við Mersey-fljótið, þar sem meðal annars má finna eitt af mörgum söfnum í borginni sem tileinkuð eru Bítlunum. Guðlaugur er þó lítið gefinn fyrir Bítlana. „En samt hef ég farið oft á Bítlasafnið, enda er afi minn mikill Bítlamaður og dregur mig á Bítlaslóðir í hvert sinn sem hann kemur í heimsókn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/KJARTAN

**Gerrard og Torres toppmenn**

Báðir segjast þeir Guðlaugur og Kristján kunna vel við sig í Liverpool þótt borgin sé nokkuð ólík því sem þeir hafa vanist hingað til. „Borgin á auðvitað ekkert í Hafnarfjörð, þar sem ég ólst upp,“ segir Kristján, „en stærsti kosturinn er tvímælalaust hversu vinalegt fólkið er. Ég þoli reyndar ekki þennan sérstaka „scouse“-hreim sem íbúar borgarinnar tala með, en Guðlaugur er alveg búinn að ná honum.“

Guðlaugur tekur undir það. „Það er eitthvað með mig og tungumál. Ég er mjög fljótur að tileinka mér mállýskur og slíkt, enda varla annað hægt með alla þessa Liverpool-drengi í kringum sig. Gefum Kristjáni eitt ár í viðbót og þá kemur þetta hjá stráknum.“

Guðlaugur og Kristján búa báðir ásamt fjölskyldum sínum í sömu götunni í nágrenni Sefton Park, stærsta lystigarðsins í Liverpool, þar sem foreldrar Bítilsins Johns Lennon kynntust meðal annars fyrir rúmum sjötíu árum. „Þetta er mjög fínt hverfi með röð bygginga sem fjöldi fótboltamanna býr í,“ segir Kristján og nefna þeir félagar meðal annarra Liverpool-leikmennina Maxi Rodriguez, Milan Jovanovic, Christian Poulsen og Danny Wilson sem næstu nágranna sína.

Guðlaugur hefur æft töluvert með aðalliði félagsins og lék meðal annars með því í æfingaleikjum í Sviss á undirbúningstímabilinu. „Ég er í mjög góðu sambandi við danska varnarmanninn Daniel Agger, enda eigum við tungumálið sameiginlegt, og svo spjalla ég við þessa gæja eins og Gerrard, Torres og Carragher þegar ég hitti þá á Melwood-æfingasvæðinu. Þetta eru allt toppnáungar, bara venjulegir menn eins og aðrir,“ segir Guðlaugur.

Kristján æfir á öðrum stað í borginni en leikmenn aðalliðsins og hefur því lítið haft af hinum heimsfrægu stjörnum að segja hingað til. „Það kemur fyrir að ég, Gerrard og Torres kíkjum saman í bíó, en ekki oft,“ grínast hann og glottir.

> Svo klikkar heldur aldrei að skella smá karókí í gang þegar strákarnir kíkja í heimsókn í einn ískaldan.

**Afi mikill Bítlaaðdáandi**

Hefðbundinn dagur hjá þeim Guðlaugi og Kristjáni einkennist öðru fremur af æfingum eins og áður sagði, en þó finna þeir sér tíma til að gera sér dagamun endrum og eins. Að eigin sögn hefur Kristján mest gaman af því að fara í bíó og kíkja í búðir í hinni risavöxnu Liverpool One-verslunarmiðstöð í hjarta borgarinnar, en Guðlaugur er mikill tónlistaráhugamaður og sækir reglulega tónleika, bæði stóra og litla.

„Nýlega hef ég til dæmis farið á tónleika með Muse og Jay-Z og svo sá ég Backstreet Boys um daginn ásamt mömmu og litlu systur minni. Það var rosalega gaman, enda var ég gríðarlegur aðdáandi þeirrar sveitar á mínum yngri árum. Svo klikkar heldur aldrei að skella smá karókí í gang þegar strákarnir kíkja í heimsókn í einn ískaldan,“ segir Guðlaugur og Kristján bætir við að Guðlaugur hafi mikla hæfileika á sviði söngs. „Hann er alveg ótrúlegur söngvari, sérstaklega í Sing Star,“ segir hann og þeir félagar skella samtímis upp úr.

Guðlaugur segist þó vera heldur lítið gefinn fyrir frægustu tónlistarmenn Liverpool, sjálfa Bítlana. „En samt hef ég farið oft á Bítlasafnið, enda er afi minn mikill Bítlamaður og dregur mig á Bítlaslóðir í hvert sinn sem hann kemur í heimsókn.“

**Draumurinn rættist**

Þegar Guðlaugur Victor skrifaði undir samning hjá Liverpool á sínum tíma vakti það töluverða athygli að hann gekkst fúslega við því að hafa verið harður aðdáandi erkióvinanna í Manchester United alla tíð. Hann segir það hafa breyst eftir komuna til Liverpool.

„Ég er í Liverpool og auðvitað held ég með mínu liði. En samt fylgist ég enn vel með Manchester United og vona að því gangi vel,“ segir Guðlaugur.

Kristján Gauti hefur hins vegar alla tíð fylgt Liverpool að málum og segir Michael Owen, sem nú er leikmaður Manchester United, hafa verið sína helstu hetju á yngri árum. „Svo dýrkaði ég allar þessar stjörnur eins og Robbie Fowler, Steven Gerrard og Danny Murphy. Þetta var aðalliðið og það má segja að draumur minn hafi ræst þegar ég gekk til liðs við Liverpool,“ segir Kristján Gauti að lokum.

## KRISTJÁN GAUTI

### SKORAÐI Í SÍNUM FYRSTA LEIK



Kristján Gauti lék með FH þar til hann gekk til liðs við U-18 ára lið Liverpool í janúar síðastliðnum, en hann er einnig meðlimur U-19 ára landsliðs Íslands. Kristján Gauti hóf dvöl sína hjá Liverpool með glæsibrag þegar hann skoraði sigurmarkið gegn erkifjendunum í Manchester United í sínum fyrsta leik með liðinu. „Þessa stundina er markmiðið hjá mér að komast upp í varaliðið, en ég er ekkert að stressa mig á því strax. Það kemur,“ segir Kristján.

## GUÐLAUGUR VICTOR

### LÉK GEGN SKOTUM



Miðvallarleikmaðurinn Guðlaugur Victor æfði og lék með Fjölni í Grafarvogi þar til hann skipti yfir í Fylki árið 2004 og fór þaðan til AGF í Danmörku sumarið 2007. Hann hóf æfingar með varaliði Liverpool í byrjun árs 2009 og lék meðal annars með meistaraflokki félagsins á undirbúningstímabilinu. Guðlaugur er einnig í U-21 árs landsliði Íslendinga, sem vann það afrek í vikunni að komast í lokakeppni Evrópumótsins, sem haldin verður í Danmörku næsta sumar.

„Ég hef þegar náð mörgum af mínum markmiðum með því að vera í kringum aðallið Liverpool. Mig hungrar þó í meiri aðalliðsbolta og gæti hugsað mér að fara á lán í eitthvert neðrideildarlið til að spila meira,“ segir Guðlaugur Victor.


Vertu í formi
með World Class
á 9 stöðum
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000
NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST
TRX Combó
- Þjálfunarkerfi frá Navy Seals USA sem hefur slegið hressilega í gegn
JumpFit
- Sippubönd og brjáluð brennsla
Súperform
- Fyrir konur og karla sem vilja komast í alvöru form
Átak konur
- Frábær leið til betra lífs
Ropeyoga
- Endurnærandi og sameinar líkama og sál
Peak Pilates
- Steinliggur fyrir þá sem vilja styrkja kvið og bakvöðva
Mömmuleikfimi
- Frábært námskeið þar sem börnin eru með
Fitness box
- Fáðu útrás fyrir krafta þína
CrossFit
- Fyrir þá sem vilja meira en aðrir
- ÖLLUM námskeiðum okkar fylgir 90 mínútna vinnustofa í Dale Carnegie
DALE CARNEGIE ÞJÁLFUN
YFIR 300 OPNIR TÍMAR Í BOÐI
Kviður og bak
- Betra bak og grennra mitti
Fimleikaþrek
- Kraftur, fimi og liðleiki - þorir þú?
Tabata
- Aukin afkastageta og vaxtarmótandi
Hot yoga
- Tímar sem hafa sannarlega slegið í gegn
Hot Vinyasa yoga
- Þessi tími á eftir að slá í gegn
Jóga fyrir hlaupara
- Styrkjandi og mýkjandi jóga fyrir hlaupara
Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík
Spönginni Grafarvogi - Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum Kópavogi
Lágafellslaug Mosfellsbæ - Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði
LAUGAR
World Class ICELAND



1 Ég byrjaði daginn á að skutla stjúpdótturinni í mollið og gaf mér góðar fjörutíu mínútur fyrir akstur sem venjulega tekur korter til að vera alveg örugglega ekki sein. Umferðin í LA er bilun. Hafnarfjarðarleiðin á morgnana á ekki roð í okkur hérna megin!



2 Það er frekar kaldhæðið að ég keyri um á ´87 módeli af Volvo þar sem ég hef gert grín að Volvo-eigendum á Íslandi nánast allt mitt líf, en ég er sjúk í Blondie mína. Er að sjálfsögðu með fínan Íslands límmiða við hliðina á númeraplötunni.



3 Næsta stopp var hið sívinsæla þvottahús en þau eru mjög sterk í menningunni hér. Aftur vísa ég til Skandinavíu með traustan Ikea-poka undir þvottinn!

# Biluð umferð í borg englanna

**Dröfn Ösp Snorradóttir-Rozas**, einnig þekkt sem slúðurfréttamaðurinn DD-Unit, býr í Los Angeles ásamt eiginmanni sínum, stjúpdóttur og kettinum Boba. Hún smellti af nokkrum myndum á nokkuð dæmigerðum degi í heimabæ helstu stjarnanna.

## MYNDBROT ÚR DEGI Fimmtudagurinn 14. október



4 Svo verður maður að fá sér í svanginn og ég hentist upp götuna í hverfinu mínu til að fá mér rækju-taco, sem var ljómandi gott.



5 Hérna er svo eiginmaðurinn, John, ástæðan fyrir því að ég er hérna niðurkomin í Los Angeles. Með okkur er loðsonur minn, kisinn Boba.



6 Glamúr! Svona er ég uppdubbuð í beinni útsendingu í morgunútvarpi Rásar 2 með vikulegan pistil minn. Þetta eyðileggur ákveðinn glamúrsjarma sem slúðurfréttamaður á að búa yfir en ég er bara komin í háttinn með svefngrímu og allt á þessum tíma.


2007-2013

Kynningarfundur á vegum Rannís
þriðjudaginn 19. október
Grand Hótel Reykjavík 9:00-11:00

7. Rannsóknaáætlun ESB

Rannsóknir í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Markmið áætlunarinnar er að auka fjölþjóðlegt rannsóknarsamstarf fyrirtækja og stofnana

Dagskrá

- **Kynning á áætluninni og umsóknarferlinu**
  Barbara Mester, *ESB*
- **Þátttökureynsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands**
  Páll Árnason, *NMÍ*
- **Aðstoð við umsækjendur**
  Þorsteinn Brynjar Björnsson, *Rannís*

Gestum verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8.40.

Aðgangur er ókeypis en þátttakendur eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig á netfangið rannis@rannis.is fyrir hádegi mánudaginn 18. október.

enterprise europe network
Aðstoð til árangurs

SEVENTH FRAMEWORK PROGRAMME

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is


Í ÞÁ TÍÐ...



## Gorbatsjev fær Nóbelinn

**20 ár frá því að Mikhaíl Gorbatsjev hlaut friðarverðlaun Nóbels.**

Fyrir réttum tuttugu árum stóð heimsbyggðin á tímamótum. Berlínarmúrinn var fallinn og kalda stríðið var að líða undir lok og með því riðaði einnig til falls sú skipan alþjóðaasamfélagsins þar sem stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, drottnuðu og höfðu örlög heimsins í sínum höndum allt frá lokum seinni heimsstyrjaldar.

Einn af þeim sem helst má þakka fyrir endalok kalda stríðsins var Mikhail Gorbatsjev, sem hlaut Friðarverðlaun Nóbels fyrir réttum 20 árum.

Í rökstuðningi Nóbelsnefndarinnar sagði að Gorbatsjev hefði lagt sín lóð á vogarskálarnar til að binda enda á fjandskap milli austurs og vesturs. Hann þótti einnig hafa unnið friði mikið gagn með þætti sínum í að vinda ofan af vígbúnaðarkapphlaupi stórveldanna.

Gorbachev sagði í þakkarræðu sinni að hann liti á þessi verðlaun sem viðurkenningu fyrir stefnu sína „perestrojka" og nýja pólitíska sýn.

Þrátt fyrir þessa upphefð var Gorbatsjev ekki þaulsetinn í forsetaembættinu. Honum var velt úr sessi í ágúst 1991, en þó að valdaránstilraunin hafi mistekist, stóð hann á brauðfótum líkt og Sovétríkin sjálf.

Þegar Sovétríkin voru leyst upp í desember sama ár, steig Gorbatsjev til hliðar og Boris Jeltsín tók við stjórnartaumunum.

Gorbatsjev hefur ekki átt afturkvæmt í stjórnmál, en hlýtur góð eftirmæli á spjöldum sögunnar þar sem Nóbelsverðlaunin ber einna hæst.

- þj

ÁR AFTUR Í TÍMANN

10 20 30 40 50

Besta bók Árna Þórarinssonar til þessa!

# Grípandi sakamálasaga úr íslenskum samtíma!




Tilboðið gildir til og með 24.10.10

Það er ekki margt líkt með fátækum bréfbera norðan heiða og auðmanni með milljarðaskuldir á bakinu. Örlög beggja fléttast þó saman við leit Einars blaðamanns að réttlæti ekki síður en forsíðufréttum.

Sjaldan hefur hann tekist á við jafn erfitt sakamál. Ekkert er eins og áður var. Nema kannski það að eins dauði er annars brauð.

„... bókin er lygilega sannsöguleg og endurspeglar meinið í íslensku samfélagi sérstaklega vel... Þetta er frábær bók, besti krimmi sem ég hef lesið í nokkurn tíma."

*Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið*

****
„Vel heppnuð afþreying og voveifleg lýsing á nútíma-samfélagi Íslands."

*Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn*

„Spennandi og afhjúpandi, óhugnanleg og mjög óvænt í lokin."

*Katrín Jakobsdóttir / menntamálaráðherra*

„Klárlega besta bókin hans Árna hingað til."

*Kolbrún Ósk Skaftadóttir / Eymundsson*



Árni Þórarinsson er einn vinsælasti spennusagnahöfundur landsins. Bækur hans um blaðamanninn Einar eru orðnar sjö talsins og var *Tími nornarinnar,* sem kom út 2005, tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

*SG / Mbl*

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**78** **GUÐBERGUR BERGSSON** rithöfundur er 78 ára í dag.

*„Ellin er afar heillandi og áhrif hennar, ef manni tekst að losa sig við rótgróna fordóma gagnvart henni.“*

GRAND
erfidrykkjur
Hlýlegt og gott viðmót á Grand hótel.
Fjölbreyttar veitingar lagaðar á staðnum.
Næg bílastæði og gott aðgengi.
Verið velkomin
Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Rvk.
Sími: 514 8000
www. grand.is
erfidrykkjur@grand.is
Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

## Merkisatburðir

**1612** Eldgos brýst út í Kötlu.

**1793** Marie Antoinette Frakklandsdrottning, eiginkona Loðvíks XVI., er hálshöggvin í kjölfar Frönsku byltingarinnar.

**1902** Í Reykjavík er Landakotsspítali tekinn í notkun, hann var reistur og rekinn af Sankti Jósefssystrum.

**1905** Verzlunarskóli Reykjavíkur, sem seinna var nefndur Verzlunarskóli Íslands, tekur til starfa.

**1923** Walt Disney stofnar Disney-fyrirtækið ásamt bróður sínum Roy.

**1973** Olíukreppa hefst á Vesturlöndum vegna verðsamráðs Samtaka olíuframleiðenda.

**1978** Karol Józef Wojtyła verður páfi sem Jóhannes Páll II.

**ÞETTA GERÐIST:** 16. OKTÓBER 1890

## *Málþráður milli bæjarfélaga*

Magnús Stephensen landshöfðingi opnaði formlega telefónsamband milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar þennan dag, árið 1890. Hann var staddur í endastöð málþráðarins, eins og sumir kölluðu símann þá, Reykjavíkurmegin. Það var í Aðalstræti 3, hjá Helga Jónssyni kaupmanni. Hafnarfjarðarendinn var í verslun Chr. Zimsen, kaupmanns við Reykjavíkurveg, og þar sat Jón Þórarinsson þennan dag og átti samtal við landshöfðingjann. Téður Jón Þórarinsson hafði vakið athygli á menningarlegu gildi talsíma og þýðingu hans fyrir viðskiptalíf í blaðinu Ísafold 19. apríl þetta ár. Stuttu síðar var stofnað hlutafélag um að leggja telefón milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, halda honum við og hagnýta hann. Á þessum tíma var einungis krókóttur götuslóði milli bæjarfélaganna og hesturinn eina farartækið.

Fyrsta daginn sem fónninn var opnaður töluðu fjörutíu manns í hann og eftir fimm daga var tala notenda komin upp í 140. Mikil upphefð þótti að tala í þessa töfravél. *Heimild: Söguþættir símans/Heimir Þorleifsson.*





*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Þorsteinsson**

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði þann 5. október sl. Útför hans fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 19. október nk. kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

| | |
|---|---|
| **Sigurður Haraldsson** | **Jóna Guðjónsdóttir** |
| **Þorsteinn Haraldsson** | **Lára V. Júlíusdóttir** |
| **Ingibjörg Haraldsdóttir** | **Sturla Þorsteinsson** |
| **Ástráður Haraldsson** | **Eyrún Finnbogadóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Frændi okkar*

**Andrés Tómasson**

Hólmgarði 38, Reykjavík

er látinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 18. október kl. 13.00.

**Áslaug Andrésdóttir**
**Kristín Jóhannsdóttir**
**og aðrir ættingjar**


Rúnar Geirmundsson — Sigurður Rúnarsson — Elís Rúnarsson — Þorbergur Þórðarson
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR
Frí áletrun
Fallegir legsteinar á einstöku verði

Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com

**SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR:** HELDUR UPP Á FIMMTUGSAFMÆLIÐ Í DAG

# Úr ullinni í kálið á einni nóttu



**FIMMTUG Í FULLU FJÖRI** „Ég elska að fagna með öðrum en þegar ég sjálf á í hlut liggur við að ég hugsi: Allt í lagi, ég skal vera niðri í eldhúsi!“ segir Sólveig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Mér líður svolítið eins og ég sé að undirbúa fimmtíu ára afmæli móður minnar. Mér fyndist það bara eðlilegt!“ segir Sólveig Eiríksdóttir, sem gjarnan er kennd við Grænan kost en töfrar nú fram heilsurétti á Gló í Listhúsinu Laugardal, þar sem hún heldur fimmtugsafmælisveislu í dag. „Ég ætlaði ekki að halda upp á afmælið,“ segir hún afsakandi. „En maðurinn minn og vinkona voru byrjuð að undirbúa og bjóða þannig að ég kom bara inn í ferlið. Ég elska að fagna með öðrum en þegar ég sjálf á í hlut liggur við að ég hugsi: „Allt í lagi, ég skal vera í eldhúsinu. En eflaust hef ég gott af því að skipta aðeins um hlutverk.“

Sólveig er dóttir Eiríks Hjartarsonar, íþrótta- og þýskukennara, og Hildar Karlsdóttur píanókennara, Vesturbæingur í húð og hár en var öll sumur í Kerlingarfjöllum framan af, því faðir hennar var einn þeirra sem stofnuðu skíðaskólann. „Sjálf var hún alltaf ákveðin í að verða handavinnukennari eða leikfimikennari. „Samt fór ég í Samvinnuskólann á Bifröst. Þar kynntist ég fyrsta manninum mínum og fór beint til Danmerkur með honum og bjó þar í sjö ár. Þar lærði ég handavinnukennslu, kynntist jóga og breytti um mataræði. Þarna fór nefnilega frjóofnæmi að herja á mig í fyrsta sinn því þegar voraði heima á Íslandi fór ég beint upp í fjöll.“ Hún kveðst reyndar hafa alist upp við heilsusamlegan lífsstíl hjá foreldrum sínum, sem séu flottar fyrirmyndir. „En áhuginn hjá mér kom ekki fyrr en ég þurfti á honum að halda,“ segir hún.

Í Danmörku vann Sólveig fyrir sér með saumaskap. „Við vorum nokkrar skólasystur sem leigðum húsnæði á St. Peters Stræde og saumuðum föt til að selja. Þar í nágrenninu var lítill heilsuveitingastaður sem ég varð ástfangin af og þegar ég síðar opnaði Grænan kost með Hjördísi Gísladóttur, vinkonu minni, þá var hann fyrirmyndin.“

Er Sólveig flutti til Íslands eftir útivistina byrjaði hún að vinna hjá Dóru Einarsdóttur fatahönnuði. „Ég var til dæmis með í að sauma fyrstu Eurovision-búninganna,“ rifjar hún upp. „Það var skemmtilegt að vinna hjá Dóru, hún var skapandi og dálítið á undan sinni samtíð.“

Í framhaldinu fór Sólveig í Myndlista- og handíðaskólann og útskrifaðist sem textílhönnuður. Eitt af því sem fáir vita um hana er að hún vann hönnunarkeppni hér á landi árið 1991, svokallaða Smirnoff-keppni, og var fulltrúi Íslands í keppni milli tugþúsunda hönnunarnema. „Búningaskúlptúrar sem ég bjó til úr Álafossull og silkiprenti vöktu mikla athygli og ég endaði í þriðja sæti, fékk heljarinnar viðtal á MTV og í fjölda erlendra blaða en hér heima var prentaraverkfall þannig að ekki kom stafur um keppnina. Áður en ég fór bauð Stöð 2 mér reyndar í viðtal en ég var svo upptekin og stressuð að ég neitaði.“

Lokaverkefni Sólveigar í Myndlista- og handíðaskólanum þótti til þess fallið að fara með það í verksmiðjur Álafoss til frekari vinnslu en þegar að því kom átti verksmiðjan í rekstrarerfiðleikum. „Á þessum tíma var ég að vinna í grænmetisstaðnum Á næstu grösum með skólanum og þar vantaði kokk í fullt starf. Ég sló til,“ segir hún. „Þannig urðu straumhvörf í lífi mínu nánast á einni nóttu og ég fór úr ullinni í kálið.“

Í framhaldi af þessari kúvendingu stofnaði Sólveig fyrirtækið Grænan kost með Hjördísi og er núna á veitingastaðnum Gló. Hún segir skólalærdóminn hafa nýst henni vel, kennslan hafi komið að notum á matreiðslunámskeiðunum og hönnunin bæði í saumaskap og matreiðslu. „Það var líka gott fyrir mig að hafa viðskiptamenntun í farteskinu þegar ég fór út í rekstur. Einhvern veginn fléttaðist þetta óvart allt saman.“

**gun@frettabladid.is**

# Gjörningahátíð í Hlöðunni

Litla gjörningahátíðin 2010 stendur yfir í Vogum á Vatnsleysuströnd og í dag klukkan 15 flytur aðalgestur hátíðarinnar, Essi Kausalainen, verk sitt í Hlöðunni við Egilsgötu 8. Það nefnist Birds, Insect, Seeds – The Shared Struggle of Existence.

Essi Kausalainen er meðal þekktustu gjörningalistamanna yngri kynslóðarinnar í Finnlandi og hefur tekið þátt í sýningum og hátíðum víða um heim. Fyrr á árinu hélt hún einkasýninguna Performance Portraits í Muu gallery í Helsinki.

Í gær voru Íslendingar atkvæðamiklir á hátíðinni. Nýhilskáld fluttu ljóðagjörninga víðs vegar um bæinn og verkið Bíltúr jeppi í flutningi Áka Ásgeirssonar, Halldórs Úlfarssonar og Páls Ivans Pálssonar var í Hlöðunni í gærkveldi.



Hlaðan er menningarhús í Vogunum. Dagskrá hennar er á www.hladan.org

# KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr!

# EKKI BARA LÁGT VERÐ! HELDUR SVO MIKLU MEIRA . . .



## . . . Komdu í heimsókn og finndu muninn!

Helsta markmið Krónunnar er fyrst og fremst að vera með lágt vöruverð.

En Krónan stendur fyrir svo miklu meira en að vera bara lágvöruverðsverslun. Verslanir Krónunnar eru hannaðar til þess að þér líði sem best við innkaupin, að aðgengi sé gott og að varan sé sem ferskust.

**KRÓNAN**

- Kjötvinnsla á staðnum
- Bakarí á staðnum
- Breiðir gangar
- Ferskt grænmeti og ávextir
- Meira úrval en í hefðbundnum lágvöruverðsverslunum
- Gott aðgengi
- Svona er hægt að halda lengi áfram!

Krónan Árbæ · Krónan Mosó · Krónan Höfða · Krónan Granda · Krónan Akranesi · Krónan Breiðholti · Krónan Lindum · Krónan Vestmannaeyjum · Krónan Reyðarfirði · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Selfossi



**Vilborg Ormsdóttir (Vina)**
frá Borgarnesi,

andaðist á líknardeild Landakotsspítala miðvikudaginn 13. október. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 26. október kl. 11.00.

**Aðstandendur**



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu í veikindum og við andlát ástkærrar dóttur okkar, systur, mágkonu og bestu frænku,*

**Hrafnhildar Hrafnsdóttur**
Bólstaðarhlíð 52, 105 Reykjavík.

Sérstakar þakkir fá starfsfólk Heimahlynningar og Líknardeildar LSH Kópavogi fyrir einstaka umönnun.

**Ingibjörg Ólafsdóttir**
**Hrafn Þórðarson**
**Ólafur Veigar Hrafnsson** **Hilda Hrund Cortes**
**Guðrún Theodóra Hrafnsdóttir** **Benedikt Freyr Jónsson**
**Vilfríður Hrefna Hrafnsdóttir**
**Svava Berglind Hrafnsdóttir** **Davíð Ólafsson**
**Helga Jenny Hrafnsdóttir** **Harpa Fönn Matthíasdóttir**
**systkinabörn og ástvinir.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við útför*

**Rutar Guðmundsdóttur**
Flúðaseli, Flúðum.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans fyrir frábæra umönnun og stuðning.

**Bjarni H. Ansnes**
**Þórunn Ansnes** **Sigurður I. Björnsson**
**Íris B. Ansnes** **Viggó Sigursteinsson**
**Bjarni H. Ansnes**
**Gunnar Sigurðsson**
**Mímir Sigurðsson**



*Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar B. Malmquist**
Skálateigi 1, Akureyri

lést á lyfjadeild FSA 10. okt. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 18. okt. kl. 13.30. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Lyfjadeild FSA.

**Sigurður Malmquist** **Ólöf Magnúsdóttir**
**Selma S. Malmquist** **Logi Geir Harðarson**
**Ingibjörg Ragna Malmquist**
**Magnús Már Sigurðarson**
**Ólöf Maren Bjarnadóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**NÝ SÝN** Sýningin Flushed verður opnuð í Norræna húsinu í dag.

# Ný sýn á vatnslitamiðilinn

Ungir íslenskir myndlistarmenn opna sýninguna Flushed á efri hæð Norræna hússins í dag. Með sýningunni er leitast við að varpa nýju ljósi á vatnslitamiðilinn og er hún í samræðu við norrænu vatnslitasýninguna Nordisk Akvarell, sem verður á sama tíma á neðri hæð hússins.

Á sýningunni Flushed nýta listamennirnir allir eiginleika vatnslitamiðilsins á einn eða annan hátt og mynda þannig mótvægi við aðferðir hefðbundnari vatnslitamálara.

Sýningin verður opnuð eins og áður sagði í dag klukkan fjögur og stendur til 28. október. **- jbá**

# Prjónakvöld í Bústaðakirkju

Nú í haust verða nokkur prjónakvöld haldin í Bústaðakirkju þar sem áhugasamir prjónarar geta hist og átt notalega stund með öðrum prjónurum og þegið kvöldhressingu í umsjón Kvenfélags Bústaðakirkju.

Ætlunin er að prjónarar hittist þriðja mánudag í hverjum mánuði klukkan 20 og munu gestir koma í heimsókn með kynningar og verða vinningar dregnir út. Allir prjónarar eru velkomnir en prjónakvöldið næstkomandi mánudag, 18. október, er annað prjónakvöldið sem haldið er í vetur. **- jma**



**PRJÓNAKVÖLD Í VETUR** Allir prjónarar eru velkomnir á prjónakvöld sem haldin verða þriðja mánudag hvers mánaðar í vetur í Bústaðakirkju.



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð við fráfall*

**Kristins Kristmundssonar**
fv. skólameistara

og vottuðu honum virðingu á margvíslegan hátt. Sérstakar þakkir til Skálholtsstaðar, hátíðarkórs Bláskógabyggðar og annars tónlistarfólks, Menntaskólans að Laugarvatni og nemenda hans, Kvenfélags Laugdæla og ótal annarra.

Guð blessi ykkur öll og störf ykkar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Rannveig Pálsdóttir.**



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim, sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Árna Sigursteinssonar**
Strikinu 8, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjartadeildar Landspítalans v. Hringbraut fyrir ómetanlega hjálp í veikindum hans.

**Ólöf Elíasdóttir**
**Eyþór Árnason** **Sigurbjörg Einarsdóttir**
**Hafþór Árnason** **Jónína Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem hafa sýnt okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móðursystur okkar og mágkonu,*

**Unu Þorgilsdóttur**
Ólafsbraut 62, Ólafsvík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki St. Franciskusspítalans í Stykkishólmi fyrir einstaka hlýju og umhyggju.

**Ólafur Sveinsson, Kristlaug Sigríður Sveinsdóttir, Sveinn B. Ólafsson.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma, systir og frænka,*

**Auður Árnadóttir**
kaupmaður í verzluninni Emblu Hafnarfirði,

andaðist á St. Jósefsspítala miðvikudaginn 13. október. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 20. október kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Hermann Þórðarson**
**Sigríður Hermannsdóttir** **Pálmar Kristmundsson**
**Hlín Hermannsdóttir**
**Árni Hermannsson** **Guðríður Rail**
**og aðrir vandamenn.**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hermanns Ólafssonar.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild 2B, Hrafnistu Hafnarfirði, fyrir frábæra umönnun, ljúft viðmót og hlýju.

**Sigríður Samsonardóttir**
**Halldóra Hermannsdóttir** **Ásmundur Jónasson**
**Aðalheiður Hermannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Marta Sonja Magnúsdóttir**
síðast til heimilis að Austurbrún 6,

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 13. október. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 22. október kl. 13.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

# Panasonic ideas for life — TOPPTILBOÐ




**Panasonic TXP42G20**
42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari, kortalesara, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 319.990




**Panasonic TXL32C20**
32" LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, Vreal 4, 40.000:1skerpu, 24p Playback, Progressive Scan, Intelligent Scene Controller 3D, Colour Management Sub-Pixel Control, VIERA Link, stafrænum DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI tengi ofl.

**TILBOÐ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




**Panasonic TXP42C2**
42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal 4, 100Hz, 24p, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, x.v Colour 3D Colour management, Motion Pattern, Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, stafr. háskerpu HDTV DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ 124.990**
FULLT VERÐ kr. 179.990




**Panasonic TXP42S20**
42" Full HD 1080p Plasma sjónvarp með 1920x1080P upplausn, Vreal Pro4 Engine, 24p Playback Plus/Playback, 2.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), kortalesara ofl.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 229.990




**Panasonic TXP46G20**
42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x 1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2 x USB fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 329.990**
FULLT VERÐ kr. 369.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# KRÓNAN

nýtt kortatímabil



Ódýrt

1149 kr. kg

Lambalæri af nýslátruðu



40% afsláttur

1379 kr. kg

Verð áður 2298 kr.

Grísalundir

# EKKI BARA LÁGT VERÐ! HELDUR SVO MIKLU MEIRA



598 kr. pk.

Grillborgarar; 4 borgarar og 4 brauð



948 kr. kg

Bautabúrs ungnautahakk



398 kr. stk.

Pizza, pepperoni, skinka og margarita

## 50% afsláttur af heilsunammi á laugardaginn!



115 kr. kg

Verð áður 229 kr.

Perur



199 kr. kg

Verð áður 399 kr.

Nektarínur



95 kr. pk.

Verð áður 189 kr.

Fljótshóla gulrætur, 600 g

KRÓNAN

Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Granda
alla daga 10-19

Krónan Hvaleyrarbraut
alla daga 11-21




Krónan Höfða
virka daga 11-19
lau. 10-19 sun. 11-19

Krónan Lindum
alla daga 10-20

Krónan Mosfellsbæ
alla daga 10-20

Krónan Reyðarfirði
mán.-fim. 11-18
fös. 11-19
lau. 11-17 sun.12-16

Krónan Reykjavíkurvegi
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Selfossi
virka daga 10-20
helgar 10-19

Krónan Vestmannaeyjum
virka daga 11-19
lau. 11-18 sun. 11-16

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** þreyta, **6.** kusk, **8.** röð, **9.** atvikast, **11.** tveir eins, **12.** sjúga, **14.** sáldur, **16.** tveir eins, **17.** hylur, **18.** drulla, **20.** sjó, **21.** murra.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fyrst fædd, **3.** rún, **4.** planta, **5.** máttur, **7.** galli, **10.** skammstöfun, **13.** samræða, **15.** hvæs, **16.** efni, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lýja, **6.** ló, **8.** róf, **9.** ske, **11.** ll, **12.** totta, **14.** svarf, **16.** tt, **17.** lón, **18.** aur, **20.** sæ, **21.** urra.
**LÓÐRÉTT: 1.** elst, **3.** ýr, **4.** jólarós, **5.** afl, **7.** ókostur, **10.** etv, **13.** tal, **15.** fnæs, **16.** tau, **19.** rr.












# Hvatt til dáða

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar

**Viðbrögð við miður æskilegri og óþægilega sýnilegri nýbreytni í íslenskri stjórnmálaflóru 4. október 2010.**



Landið út við ysta sæ
oft er súrt að gista,
en bölvað ástand bætir æ
að berja nýnasista.

Unun veitir, ætla ég,
sem alldjúpt muni rista
og fráleitt vera leiðinleg,
að lemja nýnasista.

Svona lagað svínarí
er svívirða að vista.
Byrjum þegar bernsku í
að banka nýnasista

Hýða má og hæða hvasst,
höggva í spað og kvista,
bæði klípa, bíta fast
og buffa nýnasista.

Allir þeir sem yndi sjá
í ýmsum fögrum listum
láti ekki líða hjá
að lumbra á nýnasistum.

Íslendingur, af þér slen
ættir þú að hrista.
Engin list er ljúfari en
að lemstra nýnasista.

Frá því merlar morgundögg
uns myrkva fer og frysta
látum dynja hnefahögg
á hausum nýnasista.

Svo við getum sofið rótt,
sæl við höfum ysta,
verum dugleg dag og nótt
að dangla í nýnasista

Í víti senda vonda skal
veginn allra stysta.
Ég mana því hvern mætan hal
að mauka nýnasista.

Þar til bera burtu þarf
bjánana í kistum,
það sé landans líf og starf
að lúskra á nýnasistum.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






HVAÐ ERT ÞÚ AÐ FÁ **FYRIR PENINGINN?**

**10** KLST.* AF SJÓNVARPSEFNI HJÁ RÚV

EÐA

**12** KLST.* AF SJÓNVARPSEFNI HJÁ SKJÁ EINUM

EÐA

**56** KLST.* 2 | 2 BÍÓ | 2 EXTRA — AF FRÁBÆRRI SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

*Sýningartími að meðaltali á sólarhring.

**Stöð 2 , Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!**

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**LILJA Í ÚTRÁS** Þýski útgáfurisinn Rowohlt ætlar að gefa út bókina Spor eftir Lilju Sigurðardóttur á næsta ári. Lilja bar sigur úr býtum í keppni Bjarts um hinn íslenska Dan Brown og kynning á bókinni, sem kom út fyrir síðustu jól, á bókamessunni í Frankfurt gekk vonum framar. Von er á nýrri bók eftir Lilju í haust, sem ber titilinn Fyrirgefning.

# Þróunarlandið Ísland til sýnis í Svíþjóð

**„Þróunarland á Norðurlöndum? Íslensk list á krepputímum“ er yfirskriftin á sýningu á verkum tíu íslenskra myndlistarmanna, sem verður opnuð í Östersund í Svíþjóð í dag.**

„Efnahagshrunið á Íslandi vakti sáralitla athygli í Svíþjóð á sínum tíma,“ segir Jonatan Habib Engqvist, sýningarstjóri sýningarinnar um tilurð hennar. „Hér voru allir bara að spá í Eystrasaltslöndunum, þar sem peningarnir okkar voru. En mér fannst það engu síður merkilegt, bæði í ljósi hinna norrænu tengsla og vegna þess að Ísland var fyrsti dómínókubburinn til að falla.“

Í kjölfarið vaknaði sú hugmynd að gera atburðunum á Íslandi skil í gegnum listina.

„Listamenn eru auðvitað ekki fréttamenn í hefðbundnum skilningi,“ segir Jonathan. „En það má kannski segja að þeir greini frá hinu mannlega hlutskipti og geta þannig sett hlutina í nýtt og víðara samhengi.“

Listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru: Erla S. Haraldsdóttir, Gjörningaklúbburinn (The Icelandic Love Corporation), Ragnar Kjartansson, Hildur Margrétardóttir, Bjargey Ólafsdóttir, Högni Ingvar Ragnarsson, Rúrí, Magnús Sigurðarson, Hreinn J. Stephensen og Pétur Thomsen.

Á sýningunni verða meðal annars vídeóverk, ljósmyndir, teikningar, málverk, skúlptúrar og innsetningar. Elsta verkið er gullbíll Rúríar frá 1974 en nýjustu verkin voru búin til gagngert fyrir sýninguna. En hvernig getur 30 ára myndlist fjallað um lífið eftir hrun á Íslandi?

„Það kann að koma einhverjum spánskt fyrir sjónir,“ segir Jonathan og hlær. „En markmiðið var ekki að gera yfirlitssýningu yfir íslenska myndlist eftir hrun, heldur sýna verk sem bjóða upp á tengingu við kreppuástandið. Gullbíllinn hennar Rúríar er til dæmis frá 1974, þegar það var líka kreppa. Sum verkanna eru líka þess eðlis að maður sér þau í öðru og nýju samhengi eftir hrun; þau öðlast beinlínis nýja vídd.“

Jonathan segir að yfirskrift sýningarinnar: „Þróunarland á Norðurlöndum?“ sé kaldhæðnisleg skírskotun í ástandið á Íslandi en jafnframt leit að nýju hugtaki sem fangi neyðarástandið sem myndast þegar þróað iðnríki fer á hausinn eins og það leggur sig.

„Titillinn spratt upp af því að ég var með Bjargeyju Ólafsdóttur, myndlistarmanni í New York, þegar bankarnir hrundu á Íslandi og krónan með. Hún hafði nýlega fengið námsstyrk sem átti að duga henni í fjóra mánuði en eftir hrun kom í ljós að hann myndi ekki duga henni nema í þrjár vikur. Hún hafði á orði í hálfkæringi að hún þyrfti að fara til þróunarlanda í Suður-Ameríku til að læra að lifa af þessu smáræði.

Ég fór að hugsa um þennan brandara og það rann upp fyrir mér að við eigum ekkert hugtak til að lýsa þessu ástandi; við tölum um þróunarlönd og þróuð lönd, en það er ekkert orð til yfir þróað land sem verður hér um bil aftur þróunarland.“

bergsteinn@frettabladid.is



**TVÖ HREIÐUR** Eitt fyrir fugl – annað fyrir mann.
MYND / BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR



**GYLLTI BÍLLINN** Jonatan Habib Engqvist setur upp verk sitt Gyllti Ruris-bíllinn. Verkið er samsett úr nokkrum ljósmyndum af gylltum bíl.
MYND / BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR




# Morgunverður með metsöluhöfundi

Bandaríski metsöluhöfundurinn Scott Belsky er væntanlegur til Íslands og mun halda morgunverðarfund í Salnum 22. október næstkomandi. Belsky hefur rannsakað venjur og vinnubrögð óvenju afkastamikilla einstaklinga og hópa í ýmsum atvinnugreinum en fyrirtæki hans, Behance, vinnur að eflingu og skipulagi hins skapandi heims.

Belsky er sérfræðingur á sviði framkvæmda og framleiðni en hann er þeirrar skoðunar að hæfileikinn til að fylgja skapandi verkefnum til enda sé engum meðfæddur.

Í bók sinni Frá hugmynd til veruleika eru hugmyndir hans og aðferðafræði kynnt en bókin sem kom út í sumar varð metsölubók í Bandaríkjunum. Hún kemur út í íslenskri þýðingu 19. október næstkomandi.



**KLASSÍK Í KIRKJU** Anna Guðný Guðmundsdóttir, Sigrún Eðvaldsdóttir og Guðrún Ingimarsdóttir flytja tónlist í Langholtskirkju annað kvöld.

# Listakonur í Langholtskirkju

Guðrún Ingimarsdóttir, sópran, Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó, og Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla, koma fram á tónleikum Listafélags Langholtskirkju annað kvöld klukkan átta. Á efnisskránni eru verk þar sem þessar góðkunnu listakonur koma fram allar saman eða tvær og tvær.

Verkin sem verða flutt eru eftir Bach, Händel, Holst, Villa-Lobos, Mozart, Corelli og Tsjaíkovskí.

Listakonurnar hafa um árabil verið í fremstu röð íslenskra tónlistarmanna og hafa starfað saman við ýmis tækifæri.

Þess má geta að Guðrún kemur nú fram í Reykjavík eftir langa dvöl erlendis við góðan orðstír. Hún hefur tekið þátt í fjölmörgum óperuuppfærslum í Þýskalandi, Sviss og Englandi og meðal annars sungið Næturdrottninguna í Töfraflautunni og Adele í Leðurblökunni. Auk þess hefur flutningur kirkjutónlistar og óperettutónlistar verið veigamikill í starfi hennar í Þýskalandi og víðar.


ZIK ZAK OG VESTURPORT KYNNA
★★★★★
Með því stórbrotnasta sem sést hefur.
- DV, J.V.J.
★★★★
„fallegt, fyndið og harmrænt“
- Fréttatíminn, Þ.Þ.
★★★★
Allir í gallana!
- Fréttablaðið, H.V.A.
HAFIÐ GEFUR...
HAFIÐ TEKUR...
★★★★
Stórkostlegt listaverk!
Pressan K.I.
BRIM
INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARÐARSSON
ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON
VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
ZIK ZAK KVIKMYNDIR OG VESTURPORT KIDFILM KVIKMYNDAMIDSTOD ISLANDS POLISH FILM INSTITUTE & NORDISK FILM OG TV FOND „BRIM“
INGVAR E. SIGURDSSON NINA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ORN GARDARSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON VIKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
BÖRKUR JÓNSSON G. MAGNI ÁGÚSTSSON VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR & EVA LIND HÖSKULDSDÓTTIR INGVAR LUNDBERG & KJARTAN KJARTANSSON MARGRÉT EINARSDÓTTIR ÁSTA HAFÞÓRSDÓTTIR SLOWBLOW
OTTÓ G. BORG ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON INGVAR E. SIGURDSSON NINA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ORN GARDARSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON VIKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
JÓN ATLA JÓNASON ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON SKÚLI FR. MALMQUIST GRÍMAR JÓNSSON & VESTURPORT ÁRNI ÓLAFUR ÁSGEIRSSON
SMÁRA BÍÓ
NÚ Í BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ

Eyrarrósin

# Auglýst eftir umsóknum um Eyrarrósina

**UMSÓKNUM SKAL FYLGJA:**

**Lýsing á verkefninu**
Lögð skal fram greinargóð lýsing á verkefninu; umfangi þess, sögu og markmiðum.

**Tíma- og verkáætlun**
Gera skal grein fyrir stöðu og áætlaðri framvindu verkefnisins og áformum á árinu 2011. Skilyrði er að verkefninu hafi nú þegar verið hleypt af stokkunum.

**Upplýsingar um aðstandendur**
Lagðar skulu fram ítarlegar upplýsingar um helstu aðila sem að verkefninu standa og grein gerð fyrir þeirra þætti í því.

**Fjárhagsáætlun**
Tilgreina skal tekjur og gjöld verkefnisins á þessu ári. Uppgjör ársins 2009 fylgi umsókn.

- Ef umsókn fylgja ekki ofangreindar upplýsingar verður hún ekki tekin til greina
- Umsækjendur geta verið m.a. stofnun, safn, tímabundið verkefni eða menningarhátíð
- Úthlutunarnefnd tilnefnir þrjú verkefni úr hópi umsækjenda um Eyrarrósina 2011
- Eitt þeirra hlýtur viðurkenninguna, 1.500.000 kr. og verðlaunagrip til eignar
- Viðurkenningin verður veitt í ársbyrjun 2011 á Bessastöðum
- Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú
- Umsóknarfrestur er til **15. nóvember 2010** og verður öllum umsóknum svarað
- Umsóknir skal senda til Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík, merktar „Eyrarrósin“

Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands standa saman að Eyrarrósinni, viðurkenningu sem veitt er árlega einu afburða menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar á landsbyggðinni.

Verðlaunahafar Eyrarrósarinnar frá upphafi eru:
2005 Þjóðlagahátíðin á Siglufirði
2006 LungA, Listahátíð ungs fólks á Austurlandi
2007 Strandagaldur á Hólmavík
2008 Aldrei fór ég suður, rokkhátíð alþýðunnar á Ísafirði
2009 Landnámssetur Íslands, Borgarnesi
2010 Bræðslan á Borgarfirði eystra

Nánari upplýsingar fást hjá
Listahátíð í Reykjavík
í síma 561 2444, artfest@artfest.is
www.listahatid.is

Listahátíð í Reykjavík
Reykjavík Arts Festival
Byggðastofnun
FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Mannlífsklaki Peðsins

**Leikfélagið Peðið sýnir nú í dag og á morgun, sunnudag, kl. 16 leikritið Sögur af mannlífsklakanum eftir Jón Benjamín Einarsson í leikstjórn Björns Gunnlaugssonar með tónlist eftir Magnús R. Einarsson.**

**Sögur af mannlífsklakanum eru þrjú samtalsverk úr hversdagsleikanum. Þau fjalla í léttum dúr um samskipti fólks á okkar tímum óháð hruni og myntkörfulánum.**

**Orðið Mannlífsklaki er fengið að láni frá Jóhannesi Birkiland, sem átti á sínum tíma í brösum með samferðamenn sína.**

**Bækistöðvar Peðsins voru áður á Grand rokk en nú sýnir það á Gallery bar 46 á Hverfisgötu 46. Miða á leikritið er hægt að panta í síma 561 0700.**

TJARNARBÍÓ
Sjálfstæðu leikhúsin
FIM. FÖST. LAUG. Iceland Airwaves
Iceland Airwaves '10
Nánar á www.icelandairwaves.is
FIM. Silesian/ÍD
Colorblind/Singletrack
Nánar á www.tjarnarbio.is
LAUG. „Allt fyrir mixið“
Dj-græjukynning
RVK Underground
Nánar á www.tjarnarbio.is
SUN. Tónleikar:
Hrólfur Jónsson
Nánar á www.tjarnarbio.is
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.midi.is
KAFFIHÚSIÐ MAJONES
opið alla daga frá kl. 8-23

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 16. október

**→ Tónleikar**

**13.00** Í **Norræna Húsinu** koma fram hljómsveitirnar My Bubba and Mi, Nive Nilsen, Zach & Foes og Útidúr í samstarfi við **Iceland Airwaves**. Tónleikarnir standa frá 13- 17. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Í **Bókabúð Máls og menningar** verða tónleikar í samstarfi við **Iceland Airwaves**. Fram koma hljómsveitirnar Of Monsters & Men, Klassart, Save Public, Prins Póló og Angel Deradoorian. Tónleikarnir standa frá 15 til 20.

**20.00** **Páll Rósinkranz** verður með tónleika í Salnum, Kópavogi í kvöld undir yfirskriftinni Brot af því besta í bland við nýtt efni. Aðgangseyrir er 3.500 krónur.

**22.00** Hljómsveitin **Nýdönsk** tekur fyrir allt það besta frá sínum ferli á Græna Hattinum á Akureyri í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22.00 og er forsala á tónleikana í Eymundsson.

**22.00** **Lame Dudes** halda tónleika á **Kryddlegnum hjörtum** í kvöld kl. 22.00 undir yfirskriftinni „A Lame Tribute to J. J. Cale”. Á tónleikunum verður safnað fjárframlögum fyrir „Konur og krabbamein”.

**→ Opnanir**

**16.00** Sýning **Piu Rakelar Sverrisdóttur** GRAPHIC LANDSCAPES verður opnuð í **Listasal Mosfellsbæjar** í dag kl. 16 til 19, en sýningin stendur til 6. nóvember. Aðgangur ókeypis.

**→ Sýningar**

**11.00** **Hundaræktunarfélagið REX** heldur um helgina árlega haustsýningu í Reiðhöll Gust við **Álalind** í Kópavogi. Dagskrá stendur yfir frá 11-17.00 báða dagana.

**→ Námskeið**

**17.15** Námskeið verður haldið í framsögn – leikrænni tjáningu á vegum **Félags eldri borgara í Reykjavík**. Það mun verða á þriðjudögum kl. 17.15-18.30 og hefst 19. október. Skráning er hafin á skrifstofu félagsins, s. 588-2111.

**Kínó klúbburinn** og **Listasafn Reykjavíkur** bjóða upp á námskeið í gerð kvikmynda án notkunar myndavélar fyrir börn á aldrinum 8-15 ára. Námskeiðið er ókeypis.

**→ Leikrit**

**12.30** **Þórunn Erna Clausen** sýnir brot úr einleiknum Ferðasaga Guðríðar í leikstjórn **Maríu Ellingsen** á Kjarvalsstöðum í dag kl. 12.30. Sýningin er hluti af dagskrá samvinnuverkefnis Safnaskotta og Listasafns Reykjavíkur. Ókeypis aðgangur.

**14.00** Í tilefni af 20 ára afmæli sínu býður **Möguleikhúsið** til afmælisfagnaðar fyrir alla fjölskylduna í Gerðubergi í dag kl. 14.00. Aðgangur er ókeypis.

**→ Leiðsögn**

**14.00** Myndlistarkonan **Aðalbjörg Þórðardóttir/Abba** verður með leiðsögn um sýningu sína Hugarflug um helgina. Sýningin er í Reykjavík Art gallerí, að Skúlagötu 30. Leiðsögnin hefst kl. 14 bæði laugardag og sunnudag.

**→ Útivist**

**10.15** Hjólreiðaferð verður farin frá Hlemmi á vegum **LHM.is**. Lagt er af stað kl. 10.15 og hjólað í 1-2 tíma um borgina. Allir eru velkomnir og þátttaka ókeypis.

### Sunnudagur 17. október

**→ Hátíðir**

**13.30** **Menningarhátíð barna** verður haldin hátíðleg í Hofi á Akureyri undir yfirskriftinni Börn fyrir börn. Aðgangur að hátíðinni er ókeypis og hefst hún kl. 13.30.

**→ Opið Hús**

**14.00** Í dag, sunnudag á milli kl. 14-16 verður sungið og kveðið í kaffihúsi **Gerðubergs**. Að þessu sinni er þemað álfar, tröll og vættir. Ókeypis aðgangur.

**→ Kvikmyndir**

**14.00** Í **Norræna húsinu** verður sýnd heimildarmyndin Hærra ég og þú eftir Bjarna Grímsson um hljómsveitina Hjálma. Sýningin er í samstarfi við **Iceland Airwaves**. Aðgangur ókeypis.

**→ Dansleikir**

**20.00** Dansleikur **Félags eldri borgara** í Reykjavík og nágrenni verður að Stangarhyl 4, sunnudagskvöld kl. 20.00 - 23.00. **Danshljómsveitin Klassík** leikur danslög við allra hæfi.

**→ Leiðsögn**

**14.00** Í dag kl. 14 verður farið í fjölskylduleiðangur um sýninguna **Að elta fólk og drekka mjólk** í Hafnarborg. Aðgangur ókeypis.

**14.00** **Árdís Olgeirsdóttir** sýningarstjóri verður með **leiðsögn** í Hönnunarsafni Íslands kl. 14 í dag, en á sýningunni eru hlutir eftir Siggu Heimis.

**14.00** Ólafur Ingi Jónsson forvörður fjallar um efni og gerð nokkurra valinna listaverka á sýningunni **Áfangar, verk úr safneign** sem nú stendur yfir í **Listasafni Íslands** við Fríkirkjuveg. Leiðsögn hefst kl. 14.00.

**15.00** Hildur Hákonardóttir tekur þátt í leiðsögn um sýninguna **Með viljann að vopni** kl. 15.00. Aðgangur er ókeypis.

**→ Samkoma**

**14.00** **Félagsvist** er haldin í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14 og hefst kl. 14.00.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# LAGER TIL SÖLU

Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans, auglýsa til sölu lager með eftirfarandi vöruflokkum:

**Hestavara, ýmislegt fyrir hesta og hestamenn**
**Gjafavara, smávarningur úr gjafavöruverslun**

Vörurnar eru staðsettar að Smiðjuvegi 1, Kópavogi (við miðju norðurhliðar) og verða þar til sýnis þriðjudaginn 19. október 2010, kl. 13-16.

Óskað er eftir staðgreiðslutilboði með virðisaukaskatti sem greiðist við afhendingu.
Tilboðið skal miðast við að ekki fari fram talning við afhendingu.
Tilboð óskast í heilan vöruflokk eða í allan lagerinn í heilu lagi, en vöru- og talningalistar eru ekki til staðar.

Vörurnar eru seldar án ábyrgðar og í því ástandi sem þær eru.

**Tilboðum skal skila inn fyrir kl. 12 fimmtudaginn 21. október til olafur.jonsson@landsbankinn.is.**

Hömlur ehf. áskilja sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

LAUGARDAGINN
16. OKT

5.400 FM
HÚSNÆÐI

GO-KARTBRAUTIN

# Í DAG OPNAR
## STÆRSTA INNANDYRA GO-KART BRAUT
# ÍSLANDSSÖGUNNAR

## Í GAMLA HÉÐINSHÚSINU GARÐABÆ

# S:771-2221 - GOKART.IS



## > DRUKKIN AÐ VENJU

Söngkonan Amy Winehouse mætti drukkin í blaðaviðtal á dögunum. Winehouse var svo drukkin að hún átti erfitt með að skilja spurningarnar sem blaðamaðurinn lagði fyrir hana. Innt eftir því hvort hún væri hamingjusöm svaraði hún: „Hvað meinarðu? Ég er hamingjusöm með þetta salat.“



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Skólakrakkar misstu af Ham

„Þetta var bara hræðilegt,“ segir Elvar Geir Sævarsson úr hljómsveitinni Hellvar.

Fimm krakkar úr efstu bekkjum grunnskóla Reykjanesbæjar ætluðu að fylgjast með rokksveitinni Ham stilla saman strengi sína fyrir tónleika sína á Nasa á fimmtudagskvöld. Krakkarnir, sem eru í rokkáfanga hjá Elvari Geir, höfðu fengið leyfi hjá skipuleggjendum Airwaves til að fylgjast með einni af uppáhaldshljómsveitum sínum. En þegar Ham-liðar þurftu að fresta undirbúningnum um fjóra klukkutíma vegna borgarráðsfundar söngvarans Óttars Proppé urðu krakkarnir, sem höfðu gert sér sérstaka ferð til Reykjavíkur, fyrir miklum vonbrigðum.

„Ég veit að þetta var ákveðið kvöldið áður en ég veit ekki í hverra verkahring var að láta vita af þessu,“ segir Elvar. Hann er sjálfur mikill Ham-aðdáandi og var mættur á tónleika sveitarinnar um kvöldið þrátt fyrir vonbrigðin fyrr um daginn. „Ég var með smá beiskt eftirbragð. Mér fannst þeir skömmustulegir uppi á sviði. Það var eins og þeir hefðu slæma samvisku,“ segir hann í léttum dúr og vill taka skýrt fram að hann og krakkarnir beri engan kala til piltanna í Ham.

Söngvara Ham, Óttari Proppé, þykir þetta mál mjög leiðinlegt og kennir samskiptaleysi hjá skipulagsaðilum hátíðarinnar um. „Ég hef ekki hugmynd um hvar í ferlinu þetta fór úrskeiðis en við viljum endilega bjóða þeim á næsta „sándtékk“, hvenær sem það verður.“ - fb



**ELVAR GEIR SÆVARSSON** Elvar Geir og nemendur hans úr Reykjanesbæ misstu af rokksveitinni Ham.

# Hötuð fyrir megrun

Rokkaradóttirin Kelly Osbourne segist finna fyrir meiri andúð í sinn garð frá kynsystrum eftir að hún grenntist um 22 kíló. Osbourne vill meina að stelpur hafi hætt að finnast hún skemmtileg og líti nú á hana sem keppinaut. „Þær stelpur sem vanalega heilsuðu mér eru hættar því núna,“ segir Osbourne í viðtali við netmiðla vestanhafs.

Osbourne segir jafnframt að sér þyki nýtt útlit sitt ennþá framandi og að hún eigi eftir að venjast því að geta farið í þrönga kjóla án þess að vera á innsoginu.











# Flottir gestir á frumsýningu

**Ný stuttmynd eftir hönnuðinn Ásgrím Má Friðriksson var frumsýnd við mikinn fögnuð í versluninni Kiosk á fimmtudaginn var. Ásgrímur er líklega þekktastur sem fatahönnuður en hann stundar nú nám við Kvikmyndaskóla Íslands. Hann er einnig einn af eigendum verslunarinnar Kiosk sem selur einstaka íslenska hönnun eftir unga og efnilega hönnuði.** - sm



**LEIKSTJÓRINN SÆLL** Ásgrímur Már Friðriksson og Arna Sigrún Haraldsdóttir sæl á frumsýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Eva Gunnbjörnsdóttir og Vala Árnadóttir mættu á sýninguna.



Systurnar Ýr og Erna María Þrastardætur létu sig ekki vanta.



Hönnuðurinn Hlín Reykdal, María Björg Sigurðardóttir og Eygló Lárusdóttir hönnuður voru á meðal gesta.

# Hressileg unglingaskemmtun

Kvikmyndin Órói var frumsýnd á fimmtudagskvöld í Sambíóunum við Álfabakka. Aðstandendur myndarinnar mættu að sjálfsögðu á svæðið og voru í sannkölluðu hátíðarskapi.

Órói þykir vel heppnuð mynd en hún er byggð á unglingabókum Ingibjargar Reynisdóttur. Hún fjallar um hinn sextán ára Gabríel, sem í byrjun myndarinnar er í sumarskóla í Bretlandi og kynnist þar Markúsi. Þar gerast ákveðnir hlutir sem leiða til þess að líf hans breytist. Þegar hann kemur til Íslands þarf hann að horfast í augu við þær breytingar. Með aðalhlutverk fara Atli Óskar Fjalarson, Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm og Haraldur Ari Stefánsson. Leikstjóri er Baldvin Z og er þetta fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd.

*Sjá gagnrýni á síðu 60*



**Á FRUMSÝNINGU** Leikstjórinn Baldvin Z ásamt Kristínu Pétursdóttur, Hreindísi Ylfu Garðarsdóttur Hólm og Vilhelmi Þór Neto. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Sara Jakobsdóttir og Hálfdán Pedersen mættu á frumsýninguna.



Leikkonurnar Ísgerður Gunnarsdóttir og Hreindís Ylfa.



Leikarinn Bergur Þór Ingólfsson ásamt dóttur sinni Urði Bergsdóttur.


KRISTBJÖRG KJELD
HILMIR SNÆR GUÐNASON
GUNNAR EYJÓLFSSON
MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR
Mamma
GÓGÓ
KVIKMYND EFTIR Friðrik Þór Friðriksson
Hin rómaða íslenska kvikmyndaperla Mamma GóGó eftir Friðrik Þór Friðriksson er komin á DVD í verslanir um land!
Tryggið ykkur eintak af þessari einstöku mynd!
sena

## FÓLK Á AIRWAVES



Rokkið var í fyrirrúmi á skemmtistaðnum Nasa á fimmtudagskvöldið. Fjölmiðlamaðurinn **Felix Bergsson** fylgdist með hinum helmingi Popppunkts, Dr. Gunna, stíga á svið með SH Draumi. Felix átti þar í hrókasamræðum við fyrrum þjálfara Vals, Gunnlaug Jónsson.



Fótboltatvíburinn Arnar Gunnlaugsson var einnig á Nasa, rétt eins og borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson, leikstjórinn Gaukur Úlfarsson og sjónvarpskonan fyrrverandi **Nadia Banine**. Rokkararnir Frosti Logason og Valli í Fræbbblunum voru einnig á staðnum, rétt eins og Árni Plúseinn úr FM Belfast og Jónas Sigurðsson.

Haukur Heiðar, söngvari Diktu, heiðraði samkomuna einnig með nærveru sinni. Sömuleiðis voru saman á Nasa söngvarinn Helgi Björnsson, útvarpsmaðurinn fyrrverandi Þorsteinn Hreggviðsson og Jakob Frímann Magnússon.



Á Amsterdam var dansarinn Erna Ómarsdóttir á meðal gesta ásamt meðlimum rokksveitarinnar Reykjavík! Þar voru einnig liðsmenn Mammúts. Í Havarí fyrr um kvöldið spilaði hljómsveitin Retro Stefson og þar sást til hárgreiðslumannsins **Jóns Atla** sýna félaga sínum glænýja plötu með hljómsveit sinni Hairdoctor sem var þar til sölu. - fb



**ROSALEGIR** Bóas og félagar í hljómsveitinni Reykjavík! rokkuðu á Nasa. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


## Bílasalar

**Undirbúningsnámskeið vegna prófs**
til leyfis sölu bifreiða,
verður haldið í Reykjavík
1-17. nóvember 2010,
ef næg þátttaka næst

Umsóknarfrestur er til 28 október 2010.
Nánari upplýsingar og skráning í síma 590 6400
eða ragnar@idan.is og www.bilgrein.is.

**Prófnefnd bifreiðasala**

IÐAN fræðslusetur
Skúlatúni 2 - 105 Reykjavík
www.idan.is - s. 590-6400
IÐAN fræðslusetur





# Og veislan heldur áfram

**Reykjavík!** ★★★
Nasa

### Kraftmikið

Það er aldrei nein lognmolla í kringum strákana í Reykjavík! eins og sannaðist svo rækilega á Nasa. Kraftmikið rokkið var í fyrirrúmi og þó svo að lögin mættu stundum vera meira grípandi virkuðu þau vel ofan í rokkþyrsta áhorfendur. Söngvarinn Bóas var meira úti í áhorfendasalnum en uppi á sviði og æstur múgurinn öskraði með honum og knúsaði við hvert tækifæri. Hápunktur kvöldsins var hið bráðskemmtilega All Those Beautiful Boys af fyrstu plötu Reykjavíkur!, Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol. - fb



**TRAUSTIR** Hrafn og strákarnir í Ensími spiluðu blöndu af nýju og gömlu efni.

**Múgsefjun** ★★
Tjarnarbíó

### Stóðst ekki væntingar

Frumraun Múgsefjunar, Skiptar skoðanir, kom út fyrir tveimur árum og var hún sérlega vel heppnuð. Væntingarnar fyrir þessa tónleika voru því töluverðar en því miður vantaði herslumuninn. Tónleikarnir fóru brösuglega af stað. Tæknileg vandræði gerðu vart við sig hjá bassaleikaranum og einnig virtist stillingin á öðrum gítarnum vera í ólagi. Stemningin í salnum var heldur lítil nema í vinsælasta lagi hljómsveitarinnar, Lauslát. Tónlist Múgsefjunar er skemmtileg en hún náði ekki að njóta sín sem skyldi á þessum tónleikum. - fb

**Stafrænn Hákon** ★★★
Amsterdam

### Flottur endir

Það hefur ýmislegt breyst hjá Stafrænum Hákoni síðustu ár. Fyrir áratug var þetta einsmannssveit en á tónleikunum á Amsterdam voru átta manns. Og þar af fjórir gítarleikarar. Þrátt fyrir mannmergðina var bandið á fremur rólegum nótum og eitt og annað skraut virtist týnast í hljóðkerfi staðarins. Lokalagið var hið stórgóða Val Kilmer og þá, þegar aðeins var hlaðið í gítarana, komst bandið í sannkallaðan fluggír. - hdm

**Ensími** ★★★
Nasa

### Fín frammistaða

Ensími spilaði blöndu af nýjum og eldri lögum á tónleikunum, þar á meðal af væntanlegri plötu sem hefur verið beðið eftir í mörg ár. Eitt lag af annarri plötunni BMX fór í loftið, Tungubrögð, og féll það vel í kramið hjá áhorfendum. Tónleikarnir voru annars fínir en ekkert umfram það. Ensími skilaði sínu prýðilega og spilamennskan var eins og best verður á kosið. Lokalagið Arpeggiator af fyrstu plötunni Kafbátamúsík var kærkomið og myndaðist þá mesta stemningin í salnum. - fb



**ENDURKOMA** Dr. Gunni og félagar voru flottir á Nasa.

**SH Draumur** ★★★★
Nasa

### Algjör draumur

Yngstu áhorfendurnir sem höfðu séð Ensími en yfirgáfu salinn fyrir tónleika SH Draums misstu af miklu. Þéttleikinn var mikill og ekki að sjá að þetta rokktríó hefði ekki spilað saman í sautján ár. Sveitin tók öll sín bestu lög, þar á meðal Öxnadalsheiðin, Grænir frostpinnar og Bensínskrímslið skríður, við góðar undirtektir áhorfenda sem voru flestir að sjá Drauminn í fyrsta sinn á sviði. Sveitin var réttilega klöppuð upp í lokin og flutti meðal annars eitt óútgefið lag sem hitti beint í mark. Frábært kombakk. - fb

**Ham** ★★★★
Nasa

### Alvöru partí

Þungarokkssveitin Ham hefur snúið aftur með reglulegu millibili undanfarin ár. Alltaf er hún í hörkuformi og tónleikarnir á Nasa voru þar engin undantekning. Drungaleg byrjunin var flott og keyrslan hélt áfram allt til enda. Party Town og Animalia voru eftirminnilegust, sérstaklega fyrrnefnda lagið þar sem fúlskeggjuð sveitin náði upp hörku stemningu. Áhorfendur úti á gólfinu voru sem í transi alla tónleikana og hinir alhörðustu svifu yfir skaranum eins og enginn væri morgundagurinn. Ham var klöppuð upp tvisvar en mætti ekki í seinna skiptið, enda búin að skila sínu og rúmlega það. - fb




24 OPIÐ ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 21. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Bjó sig undir hið versta



VILDI DEYJA Cheryl Cole hélt að hún mundi deyja úr malaríu sjúkdómnum sem hún smitaðist af í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

Breska söngkonan Cheryl Cole gerði erfðaskrá þegar hún glímdi við alvarleg veikindi í sumar. Cole greindist með malaríu eftir að það leið yfir hana í myndatöku og segist hún sjálf hafa haldið að hún mundi deyja.

„Mér var svo illt að ég hugsaði að ef ég ætti að deyja vildi ég gera það fljótt,“ sagði Cole í opinskáu viðtali við breska sjónvarpsmanninn Piers Morgan. Ákvað söngkonan því að gera erfðaskrá þar sem hún deildi eigum sínum og auði milli vina og vandamanna.

Í viðtalinu gerir Cole einnig upp hjónabandið við fótboltamanninn Ashley Cole en þau skildu á árinu eftir framhjáhald hans.

# Vináttan brostin



HÆTT AÐ HITTAST Jessica Simpson og Ken Paves hafa ekki átt góða vinastund í langan tíma. NORDICPHOTOS/GETTY

Vinskapurinn milli söngkonunnar Jessicu Simpson og hárgreiðslumannsins Kens Paves hefur runnið sitt skeið ef marka má sögusagnir vestan hafs.

Simpson og Paves voru óaðskiljanleg í langan tíma en hafa ekki talast við frá því að Simpson fann sér kærasta. „Jessica hafði bara tíma fyrir Ken þegar hún var á lausu. Ef hún átti kærasta þá heyrðist ekkert í henni, ekki fyrr en sambandinu lauk,“ var haft eftir sameiginlegum vini þeirra.

Í nýlegu viðtali viðurkenndi Paves að hann væri ekki lengur hárgreiðslumaður Simpson en sagði þau enn vini. „Við Jessica höfum verið vinir í tólf ár og vináttan mun ávallt vera til staðar. Ég hef verið mjög upptekinn og hún sömuleiðis þannig að við höfum lítið sést undanfarið.“

# Partíljón á lausu



COLIN FARRELL

**Leikarinn Colin Farrell er hættur með kærustu sinni og barnsmóður, Alicja Bachleda-Curus. Farrell kynntist Bachleda-Curus fyrir tveimur árum og eiga þau saman eins árs gamlan son. Á hún að hafa fengið nóg þegar henni varð ljóst að leikarinn mundi aldrei festa ráð sitt.**

**Farrell er annálaður kvennamaður og partíljón og virðist það engan endi ætla að taka. Fyrir stuttu sást hann á lífinu með ofurfyrirsætunni Agyness Deyn.**


Árangur fer eftir gæðum

Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream®



Aukið úthald, þrek og betri líðan

Gott fyrir ræktina og mikið álag.

Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blaðgræna eykur súrefnisfluttning i blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu.

Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni. www.celsus.is



SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ



Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!




PAUL POTTS Söngvarinn syngur á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í desember. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ég er þakklátur fyrir að vera þar sem ég er í dag

**Enski tenórinn Paul Potts syngur á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í desember. Potts ræddi við Fréttablaðið um feril sinn, nýja plötu og förina til Íslands.**

„Ég hlakka mikið til að koma til Íslands í desember. Þetta verður í fyrsta sinn sem ég kem þangað og það er alltaf gaman að heimsækja nýja staði,“ segir enski tenórinn Paul Potts sem verður meðal góðra gesta á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar. „En ég býst við að það verði mjög kalt, þannig að ég verð örugglega vel búinn.“

Potts sló í gegn fyrir þremur árum er hann sigraði í raunveruleikaþættinum Britain´s Got Talent. Flutningur hans á laginu Nessun dorma eftir tónskáldið Puccini snerti taugar Simons Cowell og félaganna í dómnefndinni rétt eins og hjá áhorfendum um allan heim. Til marks um það hafa tæplega sjötíu milljónir manna skoðað myndband af frammistöðu hans á Youtube.

Potts býst fastlega við því að syngja Nessun dorma á Íslandi. „Ég syng það á flestum tónleikum en ég reyni að hafa það aðeins öðruvísi í hvert sinn. Ég hef misst töluna á þeim skiptum sem ég hef sungið lagið en það er engu að síður stór ástæða fyrir því að ég er að gera það sem ég geri núna og ég verð ekkert leiður á því að syngja það.“

Potts var áhugasöngvari og seldi farsíma hjá Carphone Warehouse í Wales áður en hann sló í gegn. Núna er hann eftirsóttur söngvari víða um heim og hefur selt tvær fyrstu plötur sínar í milljónum eintaka. Hann er þessa dagana á ferðalagi um heiminn til að kynna sína þriðju plötu, Cinema Paradiso, sem hefur að geyma þekkta kvikmyndatónlist, eða lög á borð við Moon River, Wonderful World og þemalögin úr Godfather-myndunum og Gladiator.

> Það skemmtilegasta er að geta gert það sem ég elska að gera og heimsækja yndislega staði.
>
> PAUL POTTS

Upptökustjóri var Simon Franglen sem hefur starfað við stórmyndirnar Titanic og Avatar. „Það er frábært að vinna með náunga eins og honum og ég er mjög ánægður með þessa plötu,“ segir Potts, sem er sjálfur mikill kvikmyndaáhugamaður. „Það voru kvikmyndir sem vöktu fyrst áhuga minn á sígildri tónlist,“ segir hann og nefnir til sögunnar myndirnar E.T. og Star Wars.

Söngvarinn er afar þakklátur fyrir frama sinn í tónlistarheiminum en viðurkennir að þessi skyndilega frægð sem hann hlaut hafi verið mikil viðbrigði. „Ef þú tekur hlutunum eins og þeir eru og lætur þá ekki hafa áhrif á þig er þetta allt í lagi. Það hefur verið frábært að hitta sumt af því fræga fólki sem ég hef hitt en það skemmtilegasta er að geta gert það sem ég elska að gera og heimsækja yndislega staði,“ segir hann og er sérstaklega hrifinn af ferðalögum sínum til Asíu.

Spurður hvar hafi verið skemmtilegast að syngja segir söngvarinn: „Ég hef verið þess heiðurs aðnjótandi að syngja í óperuhúsinu í Sydney og í Royal Albert Hall. Þetta eru tvö af frægustu tónleikahöllum í heimi og að syngja þar hafa ekki margir tækifæri til að gera. Fólk hefði haldið að ég væri brjálaður ef ég hefði sagt því frá þessu fyrir fjórum árum. Ég hefði aldrei getað ímyndað mér þetta.“

Potts hlustar á alls konar tónlist, ekki bara óperutónlist heldur einnig popp og rokk. Þar eru Genesis, Dire Straits, Queen og Phil Collins í mestu uppáhaldi. Eurovision-söngvararnir Alexander Ryback og Jóhanna Guðrún verða á meðal gesta á jólatónleikunum. Potts segist lítið hafa fylgst með Eurovision-keppninni í gegnum tíðina, enda nýtur keppnin takmarkaðra vinsælda í Bretlandi. „Ég hef kynnst Eurovision töluvert á ferðalögum mínum en því miður er keppnin ekki tekin mjög alvarlega í Bretlandi. Við höfum ekki náð góðum árangri og það er líklega ein af ástæðunum fyrir því að Bretar taka hana ekki alvarlega,“ segir hann.

Potts hélt upp á fertugsafmælið sitt 13. október síðastliðinn en náði ekki að halda upp á það að ráði vegna þess að hann þurfti að mæta í morgunsjónvarp í Þýskalandi daginn eftir. Hvernig líður honum, kominn á fimmtugsaldurinn? „Mér líður eins og ég sé mjög gamall. Þeir segja að lífið byrji þegar maður verður fertugur en ég myndi frekar vilja fara aftur til baka í tímann,“ segir hann og hlær.

freyr@frettabladid.is






## Ævintýrin gerast í Ölpunum!

Við hjá Úrvali Útsýn tökum þessa dagana á móti bókunum hundruða Íslendinga sem stefna á skíðaferðir í vetur. Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að stíga í fyrsta sinn á skíði, finna allir brekkur og bari við sitt hæfi í Ölpunum.

Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur, ítölsk martargerð og sannkölluð “aprés ski” stemning í heilnæmu fjallalofti Alpanna er eitthvað sem allir ættu að upplifa.

**Hafðu samband og kynntu þér úrval skíðaferða hjá Úrvali Útsýn.**

ÚRVAL·ÚTSÝN

**Skíðaáfangastaðir: Madonna Di Gampiglio (Ítalía), Selva Val Gardena (Ítalía), Davos (Sviss)**

Lágmúli 4 108 Reykjavík // sími: 585 4000 // info@uu.is // www.urvalutsyn.is

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu *GLERAUGU SELD SÉR

| | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| SOCIAL NETWORK LÚXUS | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| THE AMERICAN | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| BRIM | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5 - 8 | L |
| PIRANHA 3D | kl. 10.45 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 1 (950 kr.)* - 3.20 - 5.40 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 1 (700 kr.) - 3 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 3 - 6 - 9 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 3 - 6 - 9 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| WALL STREET 2 | kl. 10 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| BRIM | kl. 5.30 | L |
| THE AMERICAN | kl. 10.30 | 14 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 3 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 2 | L |
| DISPICABLE ME 3D | kl. 3.45 | L |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á allar merktar sýningar




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE SOCIAL NETWORK | 5, 7.30 og 10 | 7 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | 1.45(650 kr), 5.45, 8 og 10.20 | 7 |
| THE AMERICAN | 8 og 10.20 | 14 |
| AULINN ÉG 3D | 2(950 kr), 4 og 6 | L |
| AULINN ÉG | 2(650 kr) og 4 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 6 - 8 - 10:40 | 16 |
| THE TOWN | kl. 3 - 8 - 10:40 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | 6 - 8:15 - 10:30 | 7 |
| SOLOMON KANE | kl. 10:20 | 16 |
| SOLOMON KANE | kl. 5:30 | VIP |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8:30 - 10:40 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 2 - 4 | L |
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 | L |
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 2 - 4 | L |
| STEP UP 3 | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 10:10 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 3:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 1:40 - 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FURRY VENGEANCE | kl. 2 - 4 | L |
| ÓRÓI | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 2 - 4 | L |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU




# Tilþrifamikið táningadrama

Bíó ★★★★

**Órói**

Leikstjóri: Baldvin Z.

**Aðalhlutverk:** Atli Óskar Fjalarsson, Hreindís Ylfa Garðarsdóttir Holm, Haraldur Ari Stefánsson, Birna Rún Eiríksdóttir, Elías Kofoed-Hansen, María Birta Bjarnadóttir.

Unglingakvikmyndir eru gerðar með reglulegu millibili á Íslandi með æði misjafnri útkomu og oftar en ekki er gripið til einhverra stórkarlaláta, svæsinna ofbeldis- og kynlífsatriða til að trekkja að í bíó. Sem betur fer voru framleiðendur og leikstjóri hins vegar með báða fætur kyrfilega á jörðinni við gerð kvikmyndarinnar Óróa, þar sem brugðið er upp raunsærri mynd af hópi vina sem eru að slíta barnsskónum og stíga inn í heim hinna fullorðnu.

Aðalsöguhetjan er Gabríel, ósköp venjulegur unglingsstrákur sem kýs frekar að takast á við vandamál vinanna en sín eigin og verður því hálfgerður áhorfandi að eigin lífi og annarra. Í gegnum hann fá áhorfendur að skyggnast inn í heim íslenskra unglinga í Reykjavík samtímans, sem einkennist af sálarflækjum, (flóknum) ástarsamböndum, partístandi og mismunandi fjölskylduaðstæðum.

Órói kemur þessu öllu vel til skila, þökk sé öruggri leikstjórn Baldvins Z, sem jafnframt á heiðurinn að vel skrifuðu handriti ásamt Ingibjörgu Reynisdóttur, höfundi bókanna sem myndin byggir á. Sögum vinanna er haganlega fléttað saman og framvindan svo áreynslulaus og skemmtileg að áhorfandinn gleymir sér í ofurhversdagslegum vandamálum unglinga (og fullorðinna líka), sem sannar kannski enn einu sinni að ekki þarf einhverja furðufugla, gamlar konur með uppstoppaða seli eða álfa út úr hól, til að gera áhugavert bíó.

Samtölin eru sömuleiðis eðlileg og sannfærandi í meðförum vel skipaðs og samstillts leikarahóps, þar sem hinir yngri og óreyndari eiga að öðrum ólöstuðum sérstakt hrós skilið fyrir að glæða persónur sínar lífi og sýna hugrekki með því að takast á við vandmeðferðin málefni.

Þá er óupptalin áferðarfalleg kvikmyndataka, vönduð klipping og hljóðvinnsla, smekklega útfærð sviðsmynd og síðast en ekki síst tónlist, lög valin af kostgæfni úr smiðju íslenskra hljómsveita sem gefa réttan tón, styðja myndefnið og staðsetja myndina betur í samtímanum. Allt saman á þetta sinn þátt í að gera Óróa að ánægjulegri upplifun fyrir unglinga á öllum aldri.

**Roald Eyvindsson**

**Niðurstaða:** Vel heppnuð unglingamynd að mestu leyti, laus við tilgerð og Hollywood-stæla sem einkenna oft íslenskar myndir af þessu sauðahúsi.


















the social network
TheSocialNetwork-Movie.net
2 VIKUR Á TOPPNUM
Í BANDARÍKJUNUM
MYND EFTIR DAVID FINCHER
97% FERSK
RottenTomatoes.com
95/100
MetaCritic.com
★★★★★
Bráðskemmtileg kvikmyndaperla… The Social Network er heillandi, ómenguð snilld í stóru sem smáu, við fáum ekki betri né háspenntari mynd í ár.
S.V. MBL
★★★★★
Brilliant handrit, gallalaus leikur og meistaralega grípandi frásögn…Hún er MEISTARAVERK!
T.V. Kvikmyndir.is
★★★★★
Fincher segir spennandi og áhugaverða sögu beint úr samtímanum með miklum meistaratöktum og ótrúlega þéttur hópur leikara ryður út úr sér drepfyndnum og frábærum texta eins og þau séu öll á amfetamíni.
Þ.Þ. Fréttatíminn
★★★★
Glæsileg mynd og laus við tilgerð
Haukur Viðar Alfreðsson. FBL
★★★★
Ein af myndum ársins.
F.E. Rás 2
Meinfyndin og fáránlega skemmtileg mynd.
Ein besta mynd ársins 2010.
Óskarsverðlaun hljóta að koma til greina.
Frábært handrit, frábærir leikarar og gjörsamlega frábær mynd. Ef þú sérð aðeins eina mynd á árinu verðurðu að sjá þessa.
Heiðar Austmann, FM957
Óskarsverðlaunastöff,
afhverju fæ ég aldrei svona góðar hugmyndir fullur á internetinu?
Ómar, X-IÐ977
Leiksigur hjá Timberlake og félögum. Þrælflott ræma. Mæli með þessari. Frábær innsýn í tækniveröldina sem nú er. Enda stutt síðan þessir atburðir gerðust
Rúnar Róberts, Bylgjan
★★★★★
Frábær mynd í alla staði.
Vildi ekki að hún myndi taka enda
Svali, FM957
★★★★½
The Social Network er frábær mynd sem allir ættu að sjá. Myndin hefur fengið mikla athygli og get ég fullyrt að hún verðskuldar hana alla. Mynd sem þið megið ekki missa af.
Stefan Claessen bíófilman.is
KOMIN Í BÍÓ
SMÁRABÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ
sena



**VALUR OG OLDENBURG** mætast í Evrópukeppni kvenna í tveimur leikjum um helgina. Handknattleiksdeild Vals og Krabbameinsfélagið hafa nú tekið höndum saman til stuðnings árvekniverkefninu Bleiku slaufunni, sem snýr að baráttunni gegn krabbameinum hjá konum. 10 prósent af andvirði hvers miða á leikina renna til Krabbameinsfélagsins. Leikirnir fara fram í Vodafonehöllinni, í dag klukkan 17 og á morgun klukkan 20.

Örvar Þór Kristjánsson tekinn við karlaliði Fjölnis:

# Rosalega spennandi

**KÖRFUBOLTI** Örvar Þór Kristjánsson mun taka við liði Fjölnis í Iceland Express-deild karla af Tómasi Holton en Örvar hefur skrifað undir þriggja ára samning við Grafarvogsliðið.

„Mér fannst vera rétti tíminn núna til að stökkva á þetta og ákvað að henda mér út í alvöruna þegar svona gott tækifæri bauðst,“ segir Örvar sem var við þjálfun í yngri flokkum í Njarðvík. „Ég er búinn að vinna í mörg ár í yngri flokkunum í Njarðvík. Ég fékk Friðrik Ragnarsson til að taka við pjökkunum mínum, ég kem til með að sakna þeirra en skil þá eftir í góðum höndum.“

Í Fjölnisliðinu eru margir lykilmenn yngri landsliða Íslands undanfarin ár. „Þetta er rosalega spennandi lið og það hefur verið unnið gott starf í yngri flokkunum í Grafarvogi í gegnum árin. Maður hefur alveg tekið eftir því í starfinu mínu í yngri flokkum. Þetta er mjög spennandi og krefjandi verkefni. Markmiðssetning og annað kemur bara í ljós en næsta markmið er bara að vinna leikinn á móti Hamri á mánudaginn,“ segir Örvar sem hefur verið í sambandi við fyrirrennara sinn. „Tómas Holtin er mikill heiðursmaður og ég hef fengið að spjalla við hann. Hann er ekkert nema hjálpsemin uppmáluð,“ segir Örvar. Tómas Holton stjórnaði Fjölni í tveimur fyrstu leikjunum en ákvað síðan að hætta með liðið en áður hafði Bárður Eyþórsson einnig hætt óvænt með liðið í sumar.



**ÖRVAR ÞÓR KRISTJÁNSSON** Mættur á fyrstu æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég veit að bæði Bárður Eyþórsson og Tómas Holton eru færir og góðir þjálfarar. Auðvitað er það erfitt fyrir leikmennina að vera að breyta alltaf um þjálfara en þessir hafa skilað þessum strákum miklu. Ég sá það bara á strákunum á æfingu í gær að þeir eru hvergi bangnir. Núna er þetta komið í mínar hendur og það er mitt og strákanna að vinna úr því og við erum bara brattir,“ segir Örvar að lokum. **- óój**



**MIKIL LÆTI** Martin Broughton, stjórnarformaður Liverpool, og nýi eigandinn John W. Henry tala við fjölmiðlamenn. MYND/AP

# Sápuóperan er á enda

**Eigendur bandaríska hafnaboltaliðsins Boston Red Sox eignuðust loksins Liverpool í gær eftir margra daga lagaflækjur í boði gömlu eigendanna. „Við erum hingað komnir til að vinna,“ sagði nýi eigandinn John W. Henry.**

**FÓTBOLTI** Bandaríkjamaðurinn John W. Henry og fjárfestingarhópur hans, New England Sports Ventures, fögnuðu því í gær ásamt stjórnarmönnum Liverpool að enska úrvalsdeildarfélagið væri loksins komið í þeirra hendur. Stjórn Liverpool ákvað að selja Henry félagið fyrir níu dögum en leysa þurfti úr viðamiklum lagaflækjum áður en hægt var að ganga endanlega frá sölunni.

Bandaríkjamennirnir Tom Hicks og George Gillett Jr. gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að koma í veg fyrir söluna og notuðu til þess hvert lögfræðiútspilið á fætur öðru. Það var hins vegar ljóst þegar hæstiréttur í Bretlandi hafnaði lögbannskröfu þeirra hjá dómstól í Texas í Bandaríkjunum að þeir urðu að horfa á eftir félaginu, sem þeir hafa hleypt í gríðarlegar skuldir á þeim þremur árum sem þeir hafa átt það.

„Eins og allir stuðningsmenn Liverpool vita reynir mest á taugarnar að vinna leik í vítaspyrnukeppni. En það er þess virði ef réttu úrslitin nást að lokum. Við höfum náð réttum úrslitum,“ sagði Martin Broughton, stjórnarformaður Liverpool.

„Ég er stoltur og fullur auðmýktar. Okkar bíður mikil vinna en ég get ekki lýst því hversu ánægður ég er að þetta sé loksins, loksins gengið í gegn,“ sagði John W. Henry í gær.

„Við ætlum að hlusta og við vonum að aðgerðir okkar muni tala sínu máli. Við erum hingað komnir til að vinna,“ sagði Henry, sem gat ekki svarað því hvort nýr leikvangur yrði byggður eða ekki en benti á að fáir eigendur eyddu meiru í sitt lið í bandaríska hafnaboltanum en eigendur Boston Red Sox.

### Saga sölunnar á Liverpool

**16. apríl** Hicks og Gillett setja Liverpool í sölu.

**4. október** Liverpool fær tvö góð tilboð frá Bandaríkjunum og Asíu.

**5. október** Hicks og Gillett reyna að koma Purslow og Ayre út úr stjórninni.

**6. október** Stjórn Liverpool ákveður að selja félagið til NESV fyrir 300 milljónir punda.

**8. október** Enska úrvalsdeildin samþykkir yfirtöku NESV.

**13. otkóber** Hæstiréttur í London dæmir söluna löglega.

**13. október** Hicks og Gillett fá lögbann á söluna hjá dómstól í Texas.

**14. október** Hæstiréttur dæmir lögbann Hicks og Gillett ógilt.

**15. október** Hicks og Gillett draga til baka lögbannið í Texas.

**15. október** NESV eignast Liverpool.

Stuðningsmenn, leikmenn og stjóri Liverpool geta nú farið að einbeita sér að fullu að Merseyside-grannaslagnum á móti Everton á Goodison Park á morgun. Liðin eru í 17. og 18. sæti ensku deildarinnar og því er leikurinn upp á líf og dauða fyrir Liverpool-félögin.

„Þetta eru mjög jákvæðar fréttir og þetta er góður dagur fyrir klúbbinn. Það munu allir hjá félaginu bjóða nýja eigendur velkomna,“ sagði Roy Hodgson, stjóri Liverpool. „Þetta er mikill léttir því þetta hafa verið mjög erfiðar vikur,“ bætti Hodgson við.

